

---

# HOLTAVÖRÐUHEIÐARLÍNA 1: FORNLEIFASKRÁNING VEGNA ÚTTEKTAR Á LÍNUKOSTUM 2 - HALLARMÚLALEIÐ

---



**KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR**  
(ritstjóri)

Höfundar efnis: Gylfi Helgason, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir,  
Kristjana Vilhjálmsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson, Orri Vésteinsson,  
Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson

---

Reykjavík 2023  
FS957-21192

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Á forsiðumyndinni er horft til suðvesturs yfir beitarhúsatóft MH-059:021 við Fiskivatn í landi Glitstaða í Norðurárdal. Myndina tók Sólveig Guðmundsdóttir Beck.*

©Fornleifastofnun Íslands 2023  
Bræðraborgarstíg 9  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is  
Heimasíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## **Samantekt**

Eftir að fornleifaúttekt Fornleifastofnunar Íslands vegna lírukosta Holtavörðuheiðarlínu 1 lauk árið 2022 bættist við nýr lírukostur, Hallarmúlaleið. Var áhrifasvæði þeirrar línu tekið út á vettvangi sumarið 2023 og birtist hér sérstök skýrsla um minjar innan þess og áhrif framkvæmda á þær. Við skráninguna var áhrifasvæði lírukostsins gengið skipulega og minjar innan þess skráðar. Heildarlengd lírukostsins er um 34 km og áhrifasvæðið er 300 m á breidd. Hlutar af áhrifasvæðinu höfðu áður verið teknir út í tengslum við aðra lírukosti og í þessum áfanga var því eingöngu tekið út það svæði sem ekki hafði áður verið kannað með tilliti til fornminja. Hönnun vegarslóða lá fyrir áður en farið var á vettvang árið 2023 og þar sem þeir koma til með að liggja út fyrir áhrifasvæði lírukostsins var tekið út 15 m breitt svæði út frá miðlinu þeirra. Eftir að vettvangsvinnu lauk voru gerðar breytingar á fyrirhuguðum vegarslóðum á tveimur stöðum og fimm efnistökusvæðum bætt við.

Á Hallarmúlaleið á Holtavörðuheiðarlínu 1 reyndust alls 94 fornleifar á 86 minjastöðum og birtast upplýsingar um þær í skýrslunni. Aðaláhrifasvæði framkvæmda er skilgreint sem 50 m breitt belti til beggja átta út frá lírukostinum og eru allar fornleifar innan þess svæðis taldar í stórhættu vegna framkvæmdanna. Aðrar fornleifar innan áhrifasvæðis teljast hins vegar í hættu vegna rasks sem getur fylgt stærri framkvæmdum sem þessum. Niðurstaða hættumats var sú að 39 fornleifar eru í stórhættu, 48 fornleifar eru í hættu og sjö fornleifar eru ekki taldar í neinni hættu, oftast vegna þess að öll ummerki um þær voru þegar horfin.

Lagt var mat á möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar með vísan í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar en einnig var lagt mat á minjagildi fornleifanna og settar fram tillögur um mótvægisáðgerðir og vöktun. Aðeins reyndists ein fornleif hafa mjög mikið gildi, 7sjö með mikið gildi, 74 fornleifar með nokkurt gildi og 12 með lítið gildi. Niðurstaða samanburðar á Hallarmúlaleið við samsvarandi hluta Holtavörðuheiðarlínu 1 sem áður höfðu verið teknir út er að Hallarmúlaleið telst betri kostur með tilliti til áhrifa framkvæmdarinnar á fornleifar.

*Efnisorð: Holtavörðuheiðarlína 1, Hallarmúlaleið, Borgarfjörður, Holtavörðuheiði, Verkís, Landsnet, Fornleifastofnun Íslands, fornleifar, fornleifaskráning, umhverfismat.*

## **Summary**

Following an archaeological survey in the fall of 2021 and 2022 in advance of a power line from Hvalfjörður to Holtavörðuheiði in West Iceland, an additional route (Hallarmúlaleið) for parts of the power line was presented. All archaeological remains located within the new assessment area were surveyed. The length of the new assessment area was approximately 34 km and 300 m wide. Further more five possible quarry sites were surveyed and areas outside of the main assessment areas where service roads will be built or rebuilt in connection with the construction.

A total of 94 archaeological remains at 86 sites were registered within the assessment area in the field survey. In this report the main impact area is identified as a 50 m wide area to both sides of the proposed power lines. Archaeological remains found within this area are considered to be at high risk due to the planned construction. Other archaeological remains within the assessment areas are considered to be at some risk due to possible disruption caused by such a large scale construction. In cases where all remains of a known heritage site were gone it was not considered at risk. The conclusion of the risk assessment is that 39 archaeological remains are at high risk due to the construction, while 48 archaeological remains are at some risk and 7 remains were not considered to be at risk.

The possible effect on archaeological remains caused by the construction was evaluated in keeping with the National Planning Agency's guidelines. Additionally, the heritage value of remains was evaluated and countervailing procedures were proposed, as well as monitoring. Out of the sites surveyed, only one archaeological site was found to have great heritage value, with 7 having considerable value, 74 having some value and 12 having little value. In conclusion, the additional route of Hallarmúlaleið proved to be a better choice than the comparable routes previously assessed in regards to the affects on archaeological sites.

*Keywords: Holtavörðuheiðarlína I power line, Hallarmúlaleið, Borgarfjörður, Holtavörðuheiði, Verkís, Landsnet, Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, detailed survey, environmental assessment*

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur.....</b>	<b>7</b>
<b>2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....</b>	<b>9</b>
<b>3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....</b>	<b>11</b>
<b>4. Fornleifaskrá.....</b>	<b>13</b>
BO-159 Heggstaðir.....	13
BO-160 Vatnshamrar.....	14
BO-169 Hvítárvellir.....	18
BO-171 Þingnes.....	20
BO-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Andakílshreppi.....	41
MH-030 Höfði(Karlsbrekka).....	43
MH-032 Arnbjargarlækur.....	45
MH-035 Höll.....	46
MH-056 Hafþórssstaðir.....	50
MH-057 Skarðshamrar.....	53
MH-059 Glitstaðir.....	55
MH-060 Svartgil.....	59
MH-061 Hjarðarholt.....	61
MH-072 Hamraendar.....	64
MH-073 Hofstaðir.....	66
MH-075 Stafholt.....	68
MH-078 Svarfhóll.....	72
MH-621 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Þverárhlíðarhreppi.....	74
MH-631 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Norðurárdalshreppi.....	76
MH-641 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Stafholtstungnahreppi.....	79
<b>5. Niðurstöður.....</b>	<b>83</b>
5.1 Hættumat.....	84
5.2 Forsendur fyrir mati á gildi minja og tillögum að mótvægisáðgerðum.....	84
5.3 Hallarmúlaleið - Andakíll-Grjótháls.....	91
5.4 Samanburður á Hallarmúlaleið og valkostum B og C.....	100
5.5 Námur.....	101
<b>6. Samantekt.....</b>	<b>103</b>
<b>7. Heimildaskrá.....</b>	<b>105</b>
<b>Viðauki I - Minjakort.....</b>	<b>108</b>



## 1. Inngangur

Unnið er að mati á umhverfisáhrifum Holtavörðuheiðarlínu 1 frá tengivirki á Klafastöðum í Hvalfirði að nýju tengivirki á norðanverðri Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér lagningu háspennulínu sem stuðlar að styrkingu flutningskerfis raforku í landinu. Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands frá 2023<sup>1</sup> er fjallað um áhrif framkvæmda vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 en vorið 2023 var nýjum línu kosti bætt við – Hallarmúlaleið. Verkfræðistofan Verkís fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands, fyrir hönd Landsnets, að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa innan þess línu kosts.

Heildarlengd línu kostsins er um 34 km og áhrifasvæðið sem tekið var út var 300 m breitt. Hönnun vegarslóða lá fyrir áður en farið var á vettvang 2023 og þar sem þeir liggja út fyrir áhrifasvæði línu kostsins var tekið út 15 m breitt svæði út frá miðlinu þeirra, samtals 30 m breitt svæði. Enn fremur voru tekin út fimm efnistökusvæði sem kemur til greina að nýta fyrir framkvæmdina. Áhrifasvæði Hallarmúlaleiðar liggur um lönd 25 lögbýla í Borgarbyggð í Borgarfjarðarsýslu og Mýra- og Hnappadalssýslu. Hlutar þess skarast við áhrifasvæði línu kosta sem áður hafa verið teknir út.


Fornleifaskráningin var unnin sumar og haust 2023. Í fornleifaúttekt sem unnin er í tengslum við framkvæmdir á borð við Holtavörðuheiðarlínu 1 er notast við aðferðafræði svokallaðrar deiliskráningar. Í henni felst að gengið er skipulega um öll áhrifasvæði framkvæmda, allar fornleifar innan þeirra hnittsettar og yfirborðsummerki um þær mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Þar sem fornleifaskráning hafði verið unnin áður í tengslum við aðalskipulag eða aðrar framkvæmdir var eldri skráning endurmetin og minjar mældar upp. Í heildina reyndust 119 fornminjar á 108 minjastöðum á áhrifasvæði Hallarmúlaleiðar. Eftir að vettvangsvinnu lauk voru gerðar breytingar á vegarslóðum sem urðu þess valdandi að 25 af þeim fornleifum sem voru skráðar eru ekki lengur innan áhrifasvæðis línu kostsins.<sup>2</sup> Upplýsingar um allar skráðar fornleifar eru birtar í fornleifaskránni en í niðurstöðukafla er aðeins fjallað um fornleifar sem eru við eða innan áhrifasvæðis línu kostsins, alls 94 minjar á 86 minjastöðum. Áður en vettvangsvinna fór fram var rætt við heimildamenn þar sem ekki hafði farið fram aðalskráning minja og allsstaðar látið vita af komu rannsóknaraðila. Er öllu því fólk sem rætt var við þakkað fyrir góðar móttökur og veitta aðstoð.

Um vettvangsvinnu sáu Kristborg Þórssdóttir, Gylfi Björn Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum nema annað sé tekið fram og loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Kristborg Þórssdóttir sá um skýrsluskrif, kortagerð og verkstjórn en Brynja Árnadóttir sá um myndvinnslu.

---

1 Kristborg Þórssdóttir (ritstj.), FS904-21191.

2 Allar minjarnar sem lenda utan áhrifasvæðis Hallarmúlaleiðar eru í landi Þingness, utan einnar sem er í landi Arnbjargarlækjar. Númer þeirra í fornleifaskrá eru þessi: BO-171:001\_01, BO-171:001\_02, BO-171:001\_03, BO-171:004, BO-171:005, BO-171:006, BO-171:007, BO-171:010, BO-171:013, BO-171:014, BO-171:015, BO-171:016, BO-171:017, BO-171:018, BO-171:044, BO-171:055, BO-171:058, BO-171:059, BO-171:060, BO-171:061, BO-171:062, BO-171:063, BO-171:064\_01, BO-171:064\_02, MH-032:022.



Kort sem sýnir staðsetningu og legu Hallarmúlaleiðar.

Uppbygging skýrslunnar er á þann hátt að á eftir inngangskafla er yfirlit um sögu fornleifaskráningar og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands og aðferðafræði. Fjórði kaflinn er efnismestur en í honum er fornleifaskráin þar sem fjallað er um allar minjar sem skráðar voru innan úttektarsvæða. Í fimmta kafla skýrslunnar er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar. Þar er meðal annars lagt mat á gildi minja innan úttektarsvæðisins og fjallað um möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar með vísan í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um efnið. Þá eru áhrif á fornminjar á Hallarmúlaleið borin saman við áhrif á minjar á samsvarandi hlutum Holtavörðuheiðarlínu (B og C) sem ádur höfðu verið teknir út. Einnig eru settar fram tillögur um mótvægisaðgerðir og vöktun þar sem það á við. Umrætt mat á minjagildi og tillögur að mótvægisaðgerðum eru byggðar á álditi sérfræðinga Fornleifastofnunar en Minjastofnun Íslands mun leggja formlegt mat á þessa þætti og úrskurða í kjölfarið um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir. Í sjötta og síðasta kafla eru helstu niðurstöður dregnar saman.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbindingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jöklum, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirkni og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmanvirkjum,

- f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i.** skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (NM, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við eininganúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001 01). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinna, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrfari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danska mælingamanna frá 1904 er sýnt útið í túnaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstaði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstaði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirkum norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skafártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Tóftin er í túnaðri fast suðvestan við Skafártunguveg (208). Túnið er í allmíklum halla til suðvesturs.

Heildarstaðr tóftirinna er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhláði. Það er þríhyrningslag og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurborni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera sam tengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfis norðvestan við hana. Nokkur hólmundun er undir norðvesturhluta tóftirinna og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhættu, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í,  
nánari fersla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornleifar í skýrslum Fornleifastofnunar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða),

mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Langflestir minjar sem skráðar voru innan áhrifasvæðis framkvæmdanna eru skilgreindar í hættu eða stórhættu, eftir því hversu nálægt fyrirhuguðum mannvirkjum þær eru. Þær minjar sem eru innan við 50 m frá mannvirkjum eru í stórhættu og þær minjar sem eru 51-150 m frá mannvirkjum eru í hættu. Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem reyndust innan þess svæðis sem var til rannsóknar og er númeraröðin því ekki samfelld í fornleifaskránni.

### Uppmælingar\_skýringar

○ fornleif	□ þúst	---- óljóst
□ bæjarhóll	- - - dæld	— renna
□ grjót	— kantur	--- náttúrulegt_lína
■ torf	· · · leið	
■ torf og grjót	···· náma	

Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar til glöggvunar með tilliti til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

#### 4. Fornleifaskrá

##### **BO-159 Heggsstaðir**

20 hdr. 1707. JÁM IV, 195. Skv. Egils sögu bjó Heggur á Heggsstöðum faðir Gríms er Egill vó. Heggsstaðir voru þingstaður Andakílshrepps. Heggsstaðanes, sem nú er kallað Hvítárvallakverk, var lagt til Hvítárvalla á 17. öld en við það lækkaði mat jarðarinnar úr 40 hdr í 20 hdr. Heggsstöðum fylgdi engjastykki í Hvanneyrarengjum, Heggsstaðaengi. BB II, 180.

1920:  $56.083 \text{ m}^2 = 17 \frac{1}{2} \text{ dagsl. } 1/17 \text{ þýft. Garðar } 840 \text{ m}^2.$  “Land Heggsstaða nær þvert yfir Heggsstaðaholt og ræmur af undirlendinu báðum megin. Er undirlendið myrlent, en ásarnir klettóttir með móa- og valllendisteygingum og myrasundum á milli.” BB II, 180

**BO-159:009** *Selholt* örnefni sel 371727 456867

“Vestan við [Heggsstaðaflóa] eru holt, sem merkin eru eftir móti Grímastöðum og eru héðan nefnd Selholt. En frá Grímastöðum eru þau nefnd Grímastaðaselholt.” Selholt er all-langt klapparholt sem liggur frá suð-suðvestri til norð-norðausturs. Örnefnið Selholt bendir til þess að sel hafi verið á holtinu eða í næsta nágrenni við það en þrátt fyrir ítarlega leit fundust engar tóftir eða minjar um það á vettvangi. Jómundur Hjörleifsson, heimildamaður, vísaði til þess staðar á holtinu þar sem hann telur selið hafa verið, um 700 m norðvestan við bæ 001.

Selholt er aflangt klettaholt sem liggur frá suð-suðvestri til norð-norðausturs. Það er tiltölulega lítið gróið en umhverfis það er myrlent flatlendi sem hefur verið framræst með skurðum. Austan við Selholt hefur tún verið ræktað upp.

Ekkert sér til minja en mögulegt er að þær séu horfnar vegna jarðvegsrofs sem er víða á holtinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Heggsstaðir, 1

## **BO-160 Vatnshamrar**

24 hdr. 1707. Bænda eign. JÁM IV, 195. Fyrst getið 1237 - Sturl, 390. Jörðin fylgdi Hvanneyri í arfaskiftum [e. 1470] en þá arfleiddi Gunnhildur Vermundardótir á Hvanneyri Brynhildi Árnadóttur Ketilssonar, bróðurdóttur manns síns, Jóns Ketilssonar á Hvanneyri, að Hömrum, 4 kúgildum og hálfu öðru hundraði - DI V, 589. 10.10.1623 selur Árni Gíslason Páli Gíslasyni bróður sínum hálfan garðinn Hvanneyri og jörðina Hamra hjá Hvanneyri, 12 hdr. að dýrleika - Jarðabréf, 27. 23.8.1694 fékk Sigríður Jónsdóttir Hamra í Andakíl, reiknaða sem 10 hdr. í jörðu, í arfaskiptum eftir Jón Vigfússon biskup föður sinn, en bræður hennar Þórður og Magnús fengu Hvanneyri - Jarðabréf, 41.

1920: 45.530 m<sup>2</sup> = 14 dagsl. 1/2 dagsl. þýfð. Garðar 504 m<sup>2</sup>. "Vatnshamrar eiga land í suðvesturhluta holta, sem eru í miðásaröðinni norðaustur eftir Andakíl. Fara holt þessi lækkandi niður að Andakílsá. Eru holtin í meginhluta landsins að sunnan og austan, og eru þar víða melabungur, en myrasund á milli. Norðurhluti landsins er að mestu flatur flói. Vestur frá bænum var dálitið vatn, sem het Vatnshamravatn, en hefur nú verið ræst fram. Austan við vatnið er aflíðandi og allhá brekka vestan í holtunum og klettar efst. Er Vatnshamrabærinn þar á brúninni ... en aðaltunið í brekkunni og niður að vatninu. ... Silungsveiði var dálít í Vatnshamravatni og varp í hólma í því. Þá var silungsveiði í Andakílsá, en nú arður af laxveiði." BB II, 206.

**BO-160:006 Vatnshamraborg sögustaður vígi** 370072 370072

"Sagt er frá því í Sturlungu, að Þorgeir í Görðum var uppi á [Vatnshamraborg] nóttna 19. apríl 1237 með lið sitt. Hefur þótt betra en ekki að hafa þar vígi." segir í örnefnalýsingu. Í Sturlungu segir "[E]n Þorleifur fer upp í hérað með flokkinn og fór um kveldið á borgina hjá Vatnshömrum." Vatnshamraborg er um 990 m sunnan við bæ 001 og 550 m SSA við stekk 009. Sögustaðurinn var upphaflega skráður árið 1999 en aftur var farið á staðinn haustið 2022 og var þá eldri skráning endurskoðuð. Vatnshamraborg er einnig þekktur huldufólksbústaður, sjá 007.

Vatnshamraborg er afgerandi klapparhóll í myrlendi. Ógrónir melar eru næst borginni. Landinu hallar til suðvesturs í átt að Andakílsá.

**Haettumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Vatnshamrar, 2; Sturl, 390.

**BO-160:007 Vatnshamraborg náttúrumi huldufólksbústaður** 370038 453365



Vatnshamraborg, sögustaður 006 og huldufólksbústaður 007, horft til suðausturs.

"Norður af Grafarholti í Vatnshamraborg, hefur orðið vart við huldufólk," segir í örnefnalýsingu. Vatnshamraborg er um 990 m sunnan við bæ 001 og 550 m SSA við stekk 009. Huldufólksbústaðurinn var upphaflega skráður árið 1999 en aftur var farið á staðinn haustið 2022 og var þá eldri skráning endurskoðuð. Vatnshamraborg er einnig þekktur sögustaður, sjá 006.

Vatnshamraborg er afgerandi klapparhóll í myrlendi. Ógrónir melar eru næst borginni. Landinu hallar til suðvesturs í átt að Andakílsá.

**Haettumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Vatnshamrar, 2

**BO-160:008 Kastali náttúrumi huldufólksbústaður** 370372 454493

"Norður af Grafarholti í Vatnshamraborg, hefur orðið vart við huldufólk, einnig í Kastalanum, sem síðar verður nefndur ... Framhald af klettunum, sem bærinn stendur utan í, heitir Kastali," segir í örnefnalýsingu. Kastali er klettabryggur austur af Vatnshömrum, brattur norðanmegin en aflíðandi til

suðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Vatnshamrar, 2

**BO-160:014** varða samgöngubót



Varða 014 á Kastalamelum, horft til austurs.

370351 454195

Hrunin varða úr grjóthellum er á Kastalamelum, 245 m suðvestan við mógrafir 020 og 250 m austan við bæ 001. Hún hefur að líkindum varðað leiðir sem lágu eftir melnum (BO-661:007 og BO-661:004).

Kastalamelar eru mosavaxnir klapparásar. Grýtt er þar sem varðan stendur en gróin svæði eru inn á milli á melnum.

Varðan er alveg hrunin og er um 1 m í þvermál og 0,2-0,3 m á hæð. Í henni er kantað og hvasst grjót, skófum vaxið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-160:015** garðlag túngarður



Túngarður 015, horft til NNA.

370224 454169

Ungur túngarður er meðfram Upptúni að austan- og suðaustanverðu og sést fyrst um 140 m suðaustan við bæ 001. Girðing er fast austan hans og utan hennar er trjágróður í aflíðandi halla niður að veki á leið BO-661:007.

Garðurinn er á mörkum sléttis túns og móa með trjágróðri.

Garðurinn er torfhlaðinn og sést á 35 m löngum kafla austan við túnið þar sem hann liggur norðursuður. Óljóst, útflett framhald af honum er hægt að greina áfram til suðurs á 25 m löngum kafla. Garðurinn er 0,4 m breiður og 0,2-0,3 m á hæð utanmáls en 0,5 m á hæð innanmáls. Aftur sést óljós hluti af garðinum utan við suðausturhorn túnsins. Þar er hægt að greina hann á 72 m löngum kafla þar sem hann liggur norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**BO-160:017** varða óþekkt

370413 454452



Varða 017, horft til SSV.

Varða er um 350 m norðaustur af bæ 001, fast suðaustan við Kastala 008 og um 25 m norðvestur af malarvegi sem liggur til norðaustur frá bæ.


Varðan er á hálfgrónu klettaholti. Rafmagnsmastur er 4 m sunnan við vörðuna og gaddavírsgirðing milli mastursins og vörðunnar.

Varðan stendur ofan á lágum kletti. Hún er u.p.b. ferhyrnd að grunnfleti, um 70 cm í kant og 50 cm á hæð. Í vörðunni eru 4 umför af grjóti. Varðan er ungleg að sjá og ekki víst að hún teljist til fornleifa en einnig er mögulegt að hér sé gömul varða nýlega upphlaðin. Hlutverk hennar er ekki þekkt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**BO-160:018** náma mógrafir

370258 453916



Mógrafir 018, horft til vesturs á ljósmynd.

Mógrafir eru 360m suðaustan við bæ 001, um 125m suðaustan við vörðu 016 og um 320m aust-norðaustan við stekk 009 á Stekkjarholti.

Mógrafirnar eru í víðri kvos milli klettaholta í deiglendi sem er hvoru tveggja skorið af Borgarfjarðarbraut (50).

Mógrafarsvæðið er 65x55m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Mógarfirlar hafa frekar skarpa kanta eru fullar af vatni og farnar að gróa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-160:019** gata leið

371026 455579

Götur liggja suðaustan Bergljótsvatns eftir Skrauthólum. Gatan var rakin á tveimur stöðum á svæði sem er 670x180 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Þær virðast fylgja þurrleindinu í sveig á milli klettaholta í jaðri deiglendis. Þær liggja úr suðri til norðausturs en ekki er ljóst hvaðan eða hvert þær hafa legið. Ekki er hægt að útiloka að um fjárgötur sé að ræða.

Leiðin liggur um myrlendi og lág klettaholti.

Göturnar voru raktar á tveimur stöðum. Ætla má að þær séu hluti af sömu leið sem virðist stefna frá suðri til norðausturs. Syðri og vestari hluti leiðarinnar er austan við Skrauthólasund. Þær voru göturnar raktar




Suðvestari hluti leiðar 019, horft til NNA.

á um 100m löngum kafla og þær liggja göturnar norður suður. Hinn hluti leiðarinnar er norðaustan við þann áðurnefnda og liggja göturnar þær á milli Skrauthólanna. Þær voru göturnar raktar á um 270m löngum kafla og liggja þær norðaustur og suðvestur. Þær eru 2-4 saman og liggja um myrlendi, eru þær grónar í botninn og stundum fullar af vatni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**BO-160:020** náma mógrafir

370614 454295



Mógrafrir 020, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Signar og grónar mórafir eru rétt norðaustan við Kastalamel, um 500 m austan við bæ 001 og 230 m norðan við Borgarfjarðarbraut 050.

Mórafirnar eru í myrrarsundi milli hálfgróinna mela. Holtavörðuheiðarlína (raflína) er fast vestan við grafrirnar.

Mór var tekinn á svæði sem er um 110 x 95 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mórafirnar eru víðast 0,2-0,3 m djúpar og stendur grunnt vatn í þeim dýpstu þær sem myrin er blautust.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## BO-169 Hvítárvellir

60 hdr. 1707. Skálholtsstólsjörð til 1683 og eftir það var Heggstaðanes keypt og lagt til jarðarinnar og jókst mat hennar þá úr 40 í 60 hdr - JÁM IV, 184. Hjáleigurnar Suðurkot, Norðurkot/Búðarhöfði og Vallnasel hafa verið lagðar undir heimajörðina aftur. Mjólkurskóli starfræktur 1904-18. BB II, 191.

1920: 71.224 m<sup>2</sup> = 22 1/3 dagsl. Allt slétt. Garðar 285 m<sup>2</sup>. "Klapparásar eru austast og vestast í landinu. Er bærinn nyrst í þeim vestri og hálf umluktur. Annars er þar ríkjandi myrlendi, góðar flæðiengjar eru með Hvítá, en þurrlandisbakkar víða með Grímsá. Laxveiði er mikil í ánum og sandnám við Hvítá." BB II, 191.

**BO-169:017** hleðsla refagilda

371805 456903



Refagilda 017. horft til vesturs á vinstrum mynd og beint ofan á gildru á hægri mynd (suður er upp).

Refagilda er um 1,8 km suðaustur af bæ 001. Hún er norðarlega á Selholti BO-159:009 nærri merkjum Grímarsstaða, Heggsstaða og Hvítárvalla.

Selholt er langur klettaás, hálfgróinn mosa og lyngi.

Refagildran er hlaðin ofan á klöpp. Hún er um 2 m í þvermál og hæst um 40 cm há. Op er á stokk gildrunnar til austurs en grjóti er óreglulega hrúgað upp að öðrum hliðum. Opið er um 25 cm á hæð og 20 cm á breidd. Rétt er hægt að horfa í gegnum stokkinn en op á vestuhlið er um 5 cm á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**BO-169:037\_01** náma mógrafir

372332 458003



Til hægri má sjá yfirlitskort af mógröfum 037 en til vinstri er mynd af mógröfum 037\_01, horft til austurs.

Tvö mógrafasvæði eru með litlu millibili norðaustan við Hvítárvallaveg, um 400 m SSV við mógrafir 038. Eru þau á svæði sem er 170x55 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mögulega hafa þessar mógrafir tengst en afgerandi, náttúruleg rás skilur á milli þeirra, Líklega Innra-Landbrot.

Mógrafrnar eru í þýfðum valllendismóá með myrradrögum. Deiglent er í mógröfunum en búið er að ræsa svæðið fram að nokkru með skurðum norðvestan við minjarnar þar sem tún hafa verið ræktuð.

Mógrafasvæði 01 er riflega 50 m suðaustan við svæði 02 og er talsvert stærra. Það er 90x55 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Skurður meðfram Hvítárvallavegi sker suðausturenda svæðisins en ekki sjást ummerki um áframhald á þessum gröfum sunnan eða suðaustan við veginn. Mógrafrnar eru þurrar og grónar og er mesta dýpt þeirra um 0,5 m. Mörk þeirra eru nokkuð skýr og næst bökkum sjást aflangar, stakar grafrar á nokkrum stöðum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-169:037\_02** náma mógrafir

372260 458087



Mógrafrir 037\_02, horft til austurs.

Mógrafasvæði 02 er riflega 50 m norðvestan við mógrafir 01. Þar sjást nokkuð skýr ummerki um móskurð á svæði sem er 47x28 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mógrafrnar eru þurrar og 0,2-0,4 m djúpar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-169:038** náma mógrafir

372529 458439

Fremur ógreinilegar mógrafrir eru sunnan við Slörkuhlma við Hvítá, um 400 m NNA við mógrafir 037. Grafrnar eru í þýfðum og flatlendum útengjum sem eru fremur þurrar.

Sjá má ummerki um móskurð á svæði sem er 73x47 m að stærð og snýr VNV-ASA. Er það ekki síst



Mógrafrir 038, horft til suðvesturs á ljósmynd.

munur á gróðri innan og utan mógrafanna sem gefur mörk þeirra til kynna en innan þeirra er gras og lítið þýft en utan þeirra vex puntur (júlí 2023) og þar er talsvert þýfðara. Grafrnar eru 0,2-0,4 m á dýpt og eru alveg þurrar og grónar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## BO-171 Pingnes

60 hdr. 1707. JÁM IV, 187. Getið í Landnámu: "Snæbjörn [galti Hólmsteinsson] var fóstraður í Þingnesi með Þóroddi." ÍF I, 190 sbr. 191. (Þóroddur er annars ókunnur) "Snæbjörn tók við Þóroddi ór Þingnesi fóstra sínum ok konu hans (og fóru að leita Gunnbjarnarskerja)." ÍF I, 194. Einnig í Heiðarvíga sögu, ÍF III, 301. 18.5.1417: Kolbeinn Þorgilsson handleggur Árna bpi jörðina Þingnes - DI IV, 252-53; 5.9.1444: Skúli Loptsson selur Þingnes fyrir 60 hdr; DI IV, 658-59; 7.8.1481: Gísli Filippusson geldur Skálholtskirkju hálfu Þingnesjörð fyrir 30 hdr - DI VI, 393-94. Árbakki er nýb. á 3/8 Þingnesslands óskiptu, stofnað 1938.

1920:  $54.626 \text{ m}^2 = 17 \frac{1}{4} \text{ dagsl}$ .  $\frac{1}{4} \text{ þýft}$ . Garðr 796 m<sup>2</sup>. Túnauki 9105 m<sup>2</sup> = 3 dagsl. Húsatún:  $13.143 \text{ m}^2 = 4 \frac{1}{3} \text{ dagsl}$ . "Neðan til er Þingnesland flatt, eru þar eyrar og vallendisbakkar með ánum, en votlendi, er fjær dregur. Austur frá þeim eru smátjarnir, enn austar fer landið hækkandi og gersit ásótt vestur og suðvestur af Blundsvatni. Heita þar Þingnessásar. Eru þar mýrarsund á milli. Skógur til kolagerðar var í ásum þessum fram undir 1700, og enn er þar talsvert kjarr." BB II, 208 Örn í túni: "Tungan milli vegarins og brunnsins (007) að öskuhaugnum hjá fjósínu að skurðinum bæjarmegin við fjárhús (lambhús) nefnist Fjósatunga." Ö-Þingnes

**BO-171:001\_01** *Pingnes* bæjarhóll bústaður

372954 459977



*Mynd tekin með dróna til norðurs yfir hluta af heimatíni Þingness. Á miðri mynd má sjá bæjarhólinn 001.*

"[Bæjarhóllinn] er suðaustan við íbúðarhúsið," segir í örnefnalýsingu. Bæjarhóll Þingness er austarlega í miðju túni og ríst hátt upp út flatlendinu sem er allt í kring. Bærinn fór í eyði 1981-2 og eru engin hús lengur á bæjarstæðinu. Á bæjarhólnum er heimild um öskuhaug og við hann eru leifar af kálgarði. Undir þessu númeri eru því skráðar þrjár minjaeininger sem hver fær númer til aðgreiningar (01-03).

Bæjarhóllinn er í flatlendu, grónu og grösugu túni sem ekki er lengur í rækt en er ekki orðið þýft að ráði. Það er nýtt fyrir hrossabeit. Mýrlent er allt í kringum túnið. Bæjarhóllinn er vaxinn grasi og sóleyjum að austanverðu en annarsstaðar er mest um arfa og illgresi í bland við grasgróður.

Hóllinn er mikill um sig, 75x62 m að stað og um 2 m hárr, flatur að ofan. Á honum austanverðum er girðing fyrir heyrúllur og á honum vestanverðum er hrossum gefið hey á veturna. Á þeim stöðum hafa



Bæjarhóll 001\_01, horft til suðurs.



Afmörkun bæjarhóls 001\_01 ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Einnig má sjá staðsetningu kálgarðs 001-02 og öskuhaugs 001\_03.

myndast lágor haugar úr moði og skít. Talsvert flag er á miðjum hólnum (hálfgróíð í júlí 2023) vegna umferðar með heyrullur. Einnig er gisinn gróður í öllum vestanverðum hólnum og mögulega hefur jarðefnum verið ytt þar út eða að þar verði allt úttroðið af hrossum á veturna en grær á sumrin. Engin ummerki sjást um yngstu húsin á hólnum. Samkvæmt heimildamanni, Sveinbirni Eyjólfssyni, stóð íbúðarhús úr timbri (byggt 1906) norðvestast á hólnum. Kjallari var undir húsinu. Þegar það var rifið var timbur úr því varðveitt og hefur verið notað þar sem verið að gera upp gömul hús. Þar sunnan við var gamalt hesthús, byggt úr torfi og grjóti, sem nýtt var sem hænsnakofi undir það síðasta. Fjósið var aftan og austan við íbúðarhúsið og sunnan við það var hlaða. Hér og hvar sést í grjót uppi á hólnum í svaðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Þingnes, 1

#### BO-171:001\_02 kantur kálgarður

372932 459968



Kálgarður 001\_02 er vestan í bæjarhólnum, horft til suðausturs.

Flatur stallur er framan við suðvestanverðan bæjarhólinn en þar var kálgarður sem hefur náð upp á bæjarhólinn og er hann sýndur á túnakorti frá 1920. Stallurinn er 30 m langur (norðvestursuðaustur) og 6,5 m breiður. Ekki er hægt að sjá innri brún veggja en ytri brúnin er um 1 m á hæð. Sá hluti kálgarðsins sem náði upp á bæjarhólinn hefur verið sléttat.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920

#### BO-171:001\_03 öskuhaugur

372981 460007

“Tungan milli vegarins og brunnsins [007] að öskuhaugnum hjá fjósinu, og vestur að skurðinum, bæjarmegin við fjárhúsins (lambhúsins) [líklega átt við lambhús 006] nefnist Fjósatunga ,” segir í örnefnalýsingu.

Öskuhaugurinn sem nefndur er í örnefnalýsingu er líklega í tungu sem gengur út frá hæsta hluta



Öskuhaugur 001\_03 á austanverðum bæjarhólnum,  
horft til SSV.

bæjarhóls 01 til norðausturs. Er tungan litlu lægri en hóllinn þar sem hann er hæstur en ekki er hægt að greina skýr mörk hans og hefur hann samlagast bæjarhólnum. Þar sem öskuhaugurinn er vex mikið af sóleyjum og nokkuð af arfa innan um grasgróður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Pingnes, 1

**BO-171:002** varða óþekkt

372312 460073

Vörðubrot er á litlu og lágu klapparholti norðan við Móholt (sjá 020), um 110 m SSA við vörðu 003 og 650 m vestan við bæ 001.

Klapparholtið er í flatlendum myrrarmóa og er það vaxið mosa og lyngi en í kring vex myrrargróður auk birkis og fjalldrapa.

Vörðubrotið er um 0,6 m í þvermál og 0,1-0,2 m á hæð. Aðeins er 1 umfar grjóts í henni en laust grjót er fast NNV við sem virðist hafa hrunið úr henni. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt. Hún gæti hafa varðað óþekkta leið ásamt vörðu 003.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1920



Varða 002, horft til VNV.

**BO-171:003** varða óþekkt

372271 460176

Lítill, skófum vaxin varða er á suðvesturenda aflangs holts sem er nokkru haerra og meira afgerandi en holtið sem varða 002 er á. Varðan er 110 m NNV við vörðu 002 og 720 m norðvestan við bæ 001.

Klapparholtið er vaxið mosa og lyngi og allt í kring er flatlendur myrrarmói þar sem sjá má birkí og fjalldrapa innan um myrrargróður. Ógróinn holmóin er næst holtinu að suðvestanverðu.

Varðan er 0,6 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Í henni eru 2 umför af grjóti. Sjá má laust grjót sem er gróið og skófum vaxið norðvestan við vörðuna sem kann að hafa hrunið úr henni. Hlutverk hennar er óþekkt en til greina kemur að hún hafi varðað óþekkta leið ásamt vörðu 002.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda




Varða 003, horft til suðausturs.

**Heimildir:** Túnakort 1920

**BO-171:004** tóft hesthús

373118 459797



Hesthústóft 004, horft til norðvesturs á ljósmynd.

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 250 m SSA við bæ 001. Líklega er þar um hesthús að ræða sem nefnt er í örnefnalýsingum: "Um 1940 voru rifin fjárhús og hlaða úr timbri og járni [sjá 005], sem stóðu fast við veginn vestan við Búðahól [sjá 016]. Lítið eitt nær bænum var hesthús úr torfi og grjóti, sem rifið var um sama leyti." Útflött tóft hesthússins sést enn fast austan heimreiðar að Þingnesi. Girðing liggur yfir vesturhluta hennar meðfram veginum. Tóft hesthússins er 20 m NNV við óljósar leifar af fjárhúsum 005 og fast vestan við beðasléttur 063.

Sá hluti tóftar sem er innan girðingar er innan beitarhólfs fyrir hross og er vel nagaður en hár grasgróður er á þeim hluta sem er utan túns. Tóftin er í túni sem heitir Stöðull (sjá 018). Í því er talsvert af mishæðum í því og sýnilegum minjum.

Tóftin virðist einföld og sést sem allstór hóll sem er hæstur að austanverðu en líka allhár að vestanverðu. Hún er 13,5x13,5 m að stærð. Suðurveggur tóftar er lægri en langveggir en norðurveggurinn er lægstur og þar hefur líklegast verið op inn í húsið. Innamál tóftarinnar er óljóst og síst skýrt í norðurenda. Mesta hæð veggja er 0,5-0,6 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Þingnes, 2

**BO-171:005** þúst fjárhús

373129 459769



Óljósar leifar fjárhúsa 005, horft til ASA á ljósmynd.

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 265 m SSA við bæ 001. Líklega er um fjárhús að ræða sem nefnd eru í örnefnalýsingu: "Um 1940 voru rifin fjárhús og hlaða úr timbri og járni, sem stóðu fast við veginn vestan við Búðahól [sjá 016]." Ummerki um þessi fjárhús sjást enn óljóst í túni sem heitir Stöðull (sjá 018), austan heimreiðar að Þingnesi og sunnan við Langavöll.

Í túninu Stöðli er talsvert af mishæðum og sýnilegum minjum. Það er nýtt fyrir hrossabeit.

Ummerki um fjárhúsin eru á svæði sem er um 20x14 m stórt og snýr austur-vestur. Austast á því svæði er gróin þúst (mögulega austurgafl húss). Hún er 9x5 m að stærð, snýr norður-suður, og er 0,3-0,4 m á hæð. Vestan við hana má greina óljós ytri mörk útihússins.

**Haettumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Þingnes, 2

**BO-171:006 Lambhús heimild um lambhús**

372846 460085



Lambhús 006 var á svipuðum stað og yngri fjárhús sem hafa verið rifin en hlaða og braggi standa enn. Horft til suðurs.

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920 í nyrsta hluta heimatúnsins í Þingnesi, 150 m norðvestan við bæ 001. Það var í Lambhústúni sbr. örnefnalýsingu: "Fjárhúsin norðvestan við Fjósatunguna voru áður nefnd Lambhús, og túnið í kringum þau, norðvestan við Fjósatungu og Fjórðung, heitir Lambhúsatún." Fjárhús úr blönduðu efni voru seinna þar sem útihúsið er sýnt á túnakorti. Búið er að rífa þau en enn sést steypf fjárbað sem var í þeim. Braggi sem var suðvestan við fjárhúsin stendur enn auk sambyggðrar hlöðu. Hrossarétt er framan (norðvestan) við braggann. Lambhústún er stakstætt tún norðan við skurð sem er á milli túnstykka. Túnið er flatlent og slétt, umkringt myrlendi. Það er skyrt afmarkað til austurs, þar sem það er hæst, en síður til annarra átta.

Engin ummerki sjást um Lambhús í samnefndu túni en talsvert af grjóti úr yngstu fjárhúsunum á þessum stað sést í sverði. Þar er traðk eftir hross sem er að nokkru leyti gróið arfa og sóleyjum.

**Haettumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Þingnes, 3

**BO-171:007 brunnur brunnur**

372932 460028



Óljós ummerki um brunn 007, horft til suðurs.

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var brunnur við norðausturjaðar heimatúnsins, um 65 m norðan við bæ 001. Sveinbjörn Eyjólfsson, heimildamaður, man vel eftir þessum brunni, en hann var grjóthlaðinn, 1-1,5 m í þvermál og 2-3 m djúpur. Hlemmur var ofan á brunninum og lok á honum. Hann var enn notaður árið 1974. Seinna kom dæla í hann en búsetu á bænum lauk 1981-2. Brunnurinn var á mörkum túns og myrar, í krika við norðausturmörk túnsins.

Túnið er sléttar en komið í órækt og nýtt til hrossabeitar.

Lítill sem engin ummerki sjást um brunninn sem hefur fyllst af jarðefnum og sigið saman. Þó má þar sjá grunna lægð sem er um 3 m í þvermál og

er afmörkuð til norðausturs af þúfnakraga. Í suðvesturjaðri má sjá einn stakan Stein.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920

**BO-171:010** vegur leið

372805 460085



Ruddur og upphlaðinn vegur er á leið 010, horft til norðvesturs.

Á túnakorti frá 1920 er sýnd gata sem liggar frá bæ 001, út túnið til norðvesturs. Vegur tók við af götunni í norðvesturenda Lambhústúns (sjá 006). Leiðin lá um sléttuð tún Þingness og áfram til norðurs yfir myrlendi í átt að Hvítá.

Bíslóði er á sama stað og eldri leið í túninu og áfram til norðurs. Túnið er sléttuð en er ekki lengur í rækt. Utan túnsins er grasi gróið myrlendi. Stöku þurr hæð er við leiðina í myrinni.

Engin ummerki um götuna sjást í túni en þegar komið er í Lambhústún má þar sjá ruddan hluta leiðarinnar. Vegur er svo áfram á leiðinni og er ýmist ruddur eða upphlaðinn að Bæjarholti en þaðan er hann eingöngu ruddur þar sem hann liggar í sveig út fyrir holtið og beygir inn með því norðvestanverðu. Ekki er vitað hversu gamlar

þessi samgönguminjar eru en þær byggja á gömlum merg. Þar sem vegurinn er ruddur er hann 3 m á breidd en þar sem hann er upphlaðinn er hann 5 m breiður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920


**BO-171:013** *Harðhaus* dys legstaður

373034 459820

“Líttill hóll er vestan við rás [sem liggar út í síkið fyrir austan túnið] og heitir Harðhaus. Þar er talinn vera gamall haugur, og í kolli hans eru steinar, sem ekki má snerta, og reyndar má ekki hreyfa við hólnum. Liggur líf þess við er það gerir,” segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir: “Harðhaus hefur sennilega verið gafhlalað á einhverju úтиhúsi. - Móðir Björns [Sveinbjörnssonar] sagði honum, að einhvern tíma (líklega milli 1880 og ‘90) hefði karl nokkur tekið steinana í burtu, og þá var ekki að sökum að spryrja, hann lagðist í rúmið. Þorði fólkið ekki annað en láta steinana á sinn stað, og þá batnaði karli.” Meint dys í hólnum var friðlýst 27.05. 1933 af Matthíasi Þórðarsyni, sbr. Skrá um friðlýstar fornminjar: “Líttill hóll, er heitir Harðhaus, syðst í túninu og er á honum steinn. Höllinn er



Harðhaus, meint dys 013, horft til suðurs á ljósmynd.



ílangur og snýr nokkurn veginn frá suðri til norðurs.” Guðmundur Ólafsson fjallar um friðlýstar minjar í Borgarfjarðarsýslu í skýrslu sem kom út 1996. Þar segir m.a.: “Einhvern tíma mun hafa verið reynt að grafa í hólinn, en þá þótti sem bærinn stæði í ljósum logum og var hætt við tiltækið. Sagt er að hann hafi verið nefndur Harðhaus vegna þess hve erfitt var að grafa í hann, en líklegra er að hann hafi verið harðslægur.” Harðhaus er nokkuð afgerandi hóll suðvestast í Suðurtúni og liggur túngarður 014 upp að eða upp á hann austanverðan. Hóllinn er við nafnlausa mýrarrás sem skilur á milli Suðurtúns og túns sem heitir Stöðull (sjá 018), 170 m SSA við bæ 001. Ekki er friðlysingarmerki á minjunum.

Suðurtúnið er slétt og flatlent og nýtt til hrossabeitar.

Hóllinn Harðhaus er 15,5x9,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er breiðastur og hæstur nyrst en mjókkar og lækkar til suðurs. Í suðurenda er hóllinn talsvert þýfður og þar er nokkurt traðk eftir hross. Grjótþust er í hæsta hluta hólsins sem er 4x2,5 m að stærð og snýr einnig norður-suður. Þar er hundaþúfa. Í heildina er hóllinn um 1 m á hæð. Einnig má sjá stakt grjót á tveimur stöðum í norðaustanverðum hólnum. Á myndum sem teknar voru af túninu í Þingnesi með flygildi má óljóst greina ummerki um beðasléttur 055 í syðsta hluta Suðurtúns. Beðin snúa norður-suður. Norðan við Harðhaus er grunn lægð sem kann að vera í tengslum við beðaslétturnar en ummerkin benda frekar til þess að þar sé útflattur hluti húss sem styður þá tillögu sem fram kemur í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá hér að framan, að Harðhaus hafi verið gaflhlað á úтиhúsi. Ytri mörk veggja í meintu húsi er líka hægt að rekja en þó eru mörkin til norðurs mjög ógreinileg, Ytri brún veggja er 0,1 m á hæð en innri brúnin er 0,2 m. Ekki verður hægt að sker úr um hlutverk minjanna án frekari rannsókna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þingnes, 2; Ö-Þingnes, aths. og viðb., 1; Skrá um friðlýstar fornminjar, 7; GÓI 1996, 51

**BO-171:014** garðlag túngarður

373077 459835



Vestari hluti túngarðs 014 sem endar við Harðhaus 013,  
horft til vesturs.

Austari hluti túngarðs 014, horft til SSV.

Fornlegur túngarður er syðst í Suðurtúni og Langavelli, meðfram mýrardragi sem skilur á milli þessara túnhluta og túns sem heitir Stöðull (sjá 018) og er sunnar. Guðmundur Ólafsson nefnir vestari hluta garðsins í tengslum við Harðhaus í skýrslu um friðlýstar minjar í Borgarfirði: “Gamli túngarðurinn, sem er mjög útflattur og klofinn á þessum kafla, liggur að hólnum að austanverðu og sameinast honum, en búið er að sléttu garðinn í tún þar sem hann hefur beygt til norðurs við Harðhaus [013].” Garðurinn er mældur með meintri dys 013 í Harðhausi í vefsjá Minjastofnunar Íslands. Hann er því einnig skilgreindur sem friðlýst fornleif þar. Garðurinn sést sem afgerandi hryggur beggja vegna við heimreið að Þingnesi, um 170 m SSA við bæ 001.

Suðurtún og Langivöllur eru slétt og flatlend tún sem nýtt eru til hrossabeitar.

Garðurinn sést í tveimur hlutum. Vestan við heimreið er hann 47 m langur (ANA-VSV), 4 m breiður


og 0,1-0,3 m á hæð. Austan við heimreiðina er garðurinn 35,5 m langur (norðaustur-suðvestur), 5,5 m breiður og allt að 1 m á hæð á suðausturhlið. Rof er í norðausturenda garðsins og óljóst framhald sést þaðan til norðausturs á um 20 m löngum kafla. Hallinn frá garðinum og niður að mýrardragi sem skilur á milli túna heitir Langabrekka og í henni er Þingbrekka. Er það ofrausn að kalla þessa brún brekku og er Þingbrekku-nafnið líklega ekki gamalt.

**Haettumat:** engin hætt


**Heimildir:** GÓI 1996, 51; Minjavefsjá: <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=mi> njastofnun; Ö-Þingnes, 1

**BO-171:015** tóft óþekkt

373127 459854



Tóft 015, horft til vesturs.



Mynd sem sýnir uppmælingu á téftum 015 og 064.

Fyrir sunnan rásina nafnlausu er Stöðullinn [018]. Fast við rásina, upp miðja vegu milli síkisins og vegarins, sést móta fyrir téftarbroti. Er þar talin vera forn búðarúst. Hún er nær sokkin í jörð,” segir í örnefnalýsingu. Lýsingin hér að framan virðist eiga við um signa, torfhlaðna téft sem er í sunnanverðu mýrardragi milli Langavallar og Stöðuls, fast norðan við þúst 064\_02.

Mýrardragið er grasi vaxið en blautt. Flatlent tún er á Langavelli til norðurs og sömuleiðis á Stöðli en það tún er nokkuð mishæðótt.

Torfhlaðin téftin er hlaðin utan og norðan í hæðina sem téftir 064\_01-02 eru á. Hún er 9,5x9 m að stærð og snýr ANA-VSV. Tóftin er gengin í þúfur og er mesta hæð veggja utanmáls er 0,5-0,6 m. Ytri brún veggja sést ekki á SSA-hlið. Lágur torfveggur skilur á milli tveggja aflangra hólfa sem hvort um sig eru um 5x1,5 m að innanmáli og snúa eins og téft. Hvorki sést op inn í téftina eða á milli hólfa. Hlutverk mannvirkisins er ekki þekkt en þaðlítur ekki út fyrir að vera mjög gamalt og kemur helst til greina að um leifar af heystæði sé að ræða. Rof er í NNV-vegg vegna traðks eftir hesta.

**Haettumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Þingnes, 2; ÁHÍF 1886, 26-29


**BO-171:016** Búðarhóll téft fjárhús

373151 459789

“Á syðri bungunni á Stöðlinum [018], austan vegarins, er lítt hóll, Búðarhóll. Þar er téftarbrot af búð að því er talið er. Þarna er talið að heraðsping hafi verið háð,” segir í örnefnalýsingu. Í Skrá um friðlýstar minjar segir um Búðarhól: “Þingbúðatéftir 2, báðar suðaustan til í túninu á svokölluðum stöðli, er önnur á dálitlum hól, sem hefir verið sléttar í kringum [líklega 064\_01]; snýr í norðaustur; hin er við svonefndan Búðarhól og snýr í suðvestur.” Tóftin sem er á Búðarhóli er friðlýst en hún er að öllum líkindum fjárhústóft. Ekki er vitað hvort að eldri minjar séu undir þeirri téft og þá hvort þar hafi verið þingbúð/-ir. Fjárhústóftin á Búðarhóli er 270 m suðaustan við bæ 001 og 40 m sunnan við útflatta téft 064\_01 sem ætla má að sé hin téftin sem nefnd er í friðlýsingarskránni. Hún er innan svæðis með



▲



0 1 2 3 4 m

Fjárhústóft 016 á Búðarhóli, horft til suðvesturs á ljósmynd.

beðasléttum 063 og virðist yngri en þær.

Túnið sem tóftin er í heitir Stöðull og er það flatlent en í því eru talsverðar mishæðir og víða ummerki um signar eða útflettar minjar. Túnið er nýtt til beitar fyrir hross.

Tóftin er tvískipt og aflöng, í aflíðandi halla til austurs. Hún er 13,5x6,5 m að stærð og er samansigð og óljóst op inn í hana í austurenda. Þar er fjárhúshlutí tóftarinnar sem er 5,7x2,3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Ekki er sýnilegt op úr honum til vesturs í minna hólfið sem er líklega hlaða eða heystæði. Það er um 2,5 m á kant. Innri brúnir veggja í því eru ekki skýrar á vesturhlíð. Hvergi sést í grjót í veggjum en ætla má að tóftin sé hlaðin úr torfi og grjóti. Mesta hæð veggja er 0,4-0,5 m. Lágur kantur er meðfram tóft að vestan og norðan og að litlu leyti meðfram suðurhlíð. Virðist hann hafa myndast við efnistóku þegar húsið var byggt.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Þingnes, 2; Skrá um friðlýstar fornminjar, 7

**BO-171:017** tóft hesthús

372780 460133



▲



0 2 4 6 8 m

Óljósar leifar af hesthústóft 017, horft til suðausturs á ljósmynd.

“Lítið eitt NV við Lambhúsin [006] er hesthús úr torfi og grjóti og heykumbl hjá,” segir í örnefnalýsingu. Óljósar leifar af þessu hesthúsi eru á lágri, þurri hæð í túni 75 m norðvestan við Lambhús 006 og 200 m norðvestan við bæ 001. Þær eru þó utan þess svæðis sem skilgreint er sem Lambhústún og sýnt er á túnakorti frá 1920.

Túnið sem hesthústóftin er í er flatlent og slétt. Það virðist ekki lengur vera slegið. Utan túns tekur við víðfeðm myri til norðurs og austurs að Bæjarholti.

Tóftin er alveg útflött og sést illa af þeim sökum. Sveinbjörn Eyjólfsson, heimildamaður, man eftir þessu hesthusi en það var hlaðið úr torfi og gjóti og op inn í það á norðvesturgafli. Heykuml var í suðausturenda. Tóftin er 17x10 m að stærð. Í norðvesturhluta tóftar er mikið um arfa og laust grjót má sjá allra norðvestast. Í suðausturhluta má óljóst greina innri brún veggja. Ytri brún veggja er hæst í suðausturenda tóftar og eru þar 0,2-0,3 m á hæð en annars 0,1-0,2 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þingnes, 3

**BO-171:018** *Stöðull* heimild um kvíar

373117 459828

“Fyrir sunnan rásina nafnlausu er Stöðullinn,” segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir: “Stöðullinn var þurrleindur bakki, þar sem ær voru mjólkadár. Á þessum slóðum var hætt að færa frá í byrjun fyrra stríðs. Nú hefur Stöðullinn verið sléttáður fyrir löngu.” Stöðull er nú nafn á syðsta hluta túnsins í Þingnesi. Bakkinn sem nefndur er hér að framan er að líkendum í tengslum við hæð norðaustast í túninu þar sem eru úflattar minjar 064\_01-02.

Túnið er flatlent og hefur verið sléttáð en í því sjást mishæðir og minjar. Mýrardrag er á milli þess og Langavallar og Suðurtúns til norðurs.

EKKI vitað nákvæmlega hvar ærnar voru mjólkadár á stöðli eða hvort eitthvert mannvirki var á þeim stað. Engin ummerki sjást í túninu sem hægt er að tengja við stöðulinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þingnes, 1; Ö-Þingnes, aths. og viðb., 1

**BO-171:020** *Kaupafólkssund* gata leið

372379 459857

“Austan við Stekkjarholt er mjótt myrrarsund, Kaupafólkssund,” segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir: “Kaupafólkssund er líklega ungt örnefni, þó frá því fyrir aldamót. Þar sást fyrst til kaupafólks, sem fór gangandi norður í land.” Sundið er 190 m vestan við Mógrafir 021 og 710 m vestan við bæ 001. Má ætla að kaupafólkið hafi komið yfir Grímsá á Steinsvaði 039. Í Kaupafólkssundi má óljóst greina götur sem liggja upp á norðanvert Stekkjarholt til VSV og liggja eftir Móholti til ANA. Mögulegt framhald af leiðinni má svo sjá norðaustan við Móholt en það kann að vera yngri út gáfa af þessari leið.



Leið 020 norðaustan við Móholt, horft til suðvesturs.

Leiðin á Móholti, horft til norðausturs.

Leiðin liggar um þýfðan myrarmóá og eftir þurrum holtum. Eru þau að hluta gróin en einnig eru ógrónir melar á þeim. Hrossabæit er á svæðinu en ekki mikil.

Leiðin var skráð á tveimur stöðum þegar vettvangsrannsókn fór fram. Annars vegar á stuttum kafla á VSV-verðu Móholti (norðan við Mógrafir 021) og hins vegar norðaustan við Móholt. Á fyr nefnda staðnum sjást götur á 25 m löngum kafla en á loftmynd má greina framhald til suðvesturs. Sjá má 1-4

götur á 1-2 m breiðu svæði. Göturnar eru 0,2-0,3 m á dýpt og víðast eru þær 0,2 m á breidd. Norðaustan við Móholt sést allgreinileg rudd braut í myri á 280 m löngum kafla. Brautin er þráðbein og liggur suðvestur-norðaustur, endar við Eiríksvöll, um 50 m suðvestan við hesthús 017. Brautin er 1,5-2 m á breidd og jafnvel enn breiðari næst Móholti. Ekki er víst að þessi braut sé hluti af eldri leið sem kaupafólk fór á leið sinni norður í land en það er ekki ósennilegt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Pingnes, 4

**BO-171:021** *Mógrafir* náma mógrafir

372506 459783

“Austan við Stekkjarholt [019] er mjótt mýrarsund, Kaupafolkssund [sjá 020], og austan við það Móholtið. Sunnan við það eru Mógrafirnar,” segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir: “Í Mógröfunum var ákaflega slæmt mótag. Fyrst voru tvær stundur af rofi, síða tvær stungur af slæmum mó og þá sandur.” Sunnan við Móholt er stórt mógrafasvæði á flatlendu deiglendi, rúnum 400 m suðvestan við bæ 001 og 250 m sunnan við Gömlugrafir 027.

Mógrafirnar eru í deiglendur og þýfður mýrarmói sem vaxinn er engjagróðri og stöku víðirunni séste einnig. Svæðið er ekki sérlega blautt en þegar skráning fór fram í júlí 2023 var búinn að vera þurrkur í um mánuð.



*Mógrafir 021, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Sjá má ummerki um móskurð á svæði sem er 135x120 m að stærð og snýr norður-suður. Svæðið er að langmesti leyti þurr og gróið en greinilegustu stöku grafirnar eru syðst á svæðinu og er vatn í þeim. Mesta dýpt grafanna er 0,5 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Pingnes, 4; Ö-Pingnes, aths. og viðb., 1

**BO-171:026** *Skólavarða* varða óþekkt 372753 460664  
 “Á Bæjarholtinu er stór varða, venjulega kölluð Skólavarða, og hlóð hana fólk af Hvítárbakkaskólanum,” segir í örnefnalýsingu. Skólavarða er há og reisuleg á norðvesturbrún Bæjarholtsins. Hún er 715 m norðan við bæ 001 og 45 m norðaustan við minjar 057 sem einnig eru á holtinu.



*Skólavarða 026, horft til vesturs.*

Bratt er fram af háu Bæjarholtinu til norðvesturs en aflíðandi, hallandi stallar eru á því suðaustanverðu. Það er víða gróið mosa, lyngi og öðrum holtagróðri.

Varðan er ferköntuð, um 1,2 m á kant að grunnfleti en mjókkar upp á við. Hún er vel yfir 2 m á hæð, mögulega allt að 2,5 m. Neðst á suðvesturhlíð er mjór stallur sem er 0,5 m hár og 0,2-0,3 m breiður. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hann var hlaðinn og hlutverk vörðunnar er ekki þekkt. Hún var hlaðin árið 1930 að sögn Sveinbjörns, heimildmanns, og er hún því á mörkum þess að teljast til fornminja (skráð árið 2023).

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Þingnes, 6

**BO-171:027** *Gömlugrafir* náma mógrafir 372510 460213  
 “Vestur af Brennivínsholtinu eru Smáholtin. Sunnan við þau eru Gömlugrafirnar,” segir í örnefnalýsingu. Gömlugrafir eru 250 m norðan við Mógrafir 021 og 430 m norðvestan við bæ 001. Mógrafirnar eru á flötu, deiglendu svæði sem er smáþýft og gróið. Á því vex fjalldrapi, birkikjarr og lyng auk engjagróðurs.



*Gömlugrafir 027, horft til SSA á yfirlitsmynd til vinstra.*



Ummerki um mótekju eru ekki mjög skýr og eru grafirnar víðast samansignar, grónar og þurrar. Þó er talsvert af litlum tjörnum innan mógrafasvæðisins sem kunna að vera gamlar grafir. Áætluð stærð mógrafasvæðisins er 270x250 m (NNV-SSA). Mörkum þeirra var að hluta fylgt af jörðu niðri en að hluta af loftmynd. Grafirnar eru 0,2-0,4 m á dýpt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Þingnes, 6

**BO-171:044** *Pingnesþing* heimild um þingstað 373097 459892  
 Í skýrslu um friðlýstar fornminjar í Borgarfirði segir Guðmundur Ólafsson: “Talið er að í Þingnesi hafi verið helsti þingstaður Borgarfjarðar, áður en landinu var skipt í fjórðunga og hinn elsti sem frásagnir



*Mynd tekin úr lofti til norðausturs yfir suðurhluta túnsins í Þingnesi. Heimildir og örnefni benda helst til þess að þingminjar sé að finna á Langavelli (á milli bæjarhóls og rásar á miðri mynd) og Stöðli (tún sunnan við rás á miðri mynd). Engar þingminjar sjást á yfirborði vegna túnsléttunar og annars rasks í tengslum við yngri mannvirki á svæðinu.*

eru til um. Álitið er að þingið hafi verið flutt til vegna þess að staðurinn lenti í Sunnlendingafjórðungi við skiptinguna.” Þingnesþingstaður var friðlýstur 27.05. 1933 af Matthíasi Þórðarsyni og er minjunum lýst þannig í Skrá um friðlýstar fornminjar: “Þingbúðatóftir 2, báðar suðaustan til í túninu á svokölluðum stöðli, er önnur á dálitlum hól, sem hefir verið sléttæð í kringum; snýr í norðaustur; hin er við svonefndan Búðarhól og snýr í suðvestur.” Svo virðist sem að átt sé við minjar 015 á Búðahóli og minjar 064\_01, útflatta tóft á hæð norðaustast í túninu Stöðli (sjá 018). Í örnefnaskrá segir að búðatóftir hafi áður verið sunnan til á Langavelli. Langivöllur er tún: “[...] norðaustan traðarinna [061], sunnan frá nafnlausu mýrarrásinnni og heim að hólnum hjá fjósinu [á bæjarhólnum 001\_01] [...].” Hér hafa því verið nefnd tvö svæði þar sem þingminjar eiga að hafa verið, annars vegar Langivöllur, norðan við nafnlaust mýrardrag, og hins vegar Stöðull, sunnan við dragið. Þar eru ýmsar minjar en engar sem líkjast þingbúðatóftum. Það er þó vel mögulegt að þingminjar séu undir yngri minjum á því svæði. Sigurður Vigfússon fjallar um þingstaðinn í Þingnesi í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1886: “Nær í austr frá bænum; fyrir ofan túnið, er tölverð þyrring af tóttum og rústum, sumar eldri, enn sumar yngri; þær eru um 12 að tölum; yfir höfuð eru þessar rústir svo aflagaðar og óglöggvar orðnar, að engu máli verðr við komið, nema 2 eða 3 tóttir, sem sýnast gamlar og sem eru um og yfir 40 fet á lengd. Það, sem gjörir þennan þingstað svo óglöggan, er, að peningshús eða annað úthýsi virðast hafa verið bygð síðar, ofan í þær gömlu tóttir, og í einum stað er stór kringlótt tótt, sem er miklu nýrri, og sem mun vera rétt eða byrgi. Miklu fleiri tóttir hafa getað verið hér, því víða eru miklar upphækkaðar móarústir; [...].” Af lýsingu Sigurðar er ekki ljóst hvort hann á við Langavöll, Stöðul eða bæði svæðin. Orðalagið “fyrir ofan túnið” gefur þó til kynna að hann sé að fjalla um Stöðul sem er utan túngarðs 014.

Túnin Langivöllur og Stöðull eru flatlend og myrlent er allt í kringum þau, líkt og allt heimatúnið á Þingnesi. Búið er að sléttá Langavöll og norðvestast á honum er afgirt sumarhúsalóð með talsverðum trjágróðri. Innan hennar er Tjaldhóll 062 sem kann að hafa tengingu við þingstaðinn. Talsvert er um ójöfnur og útflattar minjar á Stöðli en engar þeirra virðast leifar af þingminjum. Túnin eru ekki lengur í rækt en eru nýtt til hrossabeitar.

Engar minjar um þingbúðir sjást lengur á yfirborði í Þingnesi en ætla má að þær geti leynst undir sverði. Út frá heimildum og örnefnum virðist þeirra helst að vænta á áðurnefndum svæðum, Langavelli og Stöðli, Þær minjar sem eru friðlýstar sem þingbúðir virðast alls ekki hafa gegnt því hlutverki. Á Búðarhóli er fjárhústóft 015 og á hinum staðnum eru útflattar minjar 064\_01-02 sem minna meira á fjós með heygarði en þingtóftir. Brynjúlfur Jónsson kom að Þingnesi sumarið 1903 í þeim tilgangi að gera

uppdrátt af meintum þingminjum sem Sigurður Vigfússon nefndi 1886 og rakið er hér að framan. Hann greip í tómt því búið var að sléttu túnin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** GÓL 1996, 50; Skrá um friðlýstar formminjar, 7; Ö-Þingnes, 2; ÁHÍF 1886, 27-29; ÁHÍF 1904, 2

**BO-171:054** gata leið

372445 459747

“Eftir tröð þessari [Gömlutröð 011] var heimreiðin að bænum, meðan farið var yfir Grímsá á Steinsvaði [039], og síðar verður vikið að,” segir í örnefnalýsingu. Hér er lýst leið sem lá á milli Þingness og Grímsár en ekki er ljóst hvert leiðin lá áfram til vesturs. Hún er því aðeins skráð innan jarðar en hefur tengst víðara samgönguneti.

Vestan við túnið á Þingnesi eru víðfeðmar, flatlendar og grösugar engjar, nokkuð deiglendar.

Leiðarinnar var leitað á vettvangi í Nesi, sumarið 2023. Ekki sáust skýr ummerki um hana af jörðu niðri en á loftmynd má óljóst fylgja götum sem liggja frá sunnanverðu Stekkjarholti 019 til austurs, yfir Mógrafir 021 og að túninu í Þingnesi. Er þessi leið um 700 m löng.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-171:055** sáðsléttu tún

373052 459853



Beðasléttur 055 sjást betur á loftmyndum en af jörðu niðri. Þær eru lengst til hægri á myndinni en greinilegri beðasléttur 063 eru lengst til vinstri á mynd.

Á sunnanverðu Suðurtúni og Langavelli má óljóst greina ummerki um beðasléttur um 130 m suðaustan við bæ 001. Sjást þær betur á loftmyndum og myndum sem teknar voru með flygildi á vettvangi en af jörðu niðri. Beðasléttur eru einnig í túni um 80 m suðaustar, sjá 063.

Flatlend, sléttuð tún sem nýtt eru fyrir hrossabœit.

Beðasléttunar eru á svæði sem er um 150x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er afmarkað af túngarði 014 til suðausturs og heimreið að bænum liggar í gegnum svæðið. Hvert beð er um 5 m á breidd og liggja þau norðvestur-suðaustur, þvert á svæðið.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-171:056\_01** garðlag áveita

372655 460757

Tveir ungar eru í breiðu mýrarsundi á milli Bæjarholts og Bíldshamra, nærri bökkum Hvítár. Eru minjarnar 780 m norðvestan við bæ 001 á svæði sem er 190x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.



*Yfirlitsmynd af áveitugörðum 056\_01-02, horft til norðvesturs.*

*Áveitugarður 056\_01, horft til VNV.*

Mýrlent sundið er flatt og grasi gróið. Landið er litlu hærra og þýfðara innan við garðana, suðvestan við þá, en norðaustan og utan við þá.

Lýsinigin hefst á lengri garðinum 01 sem er torfhlæðinn, 190 m langur og liggur norðvestur-suðaustur. Nærri norðvesturenda sveigir garðurinn til VNV. Samansiginn skurður er meðfram garðinum að utanverðu (norðaustan) og er um 1 m á milli skurðar og garðs. Skurðurinn er 0,6-0,8 m breiður og 0,3-0,5 m djúpur. Garðurinn er riflega 1 m (allt að 1,5 m) á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Jarðvegsrof er í garðinum og meðfram honum á 42 m löngum kafla í suðausturenda. Ekki er skýrt hvar garðurinn endar til VNV en skurðurinn heldur áfram í hlykkjum út í Hvítá á 100 m löngum kafla. Garður sést ekki skýrt meðfram honum þar. Mörk til suðvesturs víða óljós af jörðu niðri.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-171:056\_02** garðlag áveita

372579 460832

Stuttur garður 02 liggur til norðausturs af lengri garðinum 01 þar sem sveigja er á honum. Hann er 22 m langur og liggur að lítill starartjörn. Garðurinn er um 0,8 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Víða hafa myndast skörð í garðinn. Torf hefur verið stungið upp meðfram honum að suðaustanverðu og er mjó, gróin renna þar sem er um 0,6 m á breidd. Dýpt hennar er ekki greinanleg vegna gróðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda





*Áveitugarður 056\_02, horft til suðvesturs.*

BO-171:057\_01 þúst óþekkt

372722 460632



BO-171:057



0 0,5 1 1,5 m



Þúst og hleðsla 057, horft til NNA á ljósmynd þar sem hleðsla 057\_02 er í forgrunni.

Á norðvesturjaðri Bæjarholts má sjá grjótþúst með smáu holtagrjóti og litla hleðslu á svæði sem er 4,1x2,3 m að stærð og snýr austur-vestur. Minjarnar eru 43 m suðvestan við Skólavörðu 026 og 660 m NNV við bæ 001.

Bratt er fram af háu Bæjarholtinu til norðvesturs en aflíðandi, hallandi stallar eru á því suðaustanverðu. Það er víða gróið mosa, lyngi og öðrum holtagróðri.

Lýsingin hefst á grjótþúst 01 sem er austast á svæðinu. Hún er 2x1,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Engar hleðslur sjást í þústinni sem er að hluta mosagróin og grjótið í henni er skófum vaxið. Þústin er 0,1-0,2 m á hæð. Norðvesturhluti hennar er á jarðlægu grjóti eða klöpp og er hún hæst þar. Ekki er ljóst hvort að hér hafi verið eitthvert mannvirki eða hvort þarna hafi grjóti einungis verið safnað saman.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

BO-171:057\_02 hleðsla óþekkt

372719 460631



Hleðsla 02 er fast vestan við þúst 01. Hún er 1,6x1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslan er U laga og ekki er skýr hleðsla á suðvesturhlið en þó má greina yfirgróið grjót þar sem kann að tilheyra þessu mannvirki. Hleðslan er sign og gróin og hefur líklega ekki verið há í upphafi. Hleðslubreiddin er 0,3-0,4 m og sést ekki meira en eitt umfar. Ekkert er vitað um hlutverk hleðslunnar en til greina kemur að þarna hafi verið skotbyrgi eða að þarna hafi verið byrjað á annarri vörðu, svipaðri Skólavörðu 026.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


Hleðsla 057\_02, horft til SSV.

BO-171:058 þúst óþekkt

372699 460270

Allstór þúst er fast vestan við leið 010 sem liggur að Bæjarholti. Yngri slóði liggur eftir sömu leið. Þústin er 360 m norðvestan við bæ 001 og 400 m sunnan við Skólavörðu 026.

Flatlend og allblaut myri er á milli heimatúns Þingness og Bæjarholts. Þústin er á þurri hæð í myrinni og



Þúst 058, horft til suðvesturs á ljósmynd.


liggur yngri slóði yfir hana og hefur líklega raskað þústinni að austanverðu.

Þústin er mjög gengin í þúfur og er rof milli þúfna í henni þar sem hún er hæst. Þar má greinar nokkrar spytur sem óljóst er hvaðan koma, geta verið girðingarstaurar eða úr þakgrind/innréttum í húsi. Þústin er 13x8 m stór og snýr norður-suður. Mesta hæð hennar er 0,8 m að austanverðu. Til greina kemur að þarna hafi verið heystæði eða lítið hús fyrir sauðfé eða hross.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-171:059** tóft heystæði

372722 460168



Heystæðistóft 059, horft til norðvesturs á ljósmynd.

Ógreinileg tóft er fast vestan leið 010 sem liggur að Bæjarholti. Yngri slóði liggur eftir sömu leið. Tóftin er 270 m norðvestan við bæ 001 og 100 m sunnan við þúst 058.

Flatlend og allblaut myri er á milli heimatúns Þingness og Bæjarholts. Tóftin er á mjög lágrí hæð í myrinni sem er aðeins þurrari en myrlendið í kring.


Tóftin er einföld og torfhlaðin, 7,5x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hæð veggja er 0,5-0,6 m. Innanmál hennar er ógreinilegt og ekki sést op á henni. Suðausturgaffinn er orðinn illgreinilegur og jarðvegsrof er í utanverðu norðurhorni. Helst kemur til greina að tóftin sé af heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-171:060** þúst óþekkt

373070 459850

Allstór þúst er fast vestan við heimreið að Þingnesi, sunnarlega í Suðurtúni. Þústin er 4,5 m norðan við túngarð 014 og 140 m SSA við bæ 001.



Púst 060, horft til suðurs á ljósmynd.

Suðurtún er slétt og fremur flatlent tún, nýtt til hrossabeitar.

Þústin er 21,5x6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Heimreiðin sker af norðausturhluta þústarinnar en mögulega er sá hluti að einhverju leyti óraskaður undir veginum. Þústin er hæst að vestanverðu, 0,3 m. Mörk hennar til norðvesturs eru ógreinilegstu. Ekki er útilokað að þústin sé náttúruleg hæð í túninu en líklegra er að í henni leynist mannvistarleifar, mögulega leifar af útihúsi en einnig kemur til greina að um útfylla þingbúð sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

#### BO-171:061 kantur traðir

373085 459869

“Tröðin, sem lá suður túnið, lítið eitt austan við núverandi veg, takmarkaði Suðurtún að austan, en nafnlaus mýrarrás [...] takmarkaði það að sunnan,” segir í örnefnalýsingu. Leið er sýnd á túnakorti frá 1920 og hefur hún verið á sama eða svipuðum stað og tröðin.

Tröðin lá um Langavöll, sléttuð, flatlent tún sem nýtt er fyrir hrossabeit. Norðvestast í því túni er sumarbústaðarlóð með talsverðum trjágróðri.

Ekki sjást ummerki um tröð á Langavelli þar sem hún lá litlu austan við núverandi heimreið. Sunnan við Suðurtún og Langavöll lá leiðin á sama stað og heimreiðin þannig að ætla má að henni hafi verið raskað af völdum vegagerðar á alllöngum kafla. Hvorki sjást skýr ummerki um götur eða traðarveggi á Langavelli vegna túnasléttunar. Þó er nokkuð afgerandi kantur á Langavelli til norðvesturs um 15 m norðaustan við heimreiðina, um 140 m suðaustan við bæ 001. Mögulega er kanturinn leifar af traðarvegg. Hægt er að fylgja kantinum á um 30 m löngum kafla en hann er hæstur næstur túngarði 014 og verður ógreinilegri eftir því sem lengra dregur til norðvesturs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Pingnes, 1; Túnakort 1920

#### BO-171:062 *Tjaldhóll* þúst óþekkt

373074 459931

Örnefnið Tjaldhóll gæti bent til hugmynda um að þar hafi verið tjaldað yfir þingbúðir eða annað tímabundið skjól á síðari öldum. Höllinn er í túni sem nefnist Langivöllur og er á milli bæjar 001 og túns sem heitir Stöðull (sjá 018), austan við heimreið. Á því svæði er lítil sumarhúsalóð og er höllinn í austurhorni hennar, á lágum bakka vestan við myrlendi.

Túnið er flatlent og sá hluti þess sem ekki hefur verið tekinn undir sumarhúsalóðina er nýttur fyrir hrossabeit. Innan lóðarinnar er talsverður trjágróður og eru tré allt í kringum Tjaldhól nema að suðaustanverðu þar sem sumarhús er byggt þétt við hann.

Ekki er augljóst hvort Tjaldhóll sé manngerður eða náttúrulegur en þar sem að túnið er víðast mjög flatlent er líklegt að höllinn sé manngerður. Hann er 11,5 m langur (norðaustur-suðvestur) og 9 m breiður. Hæð hans er 0,4-0,5 m og í honum miðjum er afgerandi niðurgröftur eftir súrheysgryfju sem grafin var á 20. öld. Gömul heyvinnuvél er á vestanverðum hólnum. Mögulegt er að bygging sumarhússins suðaustan




Púst 062 á Tjaldhóli, horft til norðausturs á ljósmynd.

við hólinn hafi raskað honum að einhverju leyti.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**BO-171:063** sáðsléッta tún

373163 459781



Mynd tekin til norðurs úr lofti yfir beðasléttur 063.



Kort sem sýnir afstöðu beðasléttu 063 við aðrar minjar í næsta nágrenni.

Mjög greinilegar beðasléttur eru á nokkuð stóru svæði sunnan við Langavöll í gömlu túni sem heitir Stöðull (sjá 018) og er nýtt fyrir hrossabœit. Beðin eru 80 m suðaustan við beðasléttur 055 og 240 m suðaustan við bæ 001.

Túnið er nokkuð flatlent en talsvert er um ójöfnur í því þar sem minjar virðast vera undir sverði auk beðanna. Stöðulsíki er austan við túnið og mýrlent er sunnan og vestan við það.

Beðasléttur eru á svæði sem er 58x42 m að stærð og snýr norður-suður. Beðin liggja þvert á svæðið og eru í aflíðandi halla mótt austri niður að Stöðulsíki. Þau eru víðast um 5 m á breidd og 0,1-0,3 m á hæð. Rennur á milli þeirra eru misbreiðar, víðast 0,5-1 m. Beðin eru ógreinilegust austast og nyrst en greinilegust við fjárhústóft 016 sem virðist byggð ofan í beðin frekar en öfugt, þó er sambandið milli þessara minja ekki alveg augljóst.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-171:064\_01** tóft fjós

373146 459846

Útflattar, meintar minjar eru norðaustast á túninu Stöðli (sjá 018), sunnan við Langavöll, á lágri hæð í túninu. Eru þær 16 m norðan við beðasléttur 063 og 200 m suðaustan við bæ 001. Tóft 015 er fast norðan minjarnar en er sýnilega talsvert yngri en þær. Sjá má stóra útflatta tóft og flata þúst á svæði sem er 29x30 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hlutverk þessara minja er ekki þekkt en lögun þeirra og staðsetning benda til þess að um fjós (tóft 01) og heygarð (þúst 02) sé að ræða. Í Skrá um friðlýstar




Yfirlitsmynd tekin úrlofti til suðvesturs. Tóftir 064 eru fyrir miðri mynd, á milli túngarðs 014 og beðaslétta 063.

minjar segir: “Þingbúðatóftir 2, báðar suðaustan til í túninu á svokölluðum stöðli, er önnur á dálitlum hól, sem hefir verið sléttæð í kringum; snýr í norðaustur; hin er við svonefndan Búðarhól [sjá 016] og snýr í suðvestur.” Svo virðist sem að fyrri tóftin sem nefnd er í friðlysingskránni sé tóftin sem hér fær númerið 064\_01 og ætti því að vera friðlýst. Lögun hennar minnir hins vegar lítið á þingbúðir en ekki er útilokað að þingminjar sé að finna undir yngri minjum á þessum stað.



Tóft 064\_01, horft til norðvesturs.



Uppmældar tóftir 064.

Túnið er sléttáð en talsvert er um ójöfnur í því sem eru að miklu leyti signar fornminjar. Það er nýtt til hrossabeitar.

Lýsingin hefst austast á svæðinu, á aflangri tóft sem er 29x12,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin virðist vera breiðust í norðurenda þar sem líklega hefur verið op inn í hana. Þar er hálfgróið rof og eru mörk norðurgafls nánast ógreinanleg. Hæst er tóftin að austanverðu, þar sem veggir hennar eru 0,5 m á hæð. Austurhlið tóftarinnar er frammi á lágum bakka sem ýkir líklega hæð veggjarins. Innanmál í tóftinni er afar ógreinilegt en skýrast er það í innri brún austurveggjar. Aðeins sést móta fyrir einu hólfi. Óljóst má greina lágan hrygg sem gengur frá suðurenda tóftar til austurs og minnir á beðin litlu sunnar, ekki er þó ljóst hvort um er að ræða sigið garðlag, beð eða náttúrulega brún á hæðinni sem minjarnar eru á. Guðmundur Ólafsson segir í skýrslu um friðlýstar fornleifar í Borgarfjarðarsýslu: "Búðahóll [svo] er einnig nefndur Þinghóll. Ofan í hann er löng dæld, en ekki er hægt að greina á henni neitt byggingarlag." Lýsing Guðmundar virðist frekar eiga við þá tóft sem hér er skráð en tóft 016 sem er á þeim hóli sem heitir Búðarhóll, samkvæmt heimildamanni, Sveinbirni Eyjólfssyni, og örnefnasjá Landmælinga Íslands.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Skrá um friðlýstar fornminjar, 7; GÓL 1996, 50; Örnefnasjá LMÍ: <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>

**BO-171:064\_02** þúst heygarður

373133 459842



Þúst 064\_02, horft til suðausturs.

Stór, flöt þúst er fast vestan við tóft 01. Hún er 21x17 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mörk hennar til suðurs og SSA eru ógreinleg. Hún er lítillega ójöfn að ofan og mörk hennar til suðurs eru ógreinileg. Þústin er lægri en tóft 01 og er 0,3-0,4 m á hæð. Sem fyrr segir er líklegt að í þústinni leynist leifar af heygarði við meint fjós 064\_01.

**Hættumat:** engin hætta

## BO-661 Fl. á fleiri en einni jörð í Andakílshreppi.

**BO-661:004** heimild um leið

370158 454073

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 NV frá 1911, liggur frá Ausu (BO-161) í norðaustur að Vatnshömrum (BO-160). Þessi leið tengis leið 003 sem lá frá Ausu að Hvanneyri og leið 007 við Vatnshamra. Leiðin var skoðuð að mjög litlu leyti í landi Vatnshamra haustið 2022, þar sem hún sameinast leið 007 suðaustan við heimatún jarðarinnar.

Leiðin lá um mólendi, mela og myrarsund.

Ekki sáust skýr ummerki um leiðina þar sem hún var skoðuð 2022 en það skal tekið fram að um mjög lítinn hluta var að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 NV

**BO-661:007** heimild um leið

370140 454002



*Gróinn ruddur vegur er í landi Vatnshamra þar sem eldri leið 007 lá, horft til SSV.*

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 NV frá 1911, liggur frá leið 006 norðan við Miðfossa (BO-155) í norðvestur framhjá Vatnshömrum (BO-160) að leið 008. Leiðin var skoðuð í landi Vatnshamra þar sem hún liggur af Kastalamelum til suðurs (SSA).

Leiðin liggur yfir klapparása og mela en inn á milli eru blaut myrarsund.

Á leiðinni sjást ekki reiðgötur en þar er gamall ruddur vegur sem enn sést mjög vel. Honum var fylgt frá Upptúni á Vatnshömrum BO-160 þar sem hann er í stórbýfðum móa á milli Kastalamela og túnsins. Þar er vegurinn samsíða og neðan (vestan) við núverandi heimreið að Vatnshömrum en búið er að planta trjám beggja vegna við hann og í hann á kafla. Vegurinn er um 2 m á breidd og

niðurgrafinn um 0,1-0,2 m á þessum kafla. Áfram heldur vegurinn sunnan Borgarfjarðarbrautar (50) og er þar mun greinilegri og minna gróinn. Leiðin er um 3,5 km löng og var fylgt á um 1 km löngum kafla.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 NV

**BO-661:008** gata leið

370659 454653

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 NV frá 1911, liggur frá Kvígsstöðum (BO-157) í vestur að leið 014 norðan við Bárustaði (BO-167). Leiðin var skoðuð á stuttum kafla í landi Vatnshamra BO-160 haustið 2022.

Þar liggur leiðin um lítt gróinn mel fast norðan við hálfgróinn klettabrygg sem er í framhaldi af og austan við klettinn Kastala BO-160:008. Norðan við leiðina er myrlent svæði.

Leiðinni var fylgt á um 200 m löngum kafla þar sem leiðin liggur austur-vestur. Þar sést hún sem 0,5 m breiður moldarstígur og virðist haldið við af sauðfé.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 NV

**BO-661:012\_01** Slörk gata leið

372463 458572

Óviss gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 NV frá 1911, lá frá Heggstöðum (BO-159) í norður meðfram Hatti, sveigir til vesturs við Grímsá, yfir Landbrot og Áskeldu og að Hvítárvöllum (BO-169). Á þessari leið eru tvær brýr (sjá 02 og 03) yfir Landbrot og Áskeldu í landi Hvítárvalla. Leiðin var



Óljósar götur á leið 012\_01 sunnan við Slarkarhólma,  
horft til VNV.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 NV; Ö-Hvítárvellir, 3

skoðuð á litlu svæði í kringum Stóra-Skjólhól í landi Hvítárvalla í örnefnaskrá þeirrar jarðar segir um leiðina: "Skammt frá Eyrar-Landbrotinu er Kelda, sem heitir Troðningskelda. Með bökkum hennar er heldur óþverraleg leið, sem nefnd er Slörk." Engin ummerki fundust um leiðina þar sem þeirra var leitað í landi Hvítárvalla norðan við Stóra-Skjólhól og er hún vísast víða horfin í deiglendi. Óljós ummerki sjást hins vegar um leiðina sunnan við Slarkarhólma við bakka Hvítár.

Leiðin lá um grasgefin og nokkuð deiglend svæði en þurrt er á bökkum Hvítár.

Sunnan við Slarkarhólma sjást óljóst 1-4 götur á grösugum árbakkanum sem hægt var að fylgja á um 22 m löngum kafla (A-V).

## MH-030 Höfði

24 hðr. 1708. Bændaeign. "Bænhús segja menn hjer hafi verið og er það af fallið fyrir manna minni, so að valla sjást þess merki nú" JÁM IV, 286.

1917: 4.8 ha; ¼ sléttur; Garðar 340 m2. "Skógur til kolagjörðar og eldiviðar nægur. Raftvið má þrotinn kalla. Torfrista og stúnga næg. Móskurður hefur verið, meinast vera en brúkast ei. Silúngsveiðivon í Þverá. Berjalestur gagnvænn heimamönum" JÁM IV, 287. "Landslagi er svo hátta, að upp frá bænum er landið bratt, klettótt, en þegar ofar kemur, er hálsinn meira gróinn og kjarri vaxinn utanvert við Karlsdal. Sunnan þjóðvegar að Litlu-Þverá er undirlendi, sem að mestu hefur verið ræktað. ... Fyrr á árum átti Höfði engjaí tak í Norðurárdal, sem heitir Kerlingahólmi. Var það selt að Brekku fyrir allmögum árum. Dálítill hlunnindi eru af laxveiði í Litlu-Þverá. Á merkjum Höfða og Skarðshamra er Hólmavatn, allstórt vatn, sem áður fyrr var í þó nokkur silungsveiði. Nú síðari ár hefur hún verið lítið stunduð... Á Höfða er rekið blandað bú." BB III, 60.

**MH-030:017 Flykkistjörn** þjóðsaga legstaður

383171 476358



Flykkistjörn, horft til suðvesturs.

"Einu sinni var hof á Höfða. Maður nokkur, sem bjó á Brekku í Norðurárdal, vildi láta grafa sig þar, en varaði við, að farið yrði með líkið yfir Flykkistjörn. En er bóndi andaðist, hagaði svo til, að allt var á ís, og varð ekki komið hjá að fara yfir tjörnina. En er kom út á hana, sökk allt niður, og er þar líklega enn," segir í örnefnalýsingu. Flykkistjörn er á landamerkjum í norðvesturenda Karlsdals suðvestan undir mynni Hólmavatnsskarðs, um 1,85 km austan við Glitstaði MH-059:001 og um 1,9 km norðvestan við Höfða 001.

Tjörnin er í flatlendri myri, sunnan undir brattri grasigróinni brekku. Til vesturs er lágt, grýtt og grasigróið holt eða hæð. Lækir renna niður í tjörnina í myrinni að vestan, úr Hólmavatni í

norðaustri og Leirtjörn í norðvestri.


Tjörnin er grunn, gróflega hrunglaga og um 97x92 m í þvermál. Bakkar hennar eru lágir og grónir háu grasi. Ekkert sést til fornleifa enda ekki um ápreifanlegar minjar að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Höfði, 4-5

**MH-030:030** tóft óþekkt

382815 475931



0 0.25 0.5 0.75 1 m

Tóft 030, horft til norðausturs á ljósmynd.

Grjóthlaðin tóft er efst á klettaás sunnan við Kolássund (sjá 031), um 1,9 km norðvestur af bæ 001. Svæðið einkennist af klettaásum, hálfgrónum mosa og lyngi, sem liggja norðaustur-suðvestur. Umhverfis eru mýrarsund, einkum til norðvesturs, en birkikjarr til suðausturs.

Tóftin er hlaðin upp við klett efst á ásnum og snýr norðaustur-suðvestur. Hún nýtir klettinn fyrir norðvesturhlið en L-laga hleðsla afmarkar norðaustur- og suðausturhliðar. Op er inn í tóftina á suðvesturhlið. Tóftin er um 1,5 m á lengd og 1 m á breidd. Breidd veggja er um 60 cm og er innanmál tóftarinnar um 70 x 45 cm. Tóftin er hlaðin úr hellugrjóti og er hæð veggja 25-30 cm á hæð. Í hleðslunni eru 6-7 umför af grjóti en töluvert er tekið að hrynya úr hleðslunni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega er um skýli eða smalakofa að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**MH-030:031** Kolás örnefni kolagröf

382931 476005



Kolás, horft til suðvesturs.

Kolás er merktur inn á örnefnasjá Landmælinga Íslands, um 1,9 km norðvestur af bæ 001. Samnefndur ás (sjá MH-059:012) er um 300 m norðvestar í landi Glitstaða en Kolássund liggur á milli ásanna.

Kolás er láger hálfgróinn melás. Birkikjarr er á og um umhverfis ásinn.

EKKI fundust merki um kolagrafir við ásinn en ekki er útilokað að þær leynist á svæðinu, huldar kjarri.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örnefnasjá LMÍ

## MH-032 Arnbjargarlækur

24 hðr. 1708. Bændaeign. JÁM IV, 288 Jarðarinnar er getið í Landnámabók: "Arnbjörg hét kona; hon bjó at Arnbjargarlæk. Hennar synir váru þeir Eldgrímur, er bjó á hálsinum upp frá Arnbjargarlæk á Eldgrímsstöðum..." (ÍF I, 86). Jarðarinnar er getið í vitnisburði frá 3. maí, 1504, þar segir: "...worum vær j hia savm og heyrdvm æ at einar einarson slo einar oddsson fodvr sin t(v)av eda þpriv hog ligiande j sængegni og hrækte j anlit honvm svo uær savm ok aldre sætest einar einarson vid fodur sín vpp fra þvi. svo visvm vær ad þeim kom til vm jordina arnbjargarlæk ad einar odzson sagdest aldre hafa fefit honvm fyr greinda jord nema hann fære ad sinvm radvm." (DI VII, 687). Í jarðaskiptabréfi frá 27. júlí 1562 kemur fram að Jón Grímsson skiptir jörðinni Arnbjargarlæk fyrir Kjalandal í Skilmannahreppi. "Hier i mot gaf tijttnefndur Jon Grijmmsson optnefndum Sæmundur Sigurdssyne jordena Arnbjargarlæk..." (DI XIII, 759-60). Spóamýri var keypt til Arnbjargarlæks árið 1901. Ö-Arnbjargarlækur, ID,24. "Spóamýri sem nú fylgir jörðinni.." BB III, 53.

1917: 4.9 ha; 5/6 sléttur; Garðar 530 m<sup>2</sup> "Skógur til kolagjörðar og eldiviðar, endist enn nú. Torfrista og stúnga hjálpleg. Móskurður til eldiviðar bjarglegur. Laxveiðivon í Þverá í betra lagi. Enginu spillir bæjarlækurinn með grjóts áburði. Vatnsból þrýtur um veturn, og er þá stórerfitt til að sækja" JÁM IV, 289. "Hálsinn upp af bænum er fremur hrjóstrugur, melholt og mýrarsund og lítið kjarr. Sunnan þjóðvegar er grösugt, með skógarásum og mýrarsundum austan til, en þegar neðar í landið er komið, tekur við Spómýrarland sem er þurrleitar og gott ræktunarland. Þar eru mikil og samfelld tún. Á jörðinni er rekið fjárbú. Arnbjargarlækur er mikil hlunnindajörð af laxveiði í Þverá, sem er á suðurmörkum landsins. Sunnan þjóðvegar...er spilda leigð Skógrækt ríkisins og í suðurhluta þessarar spildu, þar sem skjóls nýtur, eru komin vöxtuleg grenitré sem gróðursett voru upp úr 1960" BB III, 53.

**MH-032:022 Tjaldrekka heimild um áfangastað**

381562 472511



Tjaldrekka 022, horft til norðausturs.

"Vestast í Gildruás er brekka, sem heitir Tjaldrekka, og rétt við hana er melur sem heitir Götumelur [sjá MH-621:018]," segir í örnefnaskrá. "Þar tjölduðu ferðamenn sem lögðu leið sína þar yfir," segir í viðbótum við örnefnaskrá. Tjaldrekka er um 360 m norðaustur af bæ 001.

Tjaldrekka er mosa- og kjarrivaxin brekka í aflíðandi halla til suðvesturs. Þverárhliðarvegur liggar norðaustur-suðvestur sunnan við brekkuna en malarvegur liggar til norðurs útfrá Þverárhliðarvegi vestan við Tjaldrekku. Girðing er sunnan við brekkuna.

Ekki sáust nein ummerki um fornleifar á yfirborði í Tjaldrekku, en óvist er þau hafi nokkurn tímann verið sýnileg.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Arnbjargarlækur, 4; Ö-Arnbjargarlækur ID, 12.

## MH-035 Höll

24 hdr. 1708. Bændaeign. JÁM IV, 291. 1917: 4.6 ha; 4/7 sléttur; Garðar 340 m2 “Torfrista og stúnga næg, og reiðíngsrista til heimabús. Torfskurður til eldiviðar lakur, so ábuandi þarf hrís til að kaupa. Túninu spillir sandfjúk. Engjar spillast af grjótskriðum úr brattlendi.” JÁM IV, 291. “Þegar þangað er komið, er kjarrlendið alveg horfið og skiptast á mýrarsund, grófir melar og holt. Suður frá bænum er allstór flói, sem liggur vel við túninu til ræktunar... Á jörðinni er nú rekið fjárbú.” BB III, 62.

**MH-035:012** *Byrgisholtsmýri* örnefni óþekkt 378556 471671

“Niður af þeim [Skurðarbotnum] er Byrgisholtsmýri [...] en holtið er hvergi til.” segir í örnefnaskrá Hallar. Byrgisholtsmýri er fast vestan Grænamels um 700 m ofan og NNV við bæ MH-035:001. Hvar Byrgisholt hefur verið er óljóst. Ekki er útilokað að hluti af Grænamel eða ónefndum mel vestan við mýrina hafi eitt sinn heitið þessu nafni. Einnig er hugsanlegt að Byrgisholt eða Byrgishóll hafi eitt sinn verið hluti af Náttmálahólum suðvestan mýrinnar, en engar fornleifar fundust á þessu svæði.

Mýrin er vel grasigróin, þýfð og deig á meðan Grænimelur er allur rofinn. Bílslóði liggur yfir melinn til norðurs.

Ekki er vitað hvernig byrgi var um að ræða sem Byrgisholtsmýri var nefnt eftir. Þar gæti hafa verið um að ræða skotbyrgi, fjárbyrgi eða smalabyrgi. Ekkert sést til fornleifa svo að ef mannvirki var einhvern tíman á svæðinu er það horfið í dag (2023).

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Höll, 3

**MH-035:013\_01** varða eyktamark 378298 470690

Tvær vörður eru á efst á vesturhlið Ássins, um 670 m norðvestur af bæ 001. Sú stærri 02 er um 15 m sunnan við Miðaftansskarð en minni varða 01 er um 85 m norðar. Vörðurnar eru líkast til eyktamörk, samanber örnefnið Miðaftansskarð.

Ásinn er hár klettaás, hálfgróinn mosa. Grunnt grasi gróið skarð er u.þ.b. í ásnum miðjum og liggur það ANA-VSV.



Varða 013\_01, horft til SSV.

Varða 013\_02, horft til SSV.

Varða 01 er um 1,8 m á hæð. Hún er ferstrend en mjókkar lítillega upp. Varðan er um 1,1 x 0,9 m að grunnfleti og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er vel hlaðin og má telja um 12-13 umför af grjóti en hrunið hefur úr efri helmingi vörðunnar á suðvesturhlið. Grjótið í vörðunni er lítillega skófum vaxið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**MH-035:013\_02** varða eyktamark 378301 470775

Varða 02 er um 85 m norður af vörðu 01. Hún er um 30 cm á hæð og eru í henni 3-4 umför af grjóti.

Varðan er ferstrend í grunn, tæpur 1 x 0,7 m að grunnfleti og snýr austur-vestur. Grjótið í vörðunni er lítillega skófum vaxið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**MH-035:014** *Tíðaskarð* heimild um leið

378126 470145



*Tíðaskarð 014, horft til vesturs.*

“Neðsta skarðið í Ásinn heitir Tíðaskarð [...]. Þar var farið, þegar farið var til tíða í Hjarðarholti [sjá MH-061:002],” segir í örnefnaskrá. Tíðaskarð er nokkuð norðaustan við Háls í landi Hjarðarholts um 1,1 km suðvestan við núverandi bæjarstæði Hallar (hús byggt 1955) og 480 m SSV við stekk 023.

Allt svæðið er fremur deiglent en þó rísa þar nokkur hálfgróin og lág holt upp úr því. Tíðarskarð er á milli tveggja slíkra holta.

Engin ummerki um leiðina sjást lengur þar sem þeirra var leitað í Tíðaskarði. Ekki sjást heldur götur á loftmyndum þar sem hún lá um deiglendi og líklegt að þar hafi ummerkin horfið fljótlega eftir að hætt var að fara leiðina

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Höll, 3

**MH-035:019** náma mógrafrir

378617 471824



*Mógrafrir 019, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

Í Skurðbotnum, sem eru á milli Hvítmela og Reynimela, er að finna allmikil ummerki um mótekju. Mógrafrir eru um 750 m NNV við núverandi bæjarstæði Hallar (hús byggt 1955) og 150 m NNA við Byrgisholtsmýri 012.

Mógrafrir eru á deiglendu og smálþýfðu svæði sem afmarkast af melum og holtum til allra átta nema til suðvesturs; þar er sund og tekur Byrgisholtmýri við suðvestan við það. Holtin og melarnir eru mosagróin að nokkru leyti en einnig er lynggróður á þurrlandi.

Mógrafrir eru á svæði sem er 110 x 40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Fjöldi grafa er innan svæðisins og ekki hægt að áætla fjölda þeirra en hann skiptir þó tugum. Ystu mógrafrir eru þurrar og margar signar saman en þegar farið er nær miðju svæðisins verða þær skýrari og er vatn í botni á mörgum þeirra.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**MH-035:020** frásögn mógrafir

378276 471492

Samkvæmt Grétari Þór Reynissyni, heimildamanni, voru 2-3 mógrafir í lítilli myri undir brúnunum vestan Byrgisholtsmýrar, um 700 m norðvestan við bæ 001.

Á þessu svæði er aflöng, flatlend og grasgróin myri, 5-6 m neðan og vestan undir malarbökkum norðan Náttmálahóla.

Mýrarflákinn er um 180 m á lengd, um 70 m á breidd og snýr gróflega norður-suður. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt heimildamanni er búið að fylla uppí grafirnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**MH-035:021** gata leið

379379 472107



Gata á leið 021, horft til suðurs.

Samkvæmt Grétari Þór Reynissyni, heimildamanni, er gömul leið sem liggur upp milli Skolladals og Gildrubrekka 025, til norðurs yfir í Norðurárdal. Leið þessi er vel greinanleg í Gildrubrekum vestanverðum, um 1 km norðaustan við bæ 001. Á þessu svæði eru Gildrubrekur grasgrónar og halla til suðurs og lítt gróið klettabelti er upp af brekkunum til norðurs.

Ofan og norðan við Gildrubrekur er hægt að greina einfaldan stíg eða gótu sem liðast upp klettabeltið til norðurs, en gatan hverfur þegar komið er niður í myri til suðurs. Gatan er 0,3-0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt. Greinilega hefur einnig verið keyrt þessa leið á bílum svo erfitt er að greina hvað er upprunaleg gata og hvað eru hjólför. Leiðinni var fylgt á um tæplega 500 m löngum kafla milli Skolladals og Flata upp til norðurs í átt að Hestdal. Þessi leið hefur líklega tengst leið MH-621:017 norðan dalsins eða norðan Hallarmúla, í Brekkuskarði, um 1,8 km NNA við bæ 001.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**MH-035:023** tóft stekkur

378257 470610

Samkvæmt Grétari Þór Reynissyni, heimildamanni, er ætið talað um “að fara út í stekk” þegar farið er yfir í suðaustanverðan Hallardal. Þar er tóft 023 sem ætla má að sé stekkjartóft sem er staðsett um 780 m suðvestan við bæ 001 og um 200 m NNV og innan við Hallarskarð.

Tóftin situr í litlum bolla í brattri, grasgróinni brekku framan og suðvestan í háu klettabelti sem snýr



Stekkjartóft 0223, horft til VSV á ljósmynd.

NNA-SSV. Tóftin er um 3-4 m neðan við brún klettabeltisins og í um 4-5 m hæð ofan við víðfeðma, deiga og flattenda grasigróna myri í botni Hallardals.

Bygging tóftarinnar gefur einnig til kynna að um stekk sé að ræða. Tóftin er þrískipt, um 21 m á lengd, 8-11 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru signir, 2-3 m á breidd og 0,5-0,8 m á hæð. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og samsett af þremur hólfum. Gengið hefur verið inn í tóftina inn í hólf I fyrir miðjum suðvesturvegg tóftar. Grjóthlaðinn inngangurinn hefur líklega verið um 0,5 m á breidd, en hann er fallinn saman. Hólf I er um 6 m á lengd og um 1,5 m á breidd að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það er samfallið og hefur líklega verið 2-2,5 m á breitt áður en veggir þess fíllu inn. Tvö önnur hólf eru inn af hólfI til beggja enda. Hólf II er í suðausturenda tóftar og hólf III er í norðvesturenda hennar. Ekki er hægt að ganga inn í hólfin tvö nema innan úr hólfI. Hólf II er um 4,5x1,5 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Gengið hefur verið inn í hólfI um vesturvegg þess miðjan um 0,5 m breiðan, samfallinn inngang. Hólf III er aðeins óljósara en hólf II. Það er um 3,5 m á lengd, um 2 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Gengið hefur verið inn í hólfI í suðurhorni í gegnum suðausturvegg. Inngangur er ekki eins greinilegur og í hólfI en hefur líklega verið svipaður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**MH-035:024\_01** varða óþekkt

379118 471987



Varða 024\_01, horft til ASA.

Tvær vörður 024\_1 og 024\_2 eru á tveimur klettakollum í landi Hallar, um 100 m suðvestan við Skolladal og um 930 m NNA við bæ 001. Um 40 m eru á milli varðanna tveggja og stendur varða 024\_01 nokkuð ofar og VNV en varða 024\_02 en skýr sjónlína er á milli þeirra.

Klettakollarnir tveir eru í miðri fjallshlíð um 240 m sunnan og neðan við Réttarkletta 010, og eru þeir lítt grónir mosa og ljónslöpp.

Varða 024\_01 er grjóthlaðin en nokkuð sigin. Hún er kassalaga, um 1x0,5 m í grunnflatarmál og 0,3-0,4 m á hæð. Steinarnir eru grónir mosa og skófum. Hlutverk varðanna er óþekkt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**MH-035:024\_02** varða óþekkt

379155 471976



Varða 024\_02, horft til VNV.

Varða 02 er um 10 cm há og eru aðeins í henni tvö umför af grjóti. Hún er um 50 x 70 cm að stærð, hlaðin úr hellugrjóti og er grjótið í vörðunni nokkuð mosa og skófum vaxið. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## MH-056 Hafþórsstaðir

16 hdr. 1708. Bændaeign. Fyrst getið í jarðabókum frá lokum 17. aldar. "Hjer hefur að fornu bænhús verið, en ekki tíðir veittar í manna minni". JÁM IV, 297. "Áður fyrr áttu Hafþórsstaðir engjastykki, Tunguengi, sem er norðan Deseyjarkvíslar, en það var selt og tilheyrir nú Hreimsstöðum. Sanddalstunga er nýtt frá Hafþórsstöðum. ... Hafþórsstaðir eiga upprekstur á Hellistungur." - BB III, 94.

Tún 1917: 3,8 ha; 1/6 þýft, Garðar 240 m2. 1708: "Kvaðir öngvar. Geldfjárekstur ut Skarðshamar. Torfrista og stúnga er lök. Engi er árliga tilkeypt v aura leigu, það er afdeilt pláts fyrir vestan Norðurá, fylgir öngri jörðu, og helmingur þess pláts, sem kallast Tunguengi. Eldivið allan þarf að kaupa. Vatnsból bregst um vetur og er þá meinerfitt." JÁM IV, 297. "Undirlendi er lítið, mestmegin melar og móar með graslautum hér og þar. Nokkrar valllendisfitjar eru við Norðurá. Talsvert af þessu landi hefur nú verið ræktað, annars eru möguleikar til túnræktunar fremur litlir. Allstórt land eig Hafþórsstaðir a Grjóthálsi. Er landslag þar mestmegin valllendisbrekkur og myrasund milli klettastalla." BB III, 297

### MH-056:013 Götás vegur leið

386803 479906

"Norðvestan við Háhlíðardal er klapparás, er heitir Götás. Þar lá vegurinn áður fyrri, og liggur enn, þó nú sé hann ekki mikið farinn," segir í örnefnalýsingu. Gamla leiðin yfir Grjótháls lá sunnan við Bæjarlækinn á móts við bæinn ofan í Bæjargilinu en síðan yfir lækinn ofan við fossinn neðan við Norðlingabrekku. Þaðan lá leiðin vestanmegin í gilinu upp undir Prestavörðu 014 og er þar ofan við komin upp á Götás. Þar liggur hún undir núverandi veg og liggur samsíða honum á kafla, meðfram suðausturbrún ássins, 10-20 m frá veginum. Þar eru vörðubrot á 2-3 stöðum en síðan hverfur leiðin alveg undir malarveginn. "Háhlíðardalur er kenndur við bröttu skriðurnar og hlíðina framan í Sandinum (Hafþórsstaðasandi), austan við Bæjargilið. En það á upptök sín úr Kötlunum og vestan úr Pokatjarnarhæðum. Gilið skiptir Háhlíðardalnum í tvennt. Fyrir vestan gilið eru Sundin, Götuásinn og Alviðra. Háhlíðardalurinn er nokkurn veginn um miðjan hálsinn á Hafþórsstöðum. Forarsundið í ofanverðum Háhlíðardalnum, sem er meðfram Götuásnum og er ofan við hann, hefur verið nefnt Torfmýrardalur, en það kemur ekki fram í skránni, svo ég veit ekki hvort þeir sem það sögðu okkur, hafa haft rétt fyrir sig í því." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofunar og ennfremur í sama skjali: "Síðan lá hún ofan í

gilið og yfir það. Þá var komið á hina götuna sem lá yfir Grjótháls. Hún lá áfram upp með gilinu að austan að Norðlingabrekku en þar yfir gilið vestur fyrir og upp með því þar fast með gilbrúninni og sumsstaðar ofan í því og síðan upp stallann upp á Götuás hjá Prestavörðu og út Götuásinn að austan með Pokatjarnarhæðum og yfir hrygg fyrir vestan Alviðru og ofan í Töfludalinn austanverðan. En þegar vegur var lagður yfir Grjótháls, sem var í kringum síðustu aldamót, var hann lagður frá Götuás austur fyrir Gilin og meðfram bröttu hlíðinni á Sandinum niður Krókalágar. Þar út við á og farið yfir ána á svo kölluðu Sandhólavaði. En áður fór gatan niður með gili að vestan, og síðan austur fyrir móts við Norðlingabrekku."

Í Bæjargili sést leiðin sumsstaðar sem einföld

reiðgata en annarsstaðar er hún greinilegur ruddur vegur um 2 m breiður. Á köflum hefur grjóti erið rutt úr og raðað meðfram, á öðrum eru sneiðingar og jafnvel hlaðið undir (eða hefur þjappast niður svo stallar hafa myndast) en hvergi eru slík ummerki samfelld á löngu bili. Neðan við Prestavörðu hverfur gatan alveg í míri og þó sjá megí hvar hún hefur legið eftir Götási eru þar hvergi skýr mannaverk fyrir utan vörðubrot á 2 eða 3 stöðum. Þau þurfa ekki að vera gömul og gætu tengst núverandi vegi sem er samhliða gömlu götunni á sama méli. Á Herforingjaráðskorti frá 1913 er Grjóthálsvegur sýndur á sama stað og hann er nú og er þessi leið því eldri.



Vörðubrot við Grjóthálsveg þar sem leið 013 yfir Götás lá áður; horft til suðvesturs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 3; Ö-Hafþórsstaðir svör, 9, 21-22.

**MH-056:014** *Prestavarða* varða samgöngubót

386870 480088

“Á norðurenda Götás er smávarða alveg við veginn, er heitir Prestavarða. Það er ævagamalt vörðubrot dálítið niður undan Kötlu.” segir í örnefnalýsingu. Prestavarða er 1130 m suður af bæ 001, á norðurenda ásaraðar sem núverandi Grjóthálsvegur liggar ofan (austan) við. Klapparhóllinn sem varðan stendur á er laus frá honum eiginlega Götás sem vegurinn liggar eftir en í sömu röð. Varðan er um 60 m norðvestur af Grjóthálsvegi og sést vel frá honum og neðan frá.

Á mosagrónum klettajhalla, á brúninni.



*Prestavarða 014, horft til norðausturs.*

“Prestavarða. Áður fyrr er Hvammsprestur þjónaði Norðtungusókn fór hann yfir Grjótháls. Þegar hann var að koma frá Norðtungu seinni part dags eða kvölds, þá á hann að hafa séð ljósið í Hvammi frá vörðunni þegar dimmt var orðið. Það hefur nú líklega verið hlaðið ofan á vörðubrotið svo hún er áberandi nú, en vörðubrotið sjálf er mjög fornt orðið.” segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Gamla leiðin 013 er lengst af mjög greinileg vestanmegin í Bæjargili en hverfur svo skyndlega í mýrarsund áður en hún kemst upp á Götás. Varðan sýnir hinsvegar vel hvert á að stefna, hvort heldur sem komið er að neðan eða ofan. Hún hefur verið hlaðin upp, og líklega haldið við í seinni tíð. Hún er 2,2 m há, strýtlaga og stendur

mjög vel. Engin merki sjást um eldri vörðu undir en vel má hún vera hlaðin á eldri grunni. Steinar eru víðar á stangli á norðurenda Götáss en þessi staður er rakinn til að vísa leiðina á óvissum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 3;; Ö- Hafþórsstaðir svör, 10

**MH-056:042** varða landamerki

386193 479185

Landamerki Hafþórsstaða 1923: “Gagnvart Skarðshamralandi eru merkin úr Merkjalág við Norðará sjónhending í svokallaðan Merkjastein við Lægrifossalæk þaðan sjónhending í eystri enda á Sjónborg þaðan sjónhending í vörðu [041] á há Pokatjarnarhæðum. Þaðan sjónhending í vörðu [043] sem stendur vestanvert í holtinu fyrir framan litla Hróðnýjarvatn. Þaðan sjónhending í vörðu við Sigmundarstaðamerki utanvert við Grjóthálsveginn.” segir í landamerkjalaýsingu frá 1923. Með tilvísun í sambærilega lýsingu á Skarðshamramerkjum var hornmarkið skráð 30.08.2008 sem MH-057:026: “Varðan hefur verið á mörkum þriggja jarða, um 3,1 km austur frá bæ 001 og um 20m frá Grjóthálsvegi sem liggar yfir hamrana. ... Landamerkjavarðan er nú horfin en nokkuð af lausum steinum er á klöpp á þessum slóðum sem stendur upp úr umhverfinu, rétt hjá landamerkjagirðingunni og gætu það verið leifar vörðunnar.” Grjóthrúga - sem gæti líka verið frostsprungin klöpp - er í vesturenda



*Mögulegar leifar af landamerkjavörðu 042, horft til vesturs.*

holtsins sem vegurinn liggur yfir og ristarhliðið á merkjum Hafþórsstaða og Sigmundarstaða er á. Hrúgan er um 30 m vestan við það. Girðingarhornið er nú um 20 m vestar og þar á milli eru steinar á stangli sem gætu hafa verið í vörðu en teknir til að styðja við vírgirðinguna. Landamerkjavardan á holtinu framan við Litla Hróðnýjarvatn er nr. 043.

Á svæðinu eru mosavaxnir klettaásar eða holt sem liggja norðaustur-suðvestur. Milli ásanna eru mýrarsund og tjarnir en annars grasmói.

EKKI SJÁST ÖNNUR MÖGULEG UMMERKI UM VÖRÐUNA EN GRJÓTDREIFIN VIÐ BRÚN HOLTSINS.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 109-110

**MH-056:054** varða samgöngubót

386622 479741

Unglekt vörðubrot er um 5 m suðvestan við Grjóthálsveg, um 1,48 m suður af bæ 001.

Grjóthálsvegur liggur yfir hálfmosagrón klappar- og klettaása. Grasmói og mýrarsund eru milli ásanna.

Vörðubrotið er um 25 cm á hæð og 30 cm í þvermál. Í vörðunni eru þrjú umför af grjóti. Á sömu slóðum og Grjóthálsvegur liggur nú var áður eldri reiðleið MH-631:004 og er mögulegt að varðan tengist henni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Vörðubrot 054, horft til NNA.

## MH-057 Skarðshamrar

20hdr. 1708. bændaeign. Í Þórðar sögu hreðu segir: "Glúmur hét faðir þeirra. Hann bjó að Skarðshömrum." ÍF III: 2017. 28.2.1398 er jarðarinnar getið í sölubréfi en þá selur Hallur Svarthöfðason Jóni Gilssyni jörðina í Kalmanstungu í Borgarfirði, en Jón gefur á móti Sámstaði, Skarðshamra og Kleppstíu. DI III, 624. 27.3.1431 skipar Jón biskup í Skálholti hálfkirkju á Skarðshömrum í Norðurárdal. DI V, 5. Í Saurbæjarsamþykkt Odds biskups og Þórðar lögmanns frá 16. ágúst 1600 um hálfkirkjur í Borgarfirði stendur er minnst á hálfkirkju á Skarðshamri. AÍ II, 195-196. 1707 segir í Jarðabók Árna og Páls: "Hjer hefur að fornu bænhús verið og tíðir veittar í manna minni, en nú aflagðar fyrir meir en 20 árum" JÁM IV, 296.

1917: 5.0 ha. 2/5 hluti sléttur. Ga=kálgarður 550 m<sup>2</sup>. 1707: "Fjárupprekstur á Hellirstúngur ut supra. Skógur til kolgjörðar hefur verið híngað til, en er nægilegur enn til eldiviðar, þver mjög til kola. Engjatak jarðarinnar er mikinn part fyrir vestan Norðurá, þar sem heitir Haukey" JÁM IV, 296. "Slægjulönd handan Norðurár á Haukeyjum (nyrðri og syðri), Hesthólma og Kerlingarhólma. Jörðin á víðlend engi beggja megin Norðurár. Heimatún er mishæðótt og jarðvegur grunnur. Hálsinn upp frá bænum er með mörgum klettabeltum, en víða milli þeirra eru grasi vaxnir hjallar, þurrandi og myrlendi, ágætt beitiland. Laxveiði er í Norðurá og silungsveiði í Hólmavatni á Grjóthálsi." BB III, 160.

**MH-057:010 Yfirsetuhús** heimild um smalakofa 385138 478257

"Í holtinu fyrir norðvestan Töfludal var Yfirsetuhús," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Þórdísi Mjöll Reynisdóttur, heimildamanni, var smalakofinn um 2,2 km ASA við bæ 001 og 210 m NNV við vörðu 034. Smalakofinn var upphaflega skráður árið 2008 en aftur var farið á staðinn sumarið 2023. Engu er við fyrri lýsingu að bæta.

Holtið er mosavaxið en á einstaka stöðum eru smá grasblettir. Dalurinn er grasivaxinn og myrlendur á kafla.

Út frá örnefnalýsingu og samkvæmt upplýsingum frá Þórdísi Mjöll Reynisdóttur, heimildamanni, er líklegast að yfirsetuhúsið hafi verið á þessu holti en engar leifar þess sjást þar lengur.

**Haettumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skarðshamrar, 2

**MH-057:026** heimild um landamerki 386410 478806

"[frá vörðu á Pokatjarnarhæðum sbr. 025] sjónhending í vörðu sem stendur vestan á holtinu fyrir framan litla Hróðnýjarvatn ...," segir í landamerkjalyssingu frá 1922. "[frá 026] sjónhending í vörðu við Sigmundarstaðamerki utan vert við Grjóthálsveginn," segir í landamerkjalyssingu frá 1922. Varðan hefur verið á mörkum þriggja jarða, um 3,1 km austur frá bæ 001 og um 20m frá Grjóthálsvegi sem liggur yfir hamrana. Staðurinn var fyrst skráður 2008 en var heimsóttur aftur 2023. Engu er við fyrri lýsingu að bæta.

Mýrar eru neðar og norðar og litla Hróðnýjarvatn vestur af landamerkjagirðingunni. Umhverfis eru annars bæði þýfi og ber holt.

Landamerkjavarðan er nú horfin en nokkuð af lausum steinum er á klöpp á þessum slóðum sem stendur upp úr umhverfinu, rétt hjá landamerkjagirðingunni og gætu það verið leifar vörðunnar.

**Haettumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 110

**MH-057:033** varða óþekkt 385796 478905

Varða er nokkru austan við Pokatjarnarhæðir, um 2,5 km ASA við bæ 001 og 930 m norðaustan við smalakofa 010.

Varðan er ofarlega á mosagrómu holti sem er rétt norðan við gróið dalverpi, Fagradal. Til austurs er þverhnípt og þar eru hálfgrónir klettabelti. Þar má einnig sjá einstaka læki sem renna niður hlíðina.

Varðan er 0,6 m í þvermál og er 0,4 m á hæð. Hún er hlaðin er fremur smáu grjóti og hefur talsvert af grjóti hrunið úr vörðunni til austurs. Varðan er ekki við þekkt landamerki eða leiðir og hlutverk hennar



Varða 033, horft til suðurs.

er því óþekkt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**MH-057:034** varða óþekkt

385237 478056

Vörðubrot er á miðjum klettaás norðaustur af Tófudal, um 2,41 km suðaustur af bæ 001. Yfirsetuhús 010 var um 210 m NNV af vörðunni. Varðan er um 30 cm á hæð og um 50 cm í þvermál. Í vörðunni eru 3 umför af grjóti en hrunið hefur úr henni til vesturs. Varðan er mosagróin í botn og er grjótið í vörðunni skófum vaxið. Hluðverk vörðunnar er ekki þekkt en mögulegt er að hún tengist Yfirsetuhúsi 010.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Varða 034, horft til VSV.

## MH-059 Glitstaðir

1695: 30 hdr. Bændaeign. OILR, 150.  
1708: 23 hdr. Bændaeign. JÁM IV, 294.  
1847: 22 hdr. Bændaeign. JJ, 127.

Jörðin hefur einnig verið nefnd Glýstaðir eða Glisstaðir. Í Sturlunga sögu segir: “[...] Ólafur Þorgeirsson þeim í Lækjarskógi. Þá var tekinn annarr [hestur], ok reið hann þeim á Glýstaði. Þá inn þriðji ok reið hann þeim til búðar Sturlu [...]” ÍF XX, 103

Jörðin er einnig nefnd í Jarteinum Guðmundar Arasonar: “Byskup mælti [við Helgu, ekkju Sigmundar snaga]: “Gefa mun ek þér kvígu hálfa er okkr Máríu var gefin í vetr ok er suðr í Norðrárdal á Glýstöðum. [...].” ÍF XXII, 279.

[1563-1564]: Reikningar Eggerts lögmanns Hannessonar um dánarbú Daða Guðmundssonar í Snóksdal. “Jtem eitt quilldi hia Gisla aa Glitstödumm.” DI XIV, 203-205. “Virðist því sennilegt, að hún [Þórunn landnámskona í Þórunnarholti] hafi numið hálsinn norður frá Arnbjargarlæk, og, ef til vill, allt að Norðurá, t. d. þar sem nú mætast Glitstaða- og Svartagils-lönd, ...” ÁHÍF 1939, 90.

“En fyrir manna minni er útskiftur úr þessari jörðu fjórðúngur, sem enn nú hefur óskifta haga samanvið heimajörðina, og heitir sínu sjerdeilis nafni Uppsalir,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708. JÁM IV, 294.

Land Uppsala var lagt aftur til Glitstaða árið 1947 samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar. BB III, 93.

Túnakort 1917: 2,5 ha.; ½ þýft; Garðar 300m<sup>2</sup>. “Skógur til kolgjörðar og eldiviðar varði í manna minni, er nú gjöreyddur, so eldivið allan þarf úti að kaupa. Torfrista og stúnga laklig. Hætt er bæði högum og selhúsum fyrir snjóflóðum og skriðum,” JÁM IV, 295-296. “Beitilönd Uppsala og Glitstaða voru óskipt og áttu Uppsalir slægjuítök á Desey og Hrauney [...] Að norðanverðu liggur land jarðarinna að Norðurá gegnt Haukeyjum, Kerlingarhlóma og Desey, sem eru slægnalönd ýmissa jarða. [...] Engjar eru bæði víðlendar og grasgefnar á áðurnefndum eyjum, svo og sunnan Norðurár. Er þar mikil túnrækt. [...] laxveiði í Norðurá og Bjarnadalsá.” BB III, 93. “Torfrista var ákaflega slæm. Nothæf mótekja var í myrinni fyrir utan Gilið. Heiman við Hjallamýrina er holt, og voru mógrafir sitt hvoru megin við það.... Mór var tekinn frá Uppsöldum í Karlsdal, rétt fyrir neðan Kolludýið.” Ö-Glitstaðir og Uppsalir svör, 5. Þrjú örnefni benda til að þarna hafi verið geitur; Geitaberg, Geitabergsmói og Geitaskarð. Ö-Glitstaðir og Uppsalir I, 4.

### MH-059:012 Kolás örnefni kolagröf



Kolás 012, horft til SSV.

382558 476030

“Samhliða Dagmálaás, en sunnar, er Kolás,” segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: “Engin merki sjást um kolagerð í Kolás.” Örnefnið bendir til þess að á þessu svæði hafi verið stunduð kolagerð. Kolás er rétt sunnan við Silfratjörn, nokkru norðvestan við Hrútaborg og er um 1,3 km ASA við núverandi bæjarstæði Glitstaða (hús byggt 1955) og 630 m norðaustan við vörðu 023.

Kolás er fremur hár og gróðursnauður og er gróður helst að finna neðarlega á honum Kolásmýri er framfram ásnum að suðaustan og eru nokkur lítil, hálfgróin holt sem standa upp úr myrinni, Engin ummerki um kolagerð sjást á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Glitstaðir og Uppsalir AG & EP, 6; Ö-Glitstaðir og Uppsalir svör, 2


**MH-059:021** tóft beitarhús

381455 474960

Tóft er í Geitabergsmóá um 40 m ofan og norðan við Fiskivatn og um 1,4 km sunnan við bæ 001. Tóftin er í grasigróinni brekku með mildum halla til suðausturs niður að Fiskivatni. Rofabörð eru til suðurs og suðvesturs og ofan og norðan við tóftina er holtið nokkuð illa gróið.



▲



Beitarhús 021, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Tóftin er tvískipt, 12-15 m á lengd, um 12 m á breidd og snýr NNA-SSV. Tóftin er vel grasigróin og hlaðin úr torfi og grjóti, en veggir eru signir, 2-4 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð. Veggir virðast lægri að utan en innan sem gefur til kynna að tóftin sé að einhverju leysi grafin niður í holtið. Hólf I og II eru bæði opin til suðurs. Hólf II er þó styttra og nær mun lengra til suðurs en hólf I. Inngangar hafa verið um 0,5-1 m á breidd og hlaðnir úr grjóti, frekar en um timburþil. Hólf I er um 6x1,5 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hólf II snýr eins, en er suðvestar en hólf I, um 4,5x1,5 m að innanmáli og er meira samfallið. Hlutverk tóftarinna er óljóst en mjög líklega er hér um beitarhús að ræða, líklega smærri jötuhús. Engin greinileg ummerki má sjá um hlöðutóft norðan við hólf I en ekki er útilokað að hólf II hafi verið heystæði. Örnefni Geitabergsmóí gefur til kynna að geitum hafi verið beitt á svæðinu en engar heimildir eru til staðar sem tengja tóftina við geitahald, þó ekki sé hægt að útilokað slíkt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**MH-059:022** varða óþekkt

381142 474675



Lítill varða er efst í suðurbrún Hestadalshæða, um 120 m vestan við Fiskivatn og leið MH-631:009 sem liggur meðfram vatnsbakkanum á þessu svæði, og um 1,6 km sunnan við bæ 001.

Varðan er á ógróinni klettabrún í um 4-5 m hæð og sést ágætlega frá Fiskivatni.

Varðan er á um 0,5 m háum klettakolli á brúninni. Hún er illa grjóthlaðin og kassalaga, um 0,5x0,5 m að grunnflatarmáli og um 0,5 m á hæð. Varðan er ógróin og í henni eru aðeins 2-4 umför af stóru grjóti. Hlutverk hennar er óþekkt en hún gæti hafa verið samgöngubót á leið MH-631:009.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

Varða 022, norðausturs.

MH-059:023 varða óþekkt



Varða 023, horft til suðausturs.

382107 475597

Hrunin varða er nokkru norðvestan við Hólmatjörn, um 1,1 km suðaustan við núverandi bæjarstæði Glitstaða (hús byggt 1955) og 630 m suðvestan við Kolás SJÁ 012.

Á þessum slóðum eru Klapparásar sem liggja norðaustur-suðvestur og gróin mýrarsund á milli þeirra. Varðan er suðvestast á holti sem er lítillega norðan við norðausturenda Fiskivatns. Til norðurs eru hálfgrónir klettaásar.

Varðan er  $0,4 \times 0,4$  m að stærð og aðeins hlaðin úr 4 fremur flötum steinum. Hún er 0,3 m á hæð. Umhverfis vörðuna er grjót sem líklega hefur hrunið úr henni. Óvist er með hlutverk vörðunnar en hún er ekki við þekktar leiðir eða landamerki.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

MH-059:024 varða óþekkt



Varða 024 við Fiskvatn, horft til VNV.

381527 474848

Varða er suðvestarlega á tanga sem gengur út í Fiskivatn, um 1,5 km suður af bæ 001. Varðan er um 130 m suðaustur af tóft 021.

Tanginn sem varðan stendur á gengur til suðvesturs út í mitt Fiskvatn. Hann er lágur klettatangi, gróinn mosa og lyngi, en hækkar til norðausturs.

Varðan er um 45 cm á hæð og  $70 \times 60$  cm að grunnfleti. Í henni eru um 4-5 umför af grjóti en hún er nokkuð tekin að liðast í sundur. Grjótið í vörðunni er lítillega skófum vaxið en það er þó nokkuð misjafnt eftir steinum. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt. Mögulegt er að hún tengist tóft 021 en hún gæti einnig tengst merkjum Glitstaða MH-059 og Hamars MH-023 sem liggja um vatnið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


MH-059:025 tóft óþekkt

381676 475012



Tóft 025, horft til SSV á ljósmynd.

A



0 0,5 1 1,5 2 m

Lítil tóft er austarlega á tanga sem gengur út í Fiskivatn, um 1,3 km SSA af bæ 001. Tóftin er um 220 m ANA af tóft 021.

Tanginn gengur til suðvesturs út í mitt Fiskivatn. Norðaustarlega á tanganum eru um 2-3 m háir klettar og er tóftin þar austan undir. Grjót hefur hrunið niður að tóftinni en annars er mosa- og lynggróið undir klettunum. Um 2,5 m eru frá tóftinni að vatnsbakka og eru um 30 cm niður á vatnsyfirborð.

Tóftin er hringlaga, um 2,5 m í þvermál. Hún er grjóthlaðin og mikið sokkin í jörðu, um 5-15 cm á hæð en ekki sést skýr hleðsla. Breidd veggja er um 30-50 cm. Inngangur er mögulega til suðurs en er ekki fyllilega skýr.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**MH-059:026** varða landamerki

381132 474439



*Varða 026, horft til norðausturs.*

Unglekt vörðubrot er á Háuborg, um 1,8 km suður af bæ 001.

Háaborg er há klettborg. Umhverfis hana er grasmýri og Fiskivatn til norðausturs en Skálavatn til suðvesturs.

Fjórum steinum hefur verið raðað ofan á stóran Stein sem er um 80 x 60 cm í þvermál og 25 cm á hæð. Vörðubrotið er um 30 cm á þvermál og 10 cm á hæð. Hlutverk vörðubrotsins er ekki öruggt en líklega er um landamerki að ræða en Hornmark Glitstaða, Svartagils MH-060 og Hamars MH-031 er í Háuborg.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## MH-060 Svartagil

12 hdr. 1708. Bændaesign. Fyrst getið í kaupbréfum frá 1576. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Gelfjárupprekstur á Hellirstungur er frá þessari jörðu brúkaður um lángan tíma og gelst engin tollur af." JÁM IV, 294. "Bærinn var færður frá gilinu og niður á ávalan mel neðan við túnið. [...] Í Svartgilshrauni hafa á undanförnum árum verið reistir 16 sumarbústaðir." [...] "Jörðin var í eyði 1943-1980 en nytjuð frá Arnbjargarlæk og Norðtungu." - BB III, 107.

Stærð túns er 3,5 ha, 4/5 hluti sléttanda. Kálgarðar 430 m2. Túnakort 1917. "Torfrista og stunga bærilig. Eldiviðartak er keypt i skógi annarar jarðar. Túninu spillir skriða. Landþróng er mikil, og þiggja menn beit af þolinmædi nábúa sinna, bæði sumar og veturna. Kirkjuvegur erfiður og langur. Vatnsból erfitt um veturna þegar heima þrýtur." JÁM IV, 294. Minnst er á skóglendi í Norðurárdal milli Svartagils og Sauðhúslækjar og upp í fjallsbrún í Íslenskum fornbréfum DI III, 166, 535; DI V, 338; DI IX, 326. "Upp frá túninu eru brattar skriður með klettabeltum og grónum hjöllum. Þegar ofar dregur, taka við holt með mýrarsundum og móum á milli. Þar eru þrjú lítil stöðuvötn, og var nýlega fluttur í þau silungur. Undirlendi er talsvert. Austan til er það þakið hrauni, sem í er mikill gróður, mosi, lyng og birkikjarr, og gjótur með fjölbreytilegu blómastóði. Neðar með Norðurá taka við sléttu vellendisengjar, mjög grasgefnar og góð slægjulönd. Vestur frá Svartagili er þyrping óreglulegra klettaborga með mýrarsundum og brekkum á milli, er ná allt út undir Veiðilæk." BB III, 107

### MH-060:017 Kolviðarholt örnefni kolagröf

380733 474332

Kolviðarhæðir eru um 850 m austan við bæjarhló 001 og 1,1 km norðaustan við heystæði 022. Örnefnið bendir til þess að þarna hafi kolagerð verið stunduð. Kolviðarhæðir/-holt var upphaflega skráð árið 2007 en aftur var farið á svæðið sumarið 2023. Engu er við eldri lýsingu að bæta.

Kolviðarhæðir eru viðáttumiklar, ógrónar hæðir norðan við Skálavatn og um þær miðjar er sléttlendir lítt dalur sem er um 40-120 m breiður, mjög þýfður og vaxinn grasi og mosa. Dalurinn snýr ASA-VNV og afmarkast af Skálavatni í ASA og Merartjörn í VNV.


Engin ummerki um kolagrafir sjást nú á þessu svæði og heimildarmenn könnuðust ekki við slíkar athafnir í landi Svartagils í þeirra tíð. Engar skógarleifar eru á þessu svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Svartagil, 3

### MH-060:022 tóft heystæði

379991 473512



Heystæði 022, horft til austurs á ljósmynd.

Torfhlaðin tóft er rétt vestan við sunnanvert Mjóavatn, um 1,3 km SSA við núverandi bæjarstæði Svartagils (hús byggt 1980) og 570 m SSV við þjóðleið MH-631:011.

Tóftin er sunnarlega í grónu dalverpi sem afmarkast af hálfgrónum klettum til allra átta. Nokkuð er

um lítil og gróin skörð í klettunum. Svæðið hallar lítillega til suðvesturs, á átt að Hólmavatni. Nokkuð deiglent er umhverfis tóftina og smáþýft. Mosi er talsverður í sverði en gras er nokkuð vestan við tóftina. Tóftin er einföld, 5 x 4 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mögulega hefur hún náð lengra til VSV en veggur á þeirri hlið er alveg útflattur. Mesta veggjahæð er 0,4 m Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en út frá staðsetningu og gerð tóftar er líklegt að hún sé af heystæði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**MH-060:023** varða óþekkt

380733 474031



Varða 023, SSV.

Varða er suðvestarlega á tanga sem liggur út í mitt Skálavatn, um 1,9 m NNV af bæ 001.

Næst vatninu er grasmýri en klettaásar umhverfis. Á vesturhlið vatnsins liggur tangi með lágum mosavöxnum klettum út í vatnið.

Varðan er að mestu hrunin og er aðeins um 20 cm á hæð. Hún er fornleg og er að hverfa í mosa en greinanleg eru mest 3 umför af grjóti. Varðan hefur verið um 70-80 cm í þvermál en grjótdreif er úr henni til suðvesturs. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt. Ekki er þó útilokað að um landamerkjavörðu sé að ræða en merki Svartagils og Hamars MH-031 liggja um Skálavatn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 258

## MH-061 Hjarðarholt

1695: 50 hdr. Bændaeign. OILR, 152.

1709: 50 hdr. Bændaeign. JÁM IV, 325.

1847: 40 hdr. Bændaeign. JJ, 127.

[1140]: “ef prestr [í Stafholti] a j hiarðarhollt. Þa skolo .ij. prestar j stafahollt. [annars 3] Því at þat er Pangat vndir, til Hjarðarholts kirkju fellur heimatíund” Máld DI I 180 [Stafholts].

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10

[1480]: “[...] Jtem þá lä Hiardarhollt med sinne sokn under Stafhollt allt til þess ad biskup Thorlakur sette kyrkiu I Hiardarholle og þessa bæe þar til. Vijdelæk. Eijnufell. Holl. Lækiarkot. Spöamyre. Steinar. Lundur. Kadalstader og Backakot. [...]” Máld Stafholtskirkju DI VI, 268.

1495: “[...] j hiardarholle j stafholltzungum aa þingstad rettum vorum vær j dom nefndir [...].” DI VII, 300. Sbr. DI VII, 752, 774; DI XII, 556; DI XIII, 652.

27.6.1480: “[Prestadómur dæmir Hjarðarholtskirkju í vil um þau bréf] er lágu fyrir kirkjunum Stafholts og Hjarðarholts, hvorrrar skilríki skjallegrí væri, um þá fimm bæi, er ýmsar kirkjurnar höfðu tíundir af tekið, Stafholtskirkja og Hjarðarholtskirkja, er svo heita Steinar, Lundar, Kaðalstaðir, Bakki og Einifell.” DI VI, 269-70 [Lbs. 101 4to, bl. 366-67]

1544: Minnisgrein Gizurar biskups um hvað hann hafi fengið í umreið sinni. “hest fra hiardarholli hia Halldore brandzsyne.” DI XI, 360.

1568: “[...] ä almeniligu þriggia hreppa þingi. j Hiardarholli i Borgarfirdi.” DI XV, 137.

1575: Máld DI XV 620

Hjarðarholtssókn var lögð niður árið 1991.

Í Jarðatali Johnsns segir; “1804 er eyðiháleigan Hjarðarholtskot talin hér með” JJ, 127.

Bakkakot er afbýli af jörðinni, talinn fimm tungur hennar. JÁM IV, 326.

“Seltstöðu á kirkjan á Hellistungum fram á Norðurárdal, þar sem heitir Hjarðarholtsssel; hefur um lánga tíð ekki brúkast, því selstaðan er nú í almennings upprekstri og þar með í fjarska.

Skógarítak á Guðnabakkaland, þar sem nú heita Hríshólar og er nú gjöreytt. Það er afmarkað pláts. Annað skógarítak í Arnbjargarlækjalandi, ogso í vissu takmarki, þar sem heitir Þórunarholt. Þar er trúðhrís tekið og þrýtur mjög. Þriðja skógarítak í Laxfosslandi, þar sem heitir Leifshagi, brúkast til kolgjörðar; eyðist mjög. [...] Haga á jörðin í þverárhlið, þar sem nú heitir Lækjarkot. En fyrir fjarlægðar sakir var það bygt næstliðin 30 ár, nú aftur í auðn fallið [...],” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. JÁM IV, 326.

“Í Hjarðarholti var sýslumannsetur um tíma. [...] Ættarábúð hefur verið í Hjarðarholti síðan 1879.” BB III, 140.

1917: Tún 9 ha; 1/1 sléttur; Garðar 590 m2. “Torfrista lök og lítt nýtandi. Reiðingsrista í einu foraði so á fjöllum verður að gánga þó ekki meir en heimamenn hafa híngáð til bjargast við. Móskurður til eldiviðar enn nú bjargleg. Hrísrif lítið, brúkast ekki. Laxveiðivon hefur verið í Þverá. Nú lögfest af prestinum í Stafholti ut supra. [...] Engið er mestapart eyðilagt af Þverá með grjóti, sandi og landbroti. [...] Hætt er kvíkfje fyrir holgryfjulækjum,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. JÁM IV, 326. “Land jarðarinnar er flatt, með holtum og víðlendum flóum, [...] Stór hluti jarðarinnar er ræktanlegt land með framræslu” BB III, 140 Í landi Hjarðarholts er Örnefnið Svínamýri sem gæti verið vísbending um beit “Austur af Hjarðarholtshálsi heitir Tögl, og eru þau allmiklu lægri en sjálfur hálsinn. Milli Tagla er Svínamýri” Ö-Hjarðarholt, 4.

**MH-061:016 Prestavað heimild um vað**

377674 467559

“Allmiklu neðar [en Einbúi], á mörkum Hjarðarholts og Stafholtsveggja, er Prestavað. Þarna breytir Landbrotið stefnu, og fellur nú í hásuður - áður lá það í suðvestur. Áður fyrr var þarna annexíuvegur Stafholtspresta [sjá MH-641:018 og MH-641:020] [...],” segir í örnefnaskrá. Prestavað er um 1,9 km suðvestur af bæ 001.

Grasi gróið er við bakka Landbrotsins. Brekkur eru upp af læknum beggja vegna, um 2 m á hæð og að mestu grónar austan megin en nokkuð rof er vestan megin.



Prestavað 016, horft til norðurs.

Lækurinn er tiltölulega lygn og aðeins um 30-100 cm breiður á vaðinu, breikkar þó bæði sunnar og norðar. Ekki sést til botns í læknum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hjarðarholt, 2

**MH-061:017** varða óþekkt

378052 469201

Varða er 12 m suðvestan við afgerandi berggang um 780 m vestur af bæ 001.

Berggangurinn liggar norðvestur-suðaustur. Hálfbmosagróinn melur er umhverfis bergganginn en myrlendi fjar.

Varðan er um 40 cm í þvermál. Hún er að mestu hrunin, aðeins um 15 cm á hæð og eru í henni tvö umför af grjóti. Varðan er fornleg en grjótið í henni er vel skófum og mosa vaxið. Ekkert er vitað um hlutverk vörðunnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hjarðarholt, 2



Varða 017, horft til norðurs.


**MH-061:025** tóft beitarhús

377741 468723

Beitarhúsatóft er á holti um 1,1 km suðvestan við núverandi bæjarstæði Hjarðarholts (hús byggt. 1939) og 125 m norðvestan við þjóðleið MH-641:019.



Beitarhúsatóft 025, horft til ASA á ljósmynd.



Beitarhúsin eru á lágri, gróinni klettabrún. Til suðurs og suðausturs er gróið deiglendi. Fast VNV- við tóftina er moldarflag og einnig má greina nokkur smærri moldarflög nokkru sunnan við tóftina. Að öðru leyti er svæðið næst tóftinni gróið grasi og mosa.

Tóftin er einföld, 15 x 9,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir. Þeir eru hæstir Á SSV- OG VNV- hliðum þar sem þeir eru 0,7 m en aðrar hliðar eru 0,4 m á hæð. Sennilega var op á tóftinni í suðausturhorni hennar. Mögulega var annað hólf VNV við tóftina en þar er moldarflag og því erfitt að segja til um það með vissu af yfirborðsummerkjum. Ekki sjást hleðslur í veggjum. Í tóftinni sjást ekki leifar af garða eða undirstaða jötu meðfram veggjum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## MH-072 Hamraendar

1695: 24 hdr. Bændaeign. OILR, 152.  
1709: 24 hdr. Bændaeign. JÁM IV, 330.  
1847: 24 hdr. Bændaeign. JJ, 127.


1504: Skrá um eignir Guðna Jónssonar: "aa hamrendum hia andresi j kvi(lldi)." DI VII, 743.  
Stærð túns er 4.9 ha. Kafli sléttur 2/5. Kálgarður miðaður við 400m<sup>2</sup>. mælt : 1:2000. Túnakort 1907.  
"Torfrista og stúnga bjargleg, og so reiðíngsrista fyrir heimamenn. Móskurður til eldiviðar nógur, brúkast árlega. Laxveiðivon í Þverá mjög lítil og í margt ár að öngvu liði. Átalin af prestinum í Stafholti ut supra. Silúngsveiðivon valla teljandi í Hamraendavatni. Selveiðivon lítil og valla teljandi í Hvítá, hefur í margt ár ekki brúkast. Engjar sem áður hafa verið brúkaðar eru nú gjöreyddar af sandi og grjótsáburði, og er nú það eina slegið, sem nýtt er úr því hagbeitarlandi, sem áður var meðan engjarnar hjeldust við. Landþróng er mikil, og nýtur ábúandi þolinmædi nábúa sinna fyrir beit sumar og vetur, en geldur ei vissan toll fyrir. Hætt er kvíkfje fyrir holgryfjulækjum og torfgröfum, item á vetur fyrir hrakníngi af stórvíðrum. Vatnsból bregst um vetur og er þá erfitt til að sækja," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709. JÁM IV, 331. "Norður af bænum er lágur mýrarslakki. Þar er Hamraendavatn. Í því er svolítíð af smásilungi. [...] Landslagi er svo háttáð, að skiptast á holt og mýrarsund [...] Við Þverá eru góð tún og engjastykki [...] Brenna er við ós Þverár við Hvítá, þar er þekktur stangaveiðistaður og veiðihús. Veiðiréttur er í báðum ánum." BB III, 138.

### MH-072:008 Fornistekkur tóft stekkur

376382 465163

"Upp með ánni fyrir ofan Brennuna og Rauðholt heita Grefrur, og ofar með ánni ofan við Kastalaendann er holt þar austur og norður af, sem heitir Fornistekkur. Það er með gamalli stekkjarrúst," segir í örnefnaskrá. Holtið eða kletturinn Fornistekkur er mitt á milli ræktað rúns og hálfhróins klettabeltis. Einföld stekkjartóft er fast sunnan undir honum um 750 m norðaustan við núverandi bæjarstæði Hamraenda (hús byggt. 2005) og 500 m suðvestan við mógrafir 018.

Umhverfis stekkinn er deiglent og smáþýft. Svæðið var á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar í júlílok 2023.



Fornistekkur 008, horft til VSV á ljósmynd.

Stekkjartóftin er 7 x 3,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru torf- og grjóthlaðir en á kafi í grasi og sér því ekki í umför. Víða glittir þó í staðilegt grjót, einkum innarlega á vesturhlið. Veggir eru staðilegastir á vestur- og suðurhliðum, þar sem þeir eru 0,6 m á hæð. Op var sennilega norðarlega á austurhlið stekkjarins en það er ekki skýrt vegna mikils gróðurs. Mögulega hefur verið annað hólf á stekknum, austan við tóftina, þar sjást tvær samsíða grjóthleðslur upp við holtið og eru þær báðar 0,3 m á hæð. Sunnan við þær er hryggur í línu við SSV vegg stekkjartóftarinnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö- Hamraendar, 1

**MH-072:018\_01**    náma    mógrafir

376745    465511



Mógrafrir 018\_01, horft til NNV.



Yfirlitskort sem sýnir mógrafrir 018\_01-02. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

“Móskurður til eldiviðar nógur, brúkast árlega. [...] Hætt er kvíkfje fyrir holgryfjulækjum og torfgröfum [...],” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709. Tvö mógrafasvæði eru um 1,1 km ANA af bæ 001. Vestara svæðið 02 er mun stærra en það austara 02 en samanlegt eru þau 197 x 122 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mógrafasvæði 02 eru um 20 m austan við mógrafasvæði 01. Mógrafrir eru í deigum brokflóa, nokkuð þýfðum.

Mógrafasvæði 01 eru um 197 x 88 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Grafirnar eru víðast um 15-20 cm að dýpt og að mestu deigar. Á nokkrum stöðum eru dýpri pollar, fullir af vatni og eru um 20-30 cm niður á vatnsyfirborð en ekki sést til botns.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IV, 331

**MH-072:018\_02**    náma    mógrafrir

376816    465484



Mógrafrir 08\_02, horft til norðausturs.

Mógrafasvæði 02 er mun minna en mógrafasvæði 01, um 16 x 15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Að öðru leyti eru mógrafrir svipaðar gröfum 01, víðast deigar og um 15 cm djúpar. Á fjórum stöðum eru dýpri vatnspollar og eru um 20-30 cm niður á vatnsyfirborð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## MH-073 Hofstaðir

1695: 16 hdr. Stafholtskirkjueign. OILR, 152.

1709: 16 hdr. Stafholtskirkjueign JÁM IV, 332.

1847: 16 hdr. Stafholtskirkjueign JJ, 127.

[Um 1140]: „Þesse er maldage j staf hollt eptir því sem Steini prestar Þorvarðs son setti. Hann gaf til kirkiu allt heima land ok [...] hof stade [...].” DI I, 179. Hofstaðir eru einnig nefndir sem eign Stafholtskirkju í máldögum frá um 1354, 1397 og um 1480. DI III 88; DI IV 188; DI VI, 268.

Nýbýlið Hofstaðir II/Tómasarhagi var stofnað árið 1954. Einnig hafa verið byggðir tveir sumarbússtaðir með 1 ha lóðum. BB III, 142.

Tún 2.5 ha 1917 and 14.9 ha 1995 (BB) “Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar bjarglegur, þó mjög erfiður. Engjunum grandar Norðurá með grjóts og sands áburði. Vatnsból bregst um veturn, og þá erfitt og slæmt úr torfgröfum að ausa fyrir kvíkfje.” JÁM IV, 332.

“Land Hofsstaða er ekki stórt, og skiptast á flóar, holt og mýrarsund. Þurrlandismóar eru við Hvítá. Vestur við Norðurá er engjastykki, sem nær þó ekki að ánni.” BB III, 142.

### MH-073:020 heimild um landamerki

375003 463149

“Úr vörðu við Hvítá spöl fyrir neðan Hofstaðalæk sjónhending í vörðu [021] á Lítlu skarði í Lækjarholtum [...],” segir í landamerkjabréfi Hofstaða frá 1924. Varðan er horfin en hefur verið um 1,1 km SSA af bæ 001.

Á svæðinu er grasmói í aflíðandi halla að Hvítá. Rýrari gróður er næst ánni. Skurður er á merkjum í stefnum norðvestur-suðaustur langleiðina að ánni en endar um 45 m frá árbakkanum. Frá skurðendanum liggur gömul gaddavírsgirðing til suðurs að ánni.

Ekki er vitað nákvæmlega hvar varðan var en hún hefur líklega verið nærrí þeim stað þar sem merkin breyta stefnu og hefur varðan þá annað hvort horfið í skurð eða grjótið úr henni verið nýtt í púkk fyrir girðingarstaura.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur II, 142

### MH-073:021 heimild um landamerki

374856 463418

“Úr vörðu [020] við Hvítá spöl fyrir neðan Hofstaðalæk sjónhending í vörðu á Lítlu skarði í Lækjarholtum [...],” segir í landamerkjabréfi Hofstaða frá 1924. Landamerkjavarðan var um 830 m SSA við núverandi bæjarstæði Hofstaða (hús byggt 1984) og 320 m NNV við landamerkjavörðu 020.

Framræsluskurður er á merkjum beggja vegna við Lækjarholtin en vírgirðing er á holtinu milli skurðanna. Á sjálfu holtinu er moldarflag allra neðst og síðan taka við svæði sem vaxin eru grasi og efst á holtinu er nokkuð um litlar mosabreiður.

Engin ummerki um vörðu sjást lengur á þessum slóðum og mögulega hefur grjót úr henni verið tekið og sett undir vírgirðingu sem er þarna á merkjum milli skurða.

**Hættumat:** engin hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur II, 141

### MH-073:028\_01 varða óþekkt

375601 464005

“Milli Hamraenda og Hofstaða ræður sjónhending úr Þvotthellum við Hvítá í vörðu á Agnhól [...],” segir í landamerkjabréfi Hamraenda frá 1923. Í örnefnaskrá Hamraenda segir: “Upp frá ánni hækkar landið og taka við holt nokkuð mörg. Heita þau Agnhólar einu nafni og eru vestur undan Brennunni. Þetta eru mörg smáholt og hnúkar með mýrarsundum á milli. Stærsti hóllinn heitir Agnhóll og er á merkjum móti Hofstöðum.” Ekkert er minnst á vörðu á Agnhól, hvorki í örnefnaskrá Hamraenda né Hofstaða, en hóllinn er sagður á merkjum. Tvær óvandaðar vörður 016\_01 og 016\_02 eru í holti sem nefnt er Agnholt á loftmynd LMÍ, um 850 m suðaustan við bæ að Hofstöðum MH-073:001 og um 990 m sunnan við bæ að Hamraendum MH-072:001. Varða 016\_01 er nyrst og efst í Agnholti á meðan varða 016\_02 er um 70 m austar og neðar. Engin varða er á Agnhólnum sjálfum.



Varða 028\_01, horft til suðvesturs.

Vörðurnar eru báðar hlaðnar á lágum klettadröngum í norðurenda illa rofins melholts. Varðan er grjóthlaðin, um  $0,5 \times 0,5$  m að flatarmáli og  $0,3-0,5$  m á hæð. Hún hefur verið hlaðin á sprunginn klettadrang sem er  $0,3-1$  m á hæð og  $3 \times 3$  m að flatarmáli. Varðan er samansigin og ógróin, en í henni hafa verið 4-5 umför af grjóti. Mjög ólíklegt er að hér sé um eiginlega landamerkjavörður að ræða en hlutverk þeirra er óþekkt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur II, 33; Ö-Hamraendar, 2

**MH-073:028\_02** varða óþekkt

375671 464005

Varða 02 er á um 50 cm háum steini. Hún er um 1 m í þvermál og um 25 cm á hæð. Í vörðunni eru tvö umför af grjóti og er mikið af því tiltölulega stórt, um 30 cm í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Varða 028\_02, horft til suðausturs.

## MH-075 Stafholt

1695: 50 hdr. Kirkjulén. OILR, 152.

1709: Dýrleiki óviss. Kirkjulén. JÁM IV, 333.

1847: Dýrleika ekki getið. Kirkjulén. JJ, 127.

Jörðin er nefnd í Landnámu: “Þorbjörn [Arnbjarnarson] nam Stafaholtstungu milli Norðrár ok Þverár; hann bjó í Arnarholti; hans son var Teitr í Stafaholti, faðir Einars. [...] Þórarinn korni [Grímkelsson] átti Jórunni, dóttur Einars í Stafaholti [...],” ÍF I, 87. 110.

Í Egils sögu segir: “Síðan [...] reið Steinarr upp í Stafaholt. Þar bjó þá Einarr; hann var goðorðsmaður [...]. Steinarr reið til þings ok fjölmenni mjök; [...] Einarr ór Stafaholti var ok fjölmennr [...].” ÍF II, 282. Jörðin er stuttlega nefnd í Hænsna-Þóris sögu: “Hittask nú þessir allir, eru í váru málinu, ok hafa alls tvau hundruð manna; ríða nú ofan fyrir útan Norðrá ok yfir á at Eyjavaði; fyrir ofan Stafholt, [...].” ÍF III, 36.

[um 1140]: “i: Þesse er maldage j stafs holtti. eptir því sem Steinn [svo] prestr Þorvarðs son setti. Hann gaf til kirkju allt heima land [...] land a Svarf holi ok Biarga stein. hof staðe. lax hollt. Skoga land [180] hit vestra. Engi nes a strandum norðr. [ok] reki með. [afrett j] vestr ardal enum eystra megin. ok middals mule allr. Biarnar dalr allr fyrir ofan mæli fells gil. selfor j þverardal upp fra kvium. hris ey a hreiþu vatne. oll ey su er þverar þing er j. þræley suðr fra bildz homrum.

ii: ok her með þessum maldaga skolo vera .ij. prestar ok messudiakn. sa er lesi j ottusong. en ef prestr a j hiarðarhollt. þa skolo .ij. prestar j staf[a]hollt. því at þat er þangat vndir. ok her vm fram skolo vera omagar .ij. kvenngilldir af steina ætt. sva gamlir at þeir megi vinna ser sialfir”; Málð DI I, 179-180.

Um 1185 “Sú var ok ein sök þeirra í millum at byskupi þótti Eyjólfr [Stafhyltingr Þorgeirsson d. 1213] rangliga halda staðinn í Stafaholti, þó at heraðamenn hefði hann þar niðr settan útan byskups ráð, þar sem Steini prestr [Þorvarðsson] hafði staðinn ekki í erfðir gefit útan skilit tvá kvenómaga ór sinni ætt ævinliga á staðinn.” Þorláks saga, Biskupasögur ÍF XVII, 170.

1178: “Sonum Þóris [kráku] þótti sem þeim myndi berast arfr eptir föður sinn, ok bauðst Eyjólfr Þorgeirsson til liðveizlu við þá, er bjó í Stafaholti.” Sturlu saga, Sturlunga, ÍF XX, 129, sbr. Guðmundar saga dýra, Sturlunga, ÍF XX, 265.

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10.

1221: “En Loptr reið fyrir þingit vestr til Borgarfjarðar ok gisti í Stafaholti. Var Snorri þar kominn búi sínu, því at hann vildi eigi sitja í Reykjaholti ef hann ætti ófrið við Sunnlendinga.” Íslendinga saga, Sturlunga, ÍF XXI, 129. 1229: “Vildi hann [Jón murtur] hafa stað í Stafaholti ok þar með fé. En Snorri vildi að hann hefði Borgarland ok þar með annat fé móður sinnar, en dró undan sitt fé.” Íslendinga saga, Sturlunga, ÍF XXI, 200.

1232-1233: “En svá lauk at Þorleifr [ór Görðum] gekk til handsala við Kolbein [unga] at Órækja skyldi hafa tvau hundruð hundraða ok stað í Stafaholti [...]. Um várít heimti Órækja kvánarmund sinn at föður sínum ok stað í Stafaholti. En Snorri segir svá at hann skyldi fara vestr í Vatnsfjörð ok taka þar við búi [...]. Órækja vildi fyrir hvern mun hafa Stafaholt en þó varð svá at vera sem Snorri vildi.” Íslendinga saga, Sturlunga, ÍF XX, 236-238.

1235: “Höfðu þeir Loptr [og Þorleifr] þá samit með þeim at Órækja skyldi taka við Stafaholti. [...] Órækja sat í Stafaholti um haustit ok hafði þar mikla sveit manna.” Íslendinga saga, Sturlunga, ÍF XXI, 274. 1236: “Sturla [Sighvatsson] sendi ok menn í Stafaholt, ok tóku þeir þar mat ór kirkju ok báru út föstudag um kropning, kölluðu at kirkja ætti ekki að halda bannsettra manna fé [þ.e. Órækju]” Íslendinga saga, Sturlunga, ÍF XXI, 280.

1236: “En voru þær málalyktir at [...] Órækja skyldi fara suðr þá þegar með Sturlu og hafa brott ór Vestfjörðum allt sitt. Hann skyldi hafa bú í Stafaholti [...].” Íslendinga saga, Sturlunga, ÍF XXI, 282.

1241: “Fór Órækja þaðan [úr Sælingsdalstungu] vestr til Flateyjar, en Sturla á Staðarhól.” Íslendinga saga, Sturlunga, ÍF XXI, 360. 1241: Eftir andlát Hallveigar Ormsdóttur vildi Snorri “ok staðina eigi til skiptis leggja Reykjaholt ok Stafaholt.” Íslendinga saga, Sturlunga, ÍF XXI, 366.

1242: “En fyrir víg Klængs [Bjarnasonar] [...]. Þar skal gjaldast Reykjaholt hálf, Stafaholt hálf, Bersastaðir hálfir ok goðorð þau er Snorri hafði haft.” Íslendinga saga, Sturlunga, ÍF XXI, 391.

1242: "Riðu þeir [Svarthöfði Dufgusson og Þórður Bjarnason] í Stafaholt og drápu á kirkjudyr. Dufgus karl gekk til dyra og fagnar vel syni sínum [...]." Þórðarsaga kakala, Sturlunga, ÍF XXI, 422.

12

1252: Stafholtsför að Þorgils skarða. "Hann [Þorgils skarði Böðvarsson] sat í Stafaholti um vetrinn ok hafði margt röskra manna með sér. [...] Þeir [Sturla Snorrason, Hrafn Oddsson og menn þeirra] koma óvart í Stafaholt til Þorgils og brutu þar upp hurðir. [...] Tóku þeir hann með valdi [...]. Þeir Hrafn og Sturla voru báðir á Staðarhóli um vetrinn." Íslendinga saga, Sturlunga, ÍF XXI, 560-561, sbr. Þorgils saga skarða, Sturlunga ÍF XXII, 36, 51.

1252: "Þorgils reið síðan til Borgarfjarðar fyrir föstuna ok sat í Stafaholti ok hafði vörðu sterka." Íslendinga saga, Sturlunga, ÍF XXI, 562.

1262: [...] Hrafn gerði bú í Stafaholti með ráði Sturlu. Sturlu þáttur, Sturlunga, ÍF XXII, 241.

Um 1271: "Hrafn Oddson er átti Þuríði, dóttur Sturlu Sighvatssonar, ok þá bjó í Stafaholti stóð ok mjök í móti byskupi um kirknamálin [...]." Árna saga, Biskupasögur, ÍF XVII, 28.

1284: "Ritaði hann [Árni biskup] í allt sitt byskupsdæmi at engi maðr skyldi greiða leikmönnum né eitt þat land er kirkja ætti né nokkurn part þeirar eignar, sá sem áðr helt þær af honum fyrir gjöf eðr skipan, heldr skyldu þeir vátta at leikmenn tóku allt þat sem kirkjunnar var móti þeirra, at eigi yrði svá illa at þeir sýndi sik ómáttugliga at fá sæm' aptrgjaldsins ef þeir sýndiz samþykkir ósæmd burtrekstrarins. [...] Voru þá teknir þessi staðir: [...] Stafaholt var ok tekit." Árna saga, Biskupasögur, ÍF VIII, 119.

[1354]: "Nicholaskirkia j stafholtti á heimaland allt med gognum oc giædum. suarfhol. biargastein. hofstadi. skoga. laxholtt. einngines og reka med afreit j vestaradal. biarnardal allann. fyrir ofann melifellzgill. afreit j hrodurbjargardal. selfor j þerärdal. hrijsey a hredavatnne. ey vid huytä. þræley. laxveidi j þuerä. oc ä feriubacki j. fiordunginn. [...] þangad liggia xiiij oc xx bæir ad tijunndum oc lysitollum. Þar skulu vera iij prestar og diáknn og klérkur sa er less j ottusonngum." Málð DI III, 88-89.

[1385-1388]: "iii: Kirkia j stafholtti a afreit j hroþr biargar dal a bac jafna skarði. skoga voll j skarþs tungu. þat er vær kollum kirkiu hollt. ok kirkiu tiundir af .iiij. bæium ok .xx. j hiardarholtt ok j skarði j eskio hollli skal vera heima tiund. en or galltar hollli skal giallda j stafholli .vi. aura voru a hueriu ari. z cet"; Málð DI I, 180.

1389: "flutt bein Þordar Jonssonar til Stafhollz i kirkiu gard eftir skipan officialis ok samþycki allra

lærðra manna ok hyggia menn hann helgan mann" Flateyjarannáll, IA 415

[1394]: "xcvi. Kirkia hins heilaga Nichulai j Stafhollte. a heima. les vilchinsbok þetta ber allt samann vtan hier greinir."; Hítardalsbók DI III, 224.

1397: "aa heimaland allt med gognumm oc giædumm. Suarfhol. Biargastein. Hofstade. Skoga. Laxholtt. Eingenes oc reka med [+afrétti, selför, laxveiði], Biarnardal allann firir ofann Mælefellsgil. Hrijsey a Roduvattni. ey vid Hvijta. Þræley." Málð DI IV 188-190

[1480]: "Stafholts kyrkiu gamall Maldage.

Steirn prestur Þorvalldsson sette fyrst Beneficium Stafholtt og gaf til kyrkiunnar sem þesse Maldage innehelldur og giorde sialfur þennan Mäldaga. Jtem þá lä Hiardarholtt med sinne sokn under Stafholtt allt til þess ad biskup Thorlakur sette kyrkiu I Hiardarholte og þessa bæe þar til. Vijdelæk. Eijnufell. Holl. Lækiarkot. Spöamyre. Steinar. Lundur. Kadalstader og Backakot. Kyrkian j Stafhollte á heimaland allt med gognum og giædum. Þessar jarder I heimalande. Svarfhöl. Biargastein. Hofstade. Sköga. Laxholtt. Eingenes á Strondum og Reka med. afriett j Vesturärdal. middalsmula. biarnardal allann firir framan mælefellsgil. afriett I bodzbiargrdal. Hrijsey á Roduvatne. Ey vid Hvijtä sem Þverarþijng tendur j. Þræley sudur frä Bildshomrum. Selfor á Þverärdal upp frä Kvijum. þriä hlute veidar I þverä. enn feriubacka kirkia fiordung kerveide I laxfosse I nordurä. sem kallad er Niculässkier. Jtem Skogarholtt I Skardstungu þad kallad [er] Kyrkiuholtt og kyrkiutjunder af xiiij bæum og xx. J Hiardarholtt. j Skarde. j Eskholtti skal hafa heimatjund. Enn ur Galltarholtti skal giallda vj aura voru á hveriu äre". Málð DI VI; 268-69.

27.6.1480: "[Prestadómur dæmir Hjarðarholtskirkju í vil um þau bréf] er lágu fyrir kirkjunum Stafholts og Hjarðarholts, hvorrar skilríki skjallegrí væri, um þá fimm bæi, er ýmsar kirkjurnar höfðu tíundir af tekið, Stafholtskirkja og Hjarðarholtskirkja, er svo heita Steinar, Lundar, Kaðalstaðir, Bakki og Einifell."

DI VI, 269-70 [Lbs. 101 4to, bl. 366-67]

[1491-1518]: "Stafholts kyrkia. Niculas kyrkia i Stafholti a heimaland allt epter þui sem Steirn prestur Þorvardsson setti og gaf til kyrkiu þar. hun a Biarnardal allann fyrer ofan mælefellsgil. afriett i Hrödurbargardal a bak Jafnaskardi. sköga voll i Skardztungu þad er vær kollum Kyrkiuholt. Selfor I Þuerárdal vpp frá Kujum. Hríjsey A Hreduvatni ey su er Þverár þing er i. Þræley Sudur fra Bylzhomrum. "Torfrista og stúnga lök og erfið til að sækja. Reiðingsrista hefur verið, nú lök og meinast þrotin og brúkast því lítt. Móskurður til eldiviðar nægur, en mjög erfiður til að sækja. [...] Enginu grandar Norðurá með landbroti, grjóts og sandsáburði árlega. Landþróng er, og verður kvikfje í burtu að koma til vetrargöngu sem áður segir. Selstöðuvegir eru mjög lángir og erfiðir, bæði yfir ár og aðrar torfærur að sækja, en verða þó árlega að brúkast fyrir landþróng á heimastaðnum. Vatnsból mjög erfitt í Stafholtsvatn, sjerdeilis á vetur í frostum og stórvíðrum," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709. JÁM IV, 333-335.

"Land Stafholts er nokkuð hæðótt. Suður af bænum er lágor mýrarslakki, og er þar dálitið vatn eða tjörn. Þar fyrir sunnan eru tvær holtabungur [...] er nefnast Stafholtsfjall. [...] Þá er þar nokkuð um blautar mýrar á milli holta. Með Hvítá eru góðir vallendisbakkar. Við Norðurá er gott engjaldand nefnt Stafholtsnes eða Flóskunes, einnig á jörðin engjaland í Stafholtsfjall, neðar í Norðurá. [...] Veiðihlunnindi eru í Hvítá og Norðurá." BB III, 161.

**MH-075:023** varða óþekkt

374447 462869



Varða 023, horft til norðurs.

Lítill varða er um 1,5 km ASA við núverandi bæjarstæði Stafholts (hús byggt 2011) og 680 m SSV við landamerkjavörðu MH-073:021. Varðan er ofarlega á litlu holti sem er mitt á milli Stafholtsfjalls til vesturs og Hvítá til austurs.

Umhverfis holtið er deiglendi og víða má sjá sams konar hálfgróin holt standa upp úr því. Nokkuð stór mosabreiða er rétt austan og norðaustan við vörðuna og gras er þétt upp að vörðunni. Annars er holtið sem varðan er á fremur gróðursnautt.

Varðan er 0,5 x 0,5 m að stærð og 0,4 m á hæð. Hún er hlaðin á litla klöpp og ef hún er talin með er varðan 0,7 m á hæð. Grjót efst í vörðunni er flatara en það sem er neðst. Óvist er með hlutverk vörðunnar en hún er ekki við

þekkt landamerki eða leiðir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**MH-075:024\_01** varða óþekkt

374567 462730

Varða 01 og grjótbúst 02 eru suðvestarlega á klapparholti við Hvítá um 1,7 km suðaustur af bæ 001. Um 13 m eru á milli vörðunnar og þústarinnar. Varða 023 er um 185 m norðvestar.

Klapparholtið liggur norðaustur-suðvestur meðfram vesturbökkum Hvítár. Holtið er hálfgróið mosa en grasmói og mýrlendi er til norðvesturs. Lúpína er tekin að dreifa sér meðfram bökkum árinnar.

Varðan er um 90 cm í þvermál, 30 cm á hæð og er hlaðin úr tiltölulega stóru grjóti. Í henni eru 3 umför af grjóti en hrunið hefur úr vörðunni til norðurs. Varðan er mosagróin í botn og er grjótið í vörðunni skófum vaxið. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Varða 024\_01, horft til suðurs.



Grjótdreif 024\_02, horft til suðvesturs.

**MH-075:024\_02** þúst óþekkt

374578 462738

Þúst 02 eða grjótdreif er um 13 m norðaustan við vörðu 01. Hún er um 20-25 cm á hæð, 3 x 1,5 cm að stærð og snýr norður suður. Ekki sést skýrt lag á þústinni en annað lausagrjót er ekki á holtinu. Ekkert er vitað um hlutverk þústarinnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## MH-078 Svarfhóll

1695: 16 hdr. Stafholtskirkjueign. OILR, 152.

1709: 16 hdr. Stafholtskirkjueign. JÁM, 337.

1847: 16 hdr. Stafholtskirkjueign. JJ, 127.

[Um 1140]: „Þesse er maldage j staf hollt eptir því sem Steiní prestar Þorvarðson setti. Hann gaf til kirkju allt heima land ok [...] land a Svarf holi [...].” DI I, 179.

Svarfhóll er einnig nefndur sem eign Stafholtskirkju í málögum frá um 1354, 1397, um 1480 og í málðaga frá 1570 eða síðar, þá “leigd fyrer c.”. DI III 88; DI IV 188; DI VI, 268; DI XV, 620. “Svarfhóll var áður eign Stafholtskirkju skv. Máldaga 1140 ásamt Bjargarsteini eða til ársins 1912, er þær voru keyptar og sameinaðar. Skipti túnum Bjargarsteinslækur sem rann úr Stafholtsvatni til Norðurá. [...] Svarfhóll á engjastykki með slægnarétti neðst í Sólheimatungulandi.” BB III, 165.

Tún 3,9 ha 1917.

“Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar nægur. Skógarhögg sem á Bjargarsteini [þ.e. Skógarhögg til kolgjörðar brúkar jörðin frí í Sauðhússkógi, sem aðrar staðarins jarðir]. Túnu grandar Norðurá með jaka áburði, og grjóts og sands áburði í stórfloðum. Enginu grandar og Norðurá með sama skaða,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709. JÁM IV, 336-337.

“Landið er frekar flatt, flóar og mýrarsund með holtum, þó gengur hæð niður í landið, Stafholtsfjall með tveim bungum. [...] Meðfram Hvítá eru vallendisbakkar. Engjar eru góðar með Norðurá. Flæðihætta er nokkur, engjalönd geta öll farið undir vatn í flóðum. Ræktunarskilyrði eru góð, en landbrot er nokkurt við árnar. Svarfhóll á engjastykki með slægnarétti neðst í Sólheimatunguland. Afréttur er á upprekstarsvæði Þverrárréttar. Veiðiréttur í Norðurá og Hvítá.” BB III, 165.

**MH-078:038** varða óþekkt

372675 462401



Varða 038, horft til norðurs.

Varða er sunnarlega á klettaholti um 500 m ASA af bæ 001.

Klettaholtið liggur NNA-SSV. Það er hálfgróið grasi og mosa og er bratt niður af því til vesturs en aflíðandi halli til austurs. Skurðir afmarka stykki til vesturs og suðurs.

Varðan er hringlaga í grunn, um 70 cm í þvermál og um 30 cm á hæð. Varðan er ágætlega hlaðin og eru í henni 3-4 umför af grjóti en aðeins er tekið að hrynda úr vörðunni. Varðan er gróin í botn og er grjótið í henni skófum vaxið. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en mögulegt er að hún tengist leið MH-641:023.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**MH-078:039** tóft óþekkt


372670 462375

Tóft er sunnan undir klettaholti, um 490 m ASA af bæ 001.

Klettaholtið liggur NNA-SSV. Það er hálfgróið grasi og mosa og er bratt niður af því til vesturs en aflíðandi halli til austurs. Skurðir afmarka stykki til vesturs og suðurs.

Tóftin er um 8,5 x 7,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er mjög grösug og mikið gengin í þúfur. Hæð veggja er 50-60 cm. Finna má fyrir grjóti að innanverðu en ekki sjást skýrar hleðslur. Tvö hólfvirðast í téftinni. Það norðvestara er um 1,7 x 1,2 m að innanmáli. Enginn inngangur er greinanlegur á hólfinu. Suðaustara hólfid er um 2,5 x 1 m að innanmáli, opið til suðvesturs. Óljós þúst liggur um 3 m til austurs út frá austurhorni téftarinnar en mögulega er þar um hrun að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Tóft 039, horft til suðausturs á ljósmynd.

## MH-621 Fornleifar á fl. en 1 jörð í Þverárhlíðarhreppi

MH-621:015 gata leið

381281 474542



Lítill ummerki sjást um leið 015 við Fiskivatn, horft til ANA.

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá leið 006 suðvestan við Glitstaði MH-059 í Norðurárdalshreppi til suðausturs yfir hreppamörk að Hamri MH-031.

“Götur liggja þarna um [í Hamarsdal við rústir eyðibýlsins Grafar] er hafa eyðilagt rústirnar,” segir í örnefnaskrá Hamars.

Leiðin var athuguð á vettvangi við suðvesturenda Fiskivatns, við merkin milli Hamra og Glitstaða. Malarslóði liggur frá Hamri að Fiskivatni á svipuðum slóðum og leiðin lá áður en endar við suðvesturodda vatnsins. Klettarásar eru umhverfis vatnið, kjarri vaxnir austantil en vestan- og sunnantil er lyng- og mosagróið. Gaddavírsgirðing er á merkjum.

Á loftmynd sjást á nokkrum stöðum götur meðfram slóðanum í Hamarsdal en ekki sjást götur í framhaldi af malarslóðanum sunnan hreppamarka.

Götur sjást þó norðan hreppamarka, skráðar á MH-631:009.

**Haettumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV; Ö-Hamar, 2

MH-621:016 heimild um leið

378060 471219

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá Hamri MH-031 í suðvestur framhjá Arnbjargarlæk MH-032 og Höll MH-035 og yfir hreppamörk inn í Stafholtstungnahrepp þar sem hún fær númerið MH-641:017. Þar liggur leiðin áfram að Norðurá og fer yfir ána á Hábrekknaváði MH-213:019. Leiðin er að mestu merkt sem gata en er merkt sem vegur á stuttum kafla á mörkum Þverárhlíðarhrepps og Stafholtstungna, vestan við Höll MH-035.

“Leiðin innan af Hvítársíðu lá yfir endann á Síðumúlahálsi, um Kleifarnar og yfir Örnólfssdalsá hjá Norðtungu, ofan með henni og yfir Lithu-Þverá ofan ármótanna, hjá Arnbjargarlæk og Höll og ofan Einifells út að Norðurá, niður með henni og yfir á Hábrekknaváði. Ástæða þótti til að sæta vöðum á Örnólfssdalsá, það mikið vatn er í henni, en Litla-Þverá gat orðið koláfær í vatnavöxtum, þó næstum sé bæjarlækur í þurrum,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2004. Í landi Hallar MH-035, milli Réttarbrekku og Eggja, er gatan horfin undir Varmalandsveg (527) og ræsisskurð á a.m.k. um 700 m kafla, um 600 m VNV við bæinn að Höll MH-035:001.

Vegurinn liggur til VNV niður af Náttmálahólum niður á láglendi í Hallardal þar sem er deigt graslendi og myri. Ræsisskurður er meðfram veginum að norðanverðu í dalnum þar til vegurinn beygir til suðvesturs uppá Eggjar.

Ekkert sést til fornleifa.

**Haettumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV; ÁFÍ 2004, 228

MH-621:017 gata leið

379917 472795

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá Svartagili MH-060 til suðurs yfir mörk Norðurárdalshrepps og Þverárhlíðarhrepps og að leið MH-621:016 suðaustan við Arnbjargarlæk MH-032. Gatan er að mestu merkt sem óviss. Í landi Arnarbjargarlækjar hefur hún líklega legið til norðvesturs undir Axlarbrekkum, ofan við Selhrygg og upp Selbrekku, upp með Selhólum inní og yfir Mjóadal, meðfram Hólmavatnshæðum suðvestanverðum og norðvestur upp í Brekkuskarð. Leiðin var skráð á



Ógreinilegar götur á leið 017, horft til norðausturs.

#### MH-621:018 gata leið

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá Veiðilæk MH-036 til austurs yfir mörk Þverárhlíðarhrepps og Norðurárdalshrepps og yfir leið MH-631:010 sunnan við Svartgil MH-060, áfram til suðausturs aftur yfir í Þverárhlíðarhrep og að leið MH-621:016 norðan við Arnbjargarlæk MH-032.

“Norðvestur af Gildruás tekur við sléttlendara, er heitir Glati og nær hann upp að laut, er teygir sig upp eftir hálsinum og heitir Glitstaðalaut. Þar lá gatan, sem farin var upp að Glitstöðum. Vestast í Gildruás, er brekka sem heitir Tjálbrekka [MH-032:022], og rétt við hana er melur, sem heitir Götumelur,” segir í örnefnaskrá Arnbjargarlækjar. “...yfir hann [Götumel] miðjan lögðu ferðamenn leið sína til Svartagils og þar norður yfir,” segir í viðbótum við örnefnaskrá Arnbjargarlækjar. Leiðin var rakin frá suðurenda hennar við Þverárhlíðarveg að hreppamörkum, um 2 km leið.


Leiðin liggur frá Þverárhlíðarvegi til NNV að litlu sumarbústaðahverfi og áfram yfir hálfgróin holt og klettaása. Gróðurfar einkennist af lyngi og mosa en mýrarkelda er á merkjum milli Arnbjargarlækjar og Svartagils. Gaddavírsgirðing er á merkjum og liggur yfir leiðina, en hlið er á girðingunni.

Syðst byrjar leiðin um 165 m suðvestar en núverandi malarvegur að sumarbústöðunum í landi Arnbjargarlækjar. Þar sjást 1-2 götur en eftir um 180 m sameinast leiðin núverandi veki og liggur hann að mestu á sömu slóðum og gamla leiðin upp að bústöðunum. Þegar komið er norður fyrir bústaðina verður slóðinn grófari og áberandi minna farinn. Þar á um 300 m kafla liggur slóðinn fast undir eða upp á klettaás suðvestan við Glitstaðalaut en gamla leiðin virðist hafa legið um lautina 20-35 m norðvestar og sjást þar óljósar götur, 1-3 talsins. Norðvestan við Glitstaðalaut og að hreppamörkum sést aðeins ein gata. Þar er leiðin mest um 1 m á breidd með malar- eða moldarbotni en á köflum mjókkar hún í grasi gróinn götutroðning, um 20 cm á breidd og 15-20 cm á dýpt. Leiðin sést áfram handan við hreppamörk en er þar skráð á

#### MH-631:011.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV; Ö-Arnbjargarlækur, 4; Ö-Arnbjargarlækur, ID.12



Gata á leið 018, horft til VNV.

stuttum kafla í Mjóadal um 1,5 km norðvestan við Arnbjargarlæk MH-032:001.

Mjóidalur er grasigróið, mjótt lækjargil með flákum af rofabörðum í þýfðu graslendi hér og þar. Meðfram læknum er deig myri.

Engin greinileg ummerki sjást í dag um götur á þessu svæði en hér og þar má greina óljósar, sundurslitnar kindagötur. Leiðin hefur legið gróflega norðvestur-suðaustur. Gengið var meðfram Selhólum uppí og yfir Mjóadal í suðurmynni dalsins og meðfram grýttum brekkum undir Hólmavatnshæðum í áttina að Brekkuskarði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV

380500 473824

## MH-631 Fornleifar á fl. en 1 jörð í Norðurárdalshreppi

**MH-631:004** heimild um leið

387230 480761

Í Sýslu- og sóknalýsingum Mýra- og Borgarfjarðarsýslna frá 1840 segir: "Alfaravegur úr Norðurárdal suður yfir Grjótháls er í suður hjá Hafþorstöðum [MH-056] og liggur hann ofan að Sigmundarstöðum [MH-028 sjá leið MH-621:003] eða Grjóti [MH-029, sjá leið MH-621:002] í Þverárhlið. Er háls sá grýttur, þó árlega ruddur, en spillist af leysinga- og rigningavatni sem grefur upp göturnar."

"Vegurinn yfir Grjótháls var á þjóðbrautinni sunnan af landi, a.m.k. Að sumarlagi, og lá áfram suður um Norðtungu að Langholtsvaði á Hvítá. Af þeiri leið fóru hjá Norðtungu þeir, sem komu sunnan að og ætluðu vestur í Dali, vestur hjá Arnbjargarlæk og yfir Glitstaðaháls og Norðurá á vöðum að Dalsmynni," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2004. Gata, merkt á herforingjaráðskort 35 NV frá 1913, liggur frá leið 006 norðaustan við Hafþórsstaði í suður að Sigmundarstöðum og Grjóti í Þverárhlið. Hún liggur að miklu leyti á sama stað og leið MH-056:013 á Götási í landi Hafþórsstaða. Grjótsvegur (5233) liggur yfir Grjótháls á sama eða svipuðum stað og eldri leið lá áður. Líttil hluti leiðarinnar var skráður haustið 2021. Leiðin liggur yfir allháan háls sem skilur á milli Þverárhliðar og Norðurárdals. Hann er víða gróinn en á honum eru víða klapparhryggir.

Engin ummerki sáust á vettvangi um eldri leið og má ætla að þau hafi horfið við seinni tíma vegagerð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** SSMB, 53; Herforingjaráðskort 35 NV, Herforingjaráðskort 35 SV; ÁFÍ 2004, 245

**MH-631:006** heimild um leið

382100 477882

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá Svartagili (MH-060) í norðnorðaustur framhjá Glitstöðum (MH-059), Uppsöldum (MH-058), Skarðshömrum (MH-057), Hafþórsstöðum (MH-056), Hóli (MH-055) og að Háreksstöðum (MH-054). Frá Hóli að Háreksstöðum er gatan merkt sem óviss.

"Uppi á Lægri-Hjallabrun er allbreitt svæði. Þar er mýri, sem nefnd er Hjallamýri, og allt svæðið Graenuhjallar. Þetta er breitt myrlendi og skriður. Þarna lá áður þjóðleið er farið var á Akranes, t.d. vestan úr Döldum. Vestan til á þeim eru sléttar grundir, og þar hafa verið taldar 10-20 gamlar grónar götur," segir í örnefnaskrá Glitstaða og Uppsala.

"Áður lá vegurinn upp frá Húsaskarðinu og sunnan undir Langhólnum og um hlaðið á [G]litstöðum, niður með gömlu votheysgryfjunum yfir að Uppsöldum og síðar að Skarðshömrum," segir í örnefnaskrá Glitstaða (SV).

Leiðin var athuguð á vettvangi norðarlega í landi Glitstaða, undir Ströndinni við Tálskörð.

Undir bröttum hlíðum Strandarinnar eru eyrar við Norðurá, sendnar að hluta en annars grasi grónar. Malarvegur, Norðurárdalsvegur, liggur undir hlíðinni.

Núverandi Norðurárdalsvegur liggur á sömu slóðum og leið 006 og sjást ekki merki um eldri götur á svæðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV; Herforingjaráðskort 35 NV; Herforingjaráðskort 35 NA; Ö-Glitstaðir og Uppsalir AG & EP, 3-4; Ö-Glitstaðir SV, 1

**MH-631:009** gata leið

381252 474588

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá leið 006 suðvestan við Glitstaði MH-059 til suðausturs yfir hreppamörk að Hamri MH-031 í Þverárhliðarhreppi.

"Húsaskarð er við fremri enda Mosakletts, þar liggur nú vegurinn fram dalinn sunnanverðan. Áður lá vegur þarna niður í töluvert miklum bratta niður á og yfir Krosshólmann að Breiðavaði [MH-059:008]. Eftir að Bjarnardalsá og Norðurá voru brúaðar var lagður vegur upp með Mosakletti," segir í örnefnaskrá Glitstaða (SV).

"Beint upp af [...] gili, er myndast við nyrðri enda Hærri-Hjallabrunar, eru svonefnd Skörð. Það eru klettahólar og mýrardrög á hálsinum meðfram götu er liggur suður yfir hálsinn. Skörðin eru fimm [...]," segir í örnefnaskrá Glitstaða og Uppsala (AG & EP). "Það var farið upp öll skörðin þegar farið



Gata á leið 009, horft til SSV.

var upp hálsinn suður að Hamri, nema þegar farið var út Hestadal. Sú leið var heldur lengri, en ekki eins brött og heldur skárrí reiðvegur,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar um Glitstaði og Uppsali.

Leiðin var athuguð á vettvangi frá suðvesturenda Fiskivatns, við merkin milli Hamra og Glitstaða, til norðurs í Geitabergsmóa.

Malarslóði liggar frá Hamri að Fiskivatni á svipuðum slóðum og leiðin lá áður í Þverárhlið (sjá MH-621:015) en endar við suðvesturodda vatnsins. Klettaásar eru umhverfis vatnið, kjarri vaxnir austantil en vestan- og sunnantil er lyng- og mosagróið. Gaddavírsgirðing er á merkjum.

Um 20 m norðan við merkjagirðingu sjást 1-2 götur liggja meðfram vatninu. Þær eru um 20 cm breiðar, 15 cm djúpar og minna mest á kindagötur. Götturnar fjara út eftir um 20 m en sjást aftur um 145 m norðar. Þar sést ein skýr gata og er hún greinileg á um 333 m löngum kafla. Um 50 m áður en gatan fjarar út klofnar hún í 3-5 götur á um 18 m breiðu svæði. Leiðin var ekki rakin lengra á vettvangi en á loftmynd sjást óljósar götur aftur þegar komið er í

Neðstaskarð sunnan við Glitstaði og áfram um 270 m til norðurs meðfram Kvíabrunn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV; Ö-Glitstaðir og Uppsalir AG & EP, 4, 2; Ö-Glitstaðir SV, 1; Ö-Glitstaðir og Uppsalir svör, 2

**MH-631:011** gata leið

380440 473870



Götur á leið 011, horft til VNV.

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggar frá Veiðilæk MH-036 til austurs yfir mörk Þverárhliðarhrepps og Norðurárdalshrepps og yfir leið MH-631:010 sunnan við Svartgil MH-060, áfram til suðausturs aftur yfir í Þverárhliðarhrepp og að leið MH-621:016 norðan við Arnbjargarlæk MH-032. Leiðin var athuguð á vettvangi frá hreppamörkum og um 290 m til norðvesturs að Botnum.

Leiðin liggur um mólendi milli klettaholta og -ása. Mýrarkelda er á merkjum milli Arnbjargarlækjar og Svartgils. Gaddavírsgirðing er á merkjum og liggur yfir leiðina, en hlið er á girðingunni.

Leiðin sést sem 1-1,5 m breiður slóði, grasi gróinn næst hreppamörkum en að mestu ógróinn þegar norðvestar dregur. Á köflum sjást óljósir götutroðningar, 1-3 talsins meðfram slóðanum á 5-7 m breiðu svæði. Leiðin var ekki rakin lengra á vettvangi en að Botnum. Á loftmynd sést slóðinn liggja áfram um Skörð en fjara út á móts við Nónklett. Frá hreppamörkum er slóðinn um 765 m að lengd. Leiðin hefur legið þaðan áfram til vesturs að Veiðilæk. Milli Veiðilækjar og Svartgils er nú malarslóði og liggur hann að hluta á sömu slóðum og gamla leiðin, u.b.b. Frá Hellisholti í

landi Svartgils að Einbúa skammt austan bæjar að Veiðilæk.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV

**MH-631:017** heimild um leið

382067 478127

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá leið 006 norðarlega í landi Glitstaða MH-059 til norðurs yfir Norðurá og áfram meðfram ánni. Leiðin liggur aftur yfir Norðurá vestan við Skarðshamra MH-057 og sameinast þar aftur leið 006. Gatan er merkt sem óviss að hluta.

Leiðin var athuguð á vettvangi í landi Glitstaða, undir Ströndinni við Tálskörð.

Undir bröttum hlíðum Strandarinnar eru eyrar við Norðurá, sendnar að hluta en annars grasi grónar.

Leiðin hefur legið um áreyrarnar og sjást ekki merki um götur á svæðinu. Miðað við herforingjaráðskortið hefur farvegur Norðurá breyst aðeins á þessum kafla og rennur áin nú litlu norðvestar en hún er merkt á kortinu.

**Haettumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV

## MH-641 Fornleifar á fl. en 1 jörð í Stafholtstungnahreppi.

**MH-641:005** heimild um leið

375793 464337



Ógreinileg gata á leið 005, horft til suðurs.

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1911-1914, liggur frá leið BO-661:015 norðvestan við Hólmavað á Grímsá í norðvestur að Hvítá, sveigir til vesturs meðfram ánni og yfir sýslumörk, fer yfir ána á ferju MH-072:011 norðvestur af Stafholtsey (MH-097) og liggur áfram til norðurs að Hamraendum (MH-072). Gatan er merkt sem óviss á köflum. Í landi Hamraenda MH-072 þar sem leiðin var skráð sumarið 2023 lá hún upp frá Hvítá upp til norðurs, vestan við Agnhóla og Slagborgina og heim að bæ þar sem hún tengdist götu MH-641:022.

Á þessu svæði er mikið grýtt og illa rofið flatlendi suðaustan Slagborgar og niður með Agnhólum til suðurs. Til norðausturs, austurs og suðausturs er víðáttumikil flatlend og grasgróin myri sem búið

er að kílræsa.

Mjög lítið sést eftir af götum á þessu svæði vegna rofs og kílræsingar. Örlítil merki um götur má hugsanlega greina meðfram norðausturenda Slagborgarinnar en þær hverfa í rofabarð mjög fljótlega og gætu þess vegna verið rask vegna framræslu. Ekkert sést til eiginlegra gatna fyrr en mun sunnar og neðar nær Hvítá, þar sem ekki hefur verið plægt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 NV; Herforingjaráðskort 35 SV

**MH-641:017** heimild um leið

377904 471281

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá Hamri MH-031 í Þverárhlíðarhreppi í suðvestur framhjá Arnbjargarlæk MH-032 og Höll MH-035 og yfir hreppamörk í Stafholtstungnahrepp. Þar liggur leiðin áfram að Norðurá og fer yfir ána á Hábrekknavaði í landi Einifells MH-095. Leiðin er að mestu merkt sem gata en er merkt sem vegur á stuttum kafla á mörkum Þverárhlíðarhrepps og Stafholtstungna, vestan við Höll MH-035. Ummerki um leiðina var leitað á vettvangi þar sem leiðin lá yfir eggjar í landi Einifells.

Eggjar eru afgerðandi klapparás, mjór og hár. Beggja vegna við hann er mýrarsund og liggur malarvegur þvert í gegnum mýrlendið.

Engin ummerki sáust um gamlar götur á leiðinni, þar sem hún lá yfir eggjar. Malarvegur liggur hins vegar á sömu eða svipuðum slóðum og eldri reiðleip. Má ætla að lagning hans hafi raskað eldri leið að miklu leyti.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV

**MH-641:018** gata leið

377337 467098

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá Spóamýri MH-033 til suðvesturs yfir mörk Þverárhlíðarhrepps og Stafholtstungnahrepps, framhjá Hjarðarholti MH-061, Stafholtsveggjum MH-096, Hofstöðum MH-073, Stafholti MH-075, Bjargarsteini MH-074, Svarfhóli MH-078, Melkoti MH-077 og að Flóðatanga MH-076.

“[Við Prestavað MH-061:016] breytir Landbrotið stefnu, og fellur nú í hásuður - áður lá það í suðvestur. Áður fyrr var þarna annexíuvegur Stafholtspresta, og lá gatan frá Prestavaði upp með Landbrotinu að sunnan, heim að Hjarðarholti,” segir í örnefnaskrá Hjarðarholts. “Merkin eru úr skarði í Lækjarholtunum,



Óljós gata á leið 018 í landi Hjarðarholts, horft til ANA.

rétt vestan við Brúnkuklett, og í stóran Stein á ás þeim, er gamli vegurinn lá að Stafholti. [...] Vestur af Kastalanum er mýrarsund, mikið foræði, sem heitir Kastalasund. Það liggur gegnum alla landareignina frá landnorðri til útsuðurs. Yfir þetta sund lá brú [MH-073:012] út á Langholt, en eftir því holti lá hreppsvegurinn, og Hofstaðaholtum áður fyrr,” segir í örnefnaskrá Hofstaða. Alls hefur leiðin verið um 14,2 km á lengd, þar af um 12,9 km í Stafholtstungnahreppi. Leiðin var skoðuð á vettvangi í landi Stafholtsveggja austan bæjar og til norðausturs yfir Hjarðarholtsbrot (Landbrot). Á því svæði sést leiðin vestast um 585 m ANA af bæ MH-096:001. Leiðin var einnig skoðuð við Ós í landi Hjarðarholts, um 410 m austan við Pverhlíðaveg nr. 522, en þar sáust engin ummerki um leiðina.

Hálfgróin klettaholts og melar eru austur og norðaustur af bæ á Stafholtsveggjum en umhverfis er mýrlendi. Sléttuð tún í rækt, afmörkuð skurðum eru sunnan holtanna og til austurs að Hjarðarholtsbroti. Lítill malarnáma er rétt norðan við austasta túnstykkið. Brekka er niður að læknum beggja vegna Hjarðarholtsbrots. Mýrlendi er austan við brotið. Þar sem leiðin var skoðuð í landi

Hjarðarholts lá hún eftir mel á milli sléttuð túns og Þverár.

Óljós gata liggur VSV-ANA yfir melholt í landi Stafholtsveggja um 50 m norðan við sléttuð tún og er hún rekjanleg á um 575 m löngum kafla. Hún fjarar þá út en sést aftur um 325 m norðvestar, 45 m norðan við malarnámu. Þar sést mun skýrari gata, um 40-60 cm á breidd og 30-50 cm á dýpt, að mestu ógróin í botn. Gatan er rekjanleg um 165 m til NNA en hún hverfur rúnum 100 m áður en komið er að Prestavaði MH-061:016 á Hjarðarholtsbroti. Um 200 m norðar, handan vaðsins sést leiðin aftur og er hún rekjanleg á loftmynd tæpa 1,6 km að túnum suðvestan bæjar í Hjarðarholti. Þar sem hluti leiðarinnar var skoðaður við Ós á Þverá í landi Hjarðarholts sjást engin ummerki um hana lengur en á svipuðum slóðum liggur nú malarvegur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV; Ö-Hjarðarholt, 2; Ö-Hofstaðir AG, 1-2

**MH-641:019** heimild um leið

377846 468623

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá leið 018 suðvestan við Hjarðarholt MH-061 til suðvesturs framhjá Laugarlandi MH-096:008 og aftur að leið 018 suðvestan við Stafholtsveggi MH-096. Leiðin var skráð á vettvangi í vestanverðum Nónflóa um 1 km VSV við Hjarðarholt MH-061:001.

Nónflói er víðáttumikill, flatlendur mýrarflói sem liggur NNA-SSV og meðfram honum að vestan verðu er grýtt, lágt klettaholts sem kallast Hjarðarholtsháls.

Á þessu svæði hefur leiðin legið af leið 018 til VNV norður fyrir Nónflóann, beygt til SSV og legið meðfram flóanum vestanverðum og um Hjarðarholtshálsinn yfir í Varmaland. Í landi



Óljósar götur á leið 019, horft til NNA

Hjarðarholts sést lítið til þessarar leiðar vestan Nónflóa vegna rofs og búið er að kílræsa flóann. Hægt er að greina óljósar götur sunnar í hlíðum hálsins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV

**MH-641:020** heimild um leið

377567 467249

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá leið 018 ASA af Stafholtsveggjum MH-096 skammt vestan við Hjarðarholtsbrot til suðurs meðfram brotinu og yfir það nærri þeim stað þar sem brotið fellur í Þverá. Leiðin liggur þá til austurs meðfram ánni og að Bakkakoti MH-062. Leiðin var athuguð á vettvangi á um 70 m kafla frá þeim stað þar sem hún lá frá leið 018.

Þar sem leiðin lá er malarnáma en umhverfis er mólendi skorið af myrrarsundum. Sléttuð tún í rækt eru sunnan við námuna.


EKKI fundust merki um leiðina á vettvangi og ekki sjást skýr merki um leiðina á loftmynd sunnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV

**MH-641:021** heimild um leið

376144 465157



*Malarslóði liggur meðfram Kastala í landi Hamraenda þar sem leið 021 lá áður, horft til austurs.*

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá Hamraendum MH-072 til austurs, yfir Þverá og að Efranesi MH-070. Hluti leiðarinnar var skráður í landi Hamraenda árið 2023 þar sem hún liggur meðfram norðanverðum Kastala og bakka Þverár.

Innan vesturhluta þess svæðis sem tekið var út árið 2023 lá leiðin fast norðan við Kastala, hálfgróið klettabelti. Norðan við það er framræskurskurður og ræktað tún. Á austurhluta svæðisins lá leiðin um svæði þar sem er smáþýft deiglendi og hálfgróin og lág holt.

Engin ummerki um leiðina sáust þar sem þeirra var leitað í landi Hamraenda árið 2023. Malarvegur liggur á á kafla á sama stað og eldri leið og hefur lagning hans að líkindum raskað ummerkjum um gömlu leiðina.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV

**MH-641:022** heimild um leið

376109 464701

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913, liggur frá Hamraendum MH-072 til suðausturs, yfir Þverá og að Neðra Nesi MH-071. Leiðin var athuguð á vettvangi í landi Hamraenda á svæði sem er um 370-670 m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi.

Á því svæði lá leiðin um þýfðan grasmóa. Rofabörð eru á stöku stað nær ánni en lágor hálfgrónir klettar vestar. Mýrlækur rennur til suðausturs að ánni og hefur leiðin líklega legið meðfram honum.

EKKI sáust merki um leiðina á vettvangi og sjást ekki heldur skýr merki um leiðina á loftmynd utan þess svæðis sem tekið var út.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 35 SV

**MH-641:023\_01** gata leið

373417 461674

“Norðan við Svartaflóa eru samfelld allmikil holt er mynda þar þríhyrning, er heita Garðholt (ft.).



Óljósar götur á leið 023\_01 í landi Svarfhóls, horft til NNV.

Vörðubrot voru á flestum holtunum og því kölluð Vörðuholt. Þrjú holt með vörðum, Þrívörður, hlaðnar til að vísa veginn frá Hvítárbakka [BO-172] að Svarfhóli [MH-078:001] og liggur því braut eftir Svartaflóa,” segir í örnefnaskrá Svarfhóls. Hægt er að greina óljósar götur á þessu svæði. Að minnsta kosti fimm vörður eru í röð eftir löngum berggangi sem liggur NNV-SSA og myndar austurhlíð Garðholta og marka þær leiðir 023 og 029. Nyrsta varðan 02 er um 1 km suðvestur af bæ 001. Mögulegt er að varða MH-078:038 tengist einnig leið 023.

Á þessu svæði eru flatlendar deigar mýrar og lítt gróin, jökulsorfin kletta- og malarholt. Berggangurinn er jökulsorfinn og lítt gróinn, 6-8 m á breidd og 2-4 m á hæð.

Óljósar götur liggja NNV-SSA í mýrinni milli

Leynimóaholts og Gildruholts MH-078:029 til suðurs meðfram berggangi í austanverðum Garðholtum. Við suðurenda gangsins beygir leiðin til austurs og liggur yfir svarta, flatlenda mýri í Svartaflóa og hefur hún trúlega legið yfir að Hvítárbakkavaði MH-097:016 á Hvítá. Götturnar eru ekki alltaf greinanlegar en almennt <0,4 m breiðar og <0,3 m djúpar og greina má hér og þar 1-5 samhliða götur á 0,5-5 m breiðu svæði. Einnig getur verið að þrædd hafi verið grjótholtin sem liggja norður fyrir Svartaflóa, áður en beygt var í austur í átt að Hvítárbakkavaði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Svarfhóll AG & JH, 3

#### MH-641:029 gata leið

373273 461408

Óljós leið liggur yfir Svartaflóa til SSA í átt að Hvítá um 75 m suðaustan við Garðholt og um 1,4 km suðaustan við bæinn að Svarfhóli MH-078:001. Leið þessi er ekki merkt inn á herforingjaráðskort frá byrjun 20. aldar.

Leiðin liggur um flatlenda, deiga mýri og nær líklega niður á vesturbakka Hvítár.

Hægt er að greina 1-3 óljósar götur hlið við hlið á 0,5-4,5 m breiðu svæði í mýrinni. Götturnar eru mjóar, <0,3 m á breidd og <0,3 m á dýpt. Líklega hafa þessar götur skilist frá leið MH-641:023 við Garðholt, NNV og ofan við mýrina, hugsanlega á leið yfir Hvítá að Þingnesi MH-171:001. Leiðinni var fylgt á um 360 m löngum kafla.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

#### MH-641:030 gata leið

374041 462256

Skyr ummerki um gamla leið eru í landi Stafholts, á vesturbakka Hvítár um 1,7 km ASA við bæinn að Svarfhóli MH-078:001 og um 1,7 km suðaustan við bæinn í Stafholti MH-075:001. Leið þessi er ekki merkt inn á herforingjaráðskort frá byrjun 20. aldar.

Leiðin liggur um lítt gróin klettaholt og grasigrónar deigar mýrar austan Stafholtsfjalls.

Leiðin liggur VNV-ASA yfir Stafholtsfjall, um grasigrónar mýrar og klettaholt yfir að Hvítárbakkavaði MH-097:016 á Hvítá. Mjög líklegt er að hér sé um að ræða leið frá Stafholti yfir að bæjunum Hvítárbakka og Stafholtsey. Hægt er að greina a.m.k. 2-10 samsíða götur á 2-10 m breiðu svæði. Götturnar eru 0,3-0,6 m breiðar og <0,5 m á dýpt. Auðveldara er að fylgja götunum í mýrunum en þar sem þær liggja yfir rofin kletta- og malarholt. Leiðinni var fylgt á um 320 m löngum kafla á þessu svæði.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## 5. Niðurstöður

Fornleifaskráning vegna viðbótarlínukosts Holtavörðuheiðarlínu 1, *Hallarmúlaleiðar*, var unnin í Borgarbyggð í Borgarfjarðarsýslu og Mýra- og Hnappadalssýslu og í þessum áfanga voru skráðar minjar á 15 lögbýlum en að auki voru skráðar fornleifar sem teljast tilheyra fleiri en einni jörð í fjórum hreppum (eins og þeir voru skilgreindir á 19. öld). Heildarlengd línkostsins er um 34 km og tekið var út 150 m breitt áhrifasvæði út frá miðlinu hans (samtals 300 m). Þeir hlutar áhrifasvæðis Hallarmúlaleiðar sem skarast við aðra línkosti höfðu þegar verið teknir út með tilliti til fornleifa. Víða munu liggja slóðar inn að línkostinum sem ná út fyrir 300 m beltið og í þeim tilvikum var tekið út 15 m breitt svæði út frá miðlinu þeirra (samtals 30 m). Ýmist er um nýja slóða að ræða eða eldri slóða sem þarf að styrkja. Samanlögð lengd slóðanna sem eru utan úttektarbelta fyrir línkosti er rúmir 6 km. Enn fremur var farið á 5 efnistökusvæði. Samanlögð stærð þeirra er 17,3 ha.

Hallarmúlaleið liggur yfir láglendi með stöku klapparholti suðvestast en eftir því sem lengra dregur til norðausturs hækkar landið þar sem landslag einkennist af háum holtum og ásum og eru sund og vötn eða tjarnir á milli þeirra.

Alls reyndust 119 fornleifar á 108 minjastöðum innan úttektarsvæðanna. Eftir að vettvangsvinnu lauk sumarið 2023 var vegarslóðum breytt á tveimur stöðum. Við þær breytingar færðust 25 af þeim fornleifum sem höfðu verið skráðar út fyrir áhrifasvæði Hallarmúlaleiðar. Upplýsingar um þær er að finna í fornleifaskránni (kafli 4) en að öðru leyti eru þær ekki teknar



Minjum á áhrifasvæði Hallarmúlaleiðar á Holtavörðuheiðarlínu 1 er hægt að skipta upp í nokkra lýsandi flokka til þess að draga fram helstu einkenni þeirra. Afgerandi flestar minjar falla í flokk samgönguminja (33) og þar á eftir eru minjar með ópekkt hlutverk (25).

með í umfjöllun um minjar sem eru á áhrifasvæðum línuks og annarra framkvæmdasvæða. Heildarfjöldi minja sem er til umfjöllunar í niðurstöðukafla skýrslunnar er því 94 á 86 stöðum.

Minjarnar á rannsóknarsvæðinu eru fjölbreyttar og hægt er að skipta þeim í nokkra flokka til þess að draga fram helstu einkenni þeirra. Um ákveðinn hluta minjanna gildir að ekkert er vitað með vissu um hvaða hlutverki þær gegndu og á það við um 25 af fornleifunum sem skráðar voru í tengslum við Hallarmúlaleið. Stærsti minjaflokkurinn er *samgönguminjar* (33 minjar) en til hans teljast allar leiðir, samgöngubætur og vöð. Þriðji stærsti minjaflokkurinn er *nytjastaðir* (14 fornleifar). Í hann falla minjar um mótekju, torfristu og kolagerð. Litlu minni er flokkurinn *minjar í úthögum* (12 fornleifar) en það er nokkuð fjölbreyttur flokkur. Í hann falla minjar sem eru í úthögum og tengjast oft nýtingu þeirra (sel, stekkir, beitarhús, heystæði, áveit, smalakofar o. fl.). Í úthögum eru margar aðrar minjar sem hafa ótengd hlutverk, líkt og landamerki og nytjastaðir sem ekki tengjast búfjárhaldi. *Landamerki* er sérstakur minjaflokkur (5 minjar) og eru það allt vörður. Minnstu minjaflokkarnir eru minjar um *þjóðtrú og sögustaði* (3 minjar), *minjar í heimatúni* (1 fornleif) og *bænhús og aftöku-/legstaðir* (1 fornleif). Þetta eru sérstæðar minjar sem ekki er auðvelt að setja í aðra flokka. Engar minjar eru í floknum *bústaðir og byli* og aðeins ein fornleif í heimatúni var skráð á Hallarmúlaleið en það er túngarður við heimatún Vatnshamra í Andakíl.

## 5.1 Hættumat

Gert var hættumat fyrir allar fornleifar sem skráðar voru. Við það mat var miðað við þá meginreglu að telja minjastaði í innan við 50 m fjarlægð frá áætlaðri staðsetningu línuksa í stórhættu (samtals 100 m breitt svæði) en minjar utan þess svæðis í hættu (á bilinu 51-150 m frá línuksi). Minjar sem eru innan áhrifasvæða vegarslóða (15 m frá miðlinu) eru allar skilgreindar í stórhættu. Minjar sem eru innan við 15 m utan við úttektarsvæði línuksa, námusvæða og vegarslóða teljast einnig í hættu því að friðhelgað svæði í kringum þær er að hluta innan áhrifasvæðisins. Nokkrar minjar töldust ekki í hættu vegna framkvæmdanna en í þeim tilvikum var það oftast vegna þess að öll ummerki um fornleifarnar voru þegar horfin.


Þegar hættumat fyrir skráðar fornleifar innan áhrifasvæða framkvæmda er skoðað má sjá að tæplega helmingur minjanna er í stórhættu, alls 41%. Rétt um helmingur minjanna er í hættu, alls 51%, og um 7% minja eru ekki talin í neinni hættu. Sjá má þessa skiptingu í skífuriti 1. Rétt er að hafa í huga að þrátt fyrir að minjar teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask sé óhjákvæmilegt, aðeins að fornleif sé hætta búin vegna framkvæmda þar sem hún er innan áhrifasvæðisins. Þá má minna á að hættumat einstaka minjastaða gæti breyst ef staðsetning mannvirkja breytist, líkt og mastra, tengivirkja og línukslóða. Samkvæmt ofangreindri skilgreiningu er 39 fornleifar í stórhættu, 48 í hættu og 7 í engri hættu.

## 5.2 Forsendur fyrir mati á gildi minja og tillögum að mótvægisáðgerðum.

Að beiðni verkkaupa verður hér á eftir lagt mat á gildi þeirra minjastaða sem skráðir voru innan hvers línuksa og einnig lagðar fram tillögur sérfræðinga Fornleifastofnunar um það

hvaða mótvægisaðgerða líklegt er að grípa þurfi til vegna sömu minja. Eitt af því sem hamrar því að leggja fullnægjandi mat á gildi minjastaða er sú staðreynd að enn hefur ekki farið fram fornleifaskráning nema á litlum hluta landsins. Því er ekki hægt að meta gildi tiltekins minjastaðar með góðum samanburði við sambærilega staði á landsvísu. Í raun er aldrei hægt að leggja afstætt eða endanlegt mat á gildi minjastaða enda er í slíku mati ætíð fólgíð gildismat sem mótað að einhverju leyi af tíðaranda og áhuga þeirra sem vinna slíkt mat. Það sem gæti talist merkur minjastaður á ákveðnu svæði hefur ekki endilega mikið gildi á landsvísu og minjar sem ekki töldust merkilegar fyrir hálfri öld síðan hafa í sumum tilfellum öðlast stóraukið vægi vegna þess hversu mikið hefur horfið af ákveðnum minjum og vegna aukinnar þekkingar og yfirsýnar um minjar. Í laganna skilningi eru allar minjar, 100 ára og eldri, friðaðar. Þeim má enginn breyta, hylja eða raska og hafa þær 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum fornleifar. Allar fornleifar hafa því eitthvert gildi enda eru þær vitnisburður um líf og starf þjóðar í landinu allt frá upphafi landnáms og fram á 20. öld. Um friðlýstar minjar gilda svo enn strangari lög og er friðhelgi þeirra t.a.m. 100 m frá ystu mörkum minja.

Minjastofnun Íslands hefur ekki gefið út leiðbeiningar um hvað skal hafa í huga þegar lagt er mat á vægi fornleifa eða á hvaða mati úrskurðir um mótvægisaðgerðir hvíla. Á Fornleifastofnun Íslands eru slíkir staðlar í þróun og byggir neðangreint álit á umræddum stöðlum. Við mat á gildi fornleifa er hér horft til ýmissa þáttu s.s. ástands og varðveislu, rannsóknarmöguleika og kynningargildis. Í umfjöllun um Hallarmúlaleið hér neðar er gerð tilraun til að leggja mat á minjagildi fornleifa sem skráðar voru innan áhrifasvæðis hennar, með áðurgreindum fyrirvörum. Minjagildi fornleifa var skipt í fjóra flokka:



*Skífurit 2. Minjagildi fornleifa fyrir Hallarmúlaleið á Holtavörðuheiðarlínu 1.*

- a) Mjög mikið minjagildi:** Friðlýstar fornleifar hafa stærra helgunarsvæði og verndunargildi í lögum en aðrir minjastaðir og teljast því að öllu jöfnu hafa mjög mikið gildi. Auk þeirra falla minjastaðir þar sem von er á miklum minjum eða minjum sem spanna mjög langa búsetusögu gjarnan í þennan flokk. Sem dæmi um slíka minjastaði má nefna bæjarhóla og heildstæðar býlisrústir. Í þennan flokk falla einnig minjar sem teljast hafa einstakt minjagildi vegna fágætis, eða út frá fagurfræðilegum eða faglegum forsendum.
- b) Mikið minjagildi:** Heillegar eða fremur heillegar minjar frá ýmsum skeiðum sem sem teljast hafa talsvert varðveislu- eða rannsóknargildi falla í þennan flokk. Í flokkinn falla einnig minjastaðir sem teljast hafa mjög gott kynningargildi og staðir sem geta haft mikið staðbundið minjagildi.
- c) Nokkurt minjagildi:** Í þennan flokk falla t.d. minjar sem eru raskaðar að hluta (en einhverra mannvistarleifa talið að vænta undir sverði) og einfaldir minjastaðir þar sem ekki er mikillar mannvistar að vænta. Dæmi um slíka staði eru vörður, mógrafir eða heystæði. Þeir teljast ekki hafa mikið rannsóknar- eða kynningargildi einir og sér.
- d) Lítíð minjagildi:** Í þennan flokk falla minjar sem eru taldar mikið raskaðar eða jafnvel alveg horfnar og/eða ungar minjar sem eru á mörkum þess að teljast til fornleifa og njóta því ekki friðunar samkvæmt lögum.

Minjastofnun Íslands mun úrskurða um hvort minjar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis um til hvaða mótvægisgerða þarf að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar séu í yfirvofandi hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í umfjölluninni hér að neðan er gerð tilraun til að setja fram hugmyndir um líklegar mótvægisgerðir sem gæti þurft að grípa til vegna fornleifanna. Um margar minjarnar gildir að líklega verður hægt að komast hjá raski á þeim með því að merkja þær vel á framkvæmdatíma. Fyrir flestar af þeim minjum sem teljast aðeins í „hættu“ vegna framkvæmdanna er merking líklegasta mótvægisgerðin í flestum tilvikum. Hægt er að grípa til ýmissa mótvægisgerða vegna þeirra fornleifa sem teljast í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og verða hér nefndar þær helstu sem líklegt er talið að gerð verði krafa um:

**Merking:** Í mörgum tilfellum kann að verða nauðsynlegt að merkja minjastaði innan áhrifasvæðis svo að þeir verði ekki skemmdir af vangá. Merkingin þarf að vera áberandi svo að minjarnar skemmist ekki við umferð vinnuvéla o.p.h.

**Vöktun:** Í sumum tilfellum kann að þurfa að vakta viðkvæm svæði á meðan á jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdunum á svæðum þar sem ekki eru greinilegar yfirborðsminjar en talið er líklegt að minjar kunni að leynast undir sverði. Slíkt vöktun væri þá að lágmarki á meðan svörður væri rofinn. Á slíkum svæðum má búast við því að fornleifar komi í ljós

sem tafið gætu framkvæmdir. Þessi leið er því aðeins valin þar sem alls ekki er hægt að hnika til línustæði og þar sem líkur á fornleifum eru ekki svo miklar (eða staðsetning þeirra ekki það vel þekkt) að það sé raunhæft að leggja út í rannsóknir fyrirfram.

**Forkönnun:** Rannsókn kann að þykja nauðsynleg þar sem fornleifar þurfa að víkja vegna framkvæmdanna. Fyrsta stig slíkra rannsókna er gjarnan s.k. forkönnun, þ.e. gerð könnunarskurða og/eða taka borkjarnasýna. Eins er í sumum tilfellum gerð krafa um kerfisbundna töku könnunarskurða (gjarnan 10%) á svæðum þar sem miklar líkur eru taldar á minjum neðan svarðar. Minjastofnun Íslands nýtir svo gjarnan niðurstöður forkönnunar til að ákvarða hvort frekari rannsókna er þörf. Góð dæmi um slík svæði eru heimatún og tún/svæði við gömul býli og sel.

**Fornleifaupgröftur:** Í þeim tilfellum sem ljóst er að minjastaður muni hverfa alveg og mikilvægar minjar eru taldar undir sverði er stundum gerð krafa um heildaruppröft þótt algengara sé að slík krafa sé ekki gerð fyrr en á grundvelli niðurstaðna forkönnunar.

Þar sem ljóst þykir að ekki verði hjá því komist að raska fornminjum, fer það mjög eftir ástandi og eðli fornleifanna hvort líklegt er talið að gerðar verði kröfur um umfangsmeiri mótvægisadgerðir og þá í hverju þær kunni að felast. Talið er ólíklegt að mótvægisadgerða verði krafist þar sem öll yfirborðsummerki um fornleif eru horfin og ekki er von til þess að mannvistarleifar finnist undir sverði. Getur það átt við um götur, vörður, mógrafir, kolagrafir (og aðra námustaði). Þar sem framkvæmdir koma til með að raska mannvirkjum á borð við tóftir og garðlög er líklegt að gerð verði krafa um að gera könnunarskurði í þau til þess að ákvarða aldur og eðli fornleifanna. Ríkari rannsóknarkrafa er almennt þar sem um bústaði er að ræða eða aðrar umfangsmiklar minjar en algengt er að fyrsta krafa á slíkum stöðum kveði einnig á um könnunarskurði sem þá ákvarða hvort frekari kröfur verði gerðar. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan svæða þar sem talið er líklegt að óþekktar minjar leynist undir sverði má búast við að lögð verði til vöktun fornleifafræðings á framkvæmdatíma eða jafnvel mælst til að gerðir séu könnunarskurðir á hluta svæðis (gjarnan 10%). Á það m.a. við um svæði eins og gömul heimatún eða svæði næst gömlum býlum og seljum.


Á grundvelli þeirra forsendna sem raktar eru hér að framan verður gerð grein fyrir mati á minjagildi minjastaða og tillögum að mótvægisadgerðum fyrir minjar innan hvers og eins línu kosts. Mat á gildi minjanna er byggt á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um einkenni og vægi umhverfisáhrifa.<sup>1</sup> Eins og áður segir voru skráðar 94 fornleifar á 86 minjastöðum innan áhrifasvæðis Hallarmúlaleiðar og má því gera ráð fyrir að framkvæmdin gæti mögulega haft einhver áhrif á þær allar, með einum eða öðrum hætti. Á mörgum stöðum gætu áhrifin hins vegar verið óbein og oft verður hægt að komast hjá beinu raski á þeim með merkingu og upplýsingagjöf (sjá nánar í töflum um hvern og einn línu kost). Hér er gert ráð fyrir að merking

<sup>1</sup> Skipulagstofnun 2005.

og skráning sé fullnægjandi mótvægisaðgerð þeirra minja sem eru fjær fyrirhugaðri staðsetningu línu kosta og mannvirkjum tengdum þeim en 50 m (og teljast vera í hættu) en allar minjar nær línu kostum teljast í stórhættu og er gert ráð fyrir að umfangsmeiri aðgerða kunni að vera krafist í þeim tilfellum. Mótvægisaðgerðir taka þó mið af eðli og minjagildi fornleifanna. Rétt er að minna á að hættumat og hugmyndir að mótvægisaðgerðum byggjast á fjarlægð minja frá miðlinu. Ef þungamiðja framkvæmdanna yrði færð þyrfti að endurskoða hættumat minjastaða. Þegar endanleg hönnun mannvirkja liggur fyrir á þeim línu kostum sem verða valdir er það Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um áhrif framkvæmda á fornleifar og mögulegar mótvægisaðgerðir.

### 5.3 Hallarmúlaleið – Andakíll-Grjótháls





**Yfirlitskort**  
Hallarmúlaleið

0      2,5      5      7,5      10 km



Kortagrunnur:  
LMI\_Landslag  
Hnitakerfi ISN93



*Yfirlitskort sem sýnir Hallarmúlaleið á Holtavörðuheiðarlínu 1.*

Línukosturinn Hallarmúlaleið liggur frá tengivirki í landi Vatnshamra í Andakíl, yfir Hvítá í Stafholtstungur og Þverárhlíð og áfram upp á Grjótháls. Eins og fram hefur komið eru 94 fornleifar á áhrifasvæði línukostsins og hafa langflestar minjar nokkurt gildi eða 74. Minjar með lítið minjagildi eru 12 talsins. Mikið minjagildi hafa sjö fornleifar og mjög mikið minjagildi hefur aðeins ein fornleif. Það er sel BO-159:009 í landi Heggstaða. Ummerki um selið fundust ekki á vettvangi en líklegt er talið að minjar um það leynist undir sverði og gróf staðsetning þess er þekkt. Það er talið í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Engin hætta er talin steðja að sjö minjum, 48 minjar eru í hættu og 39 eru í stórhættu.

Þrjár minjar sem hafa mikið gildi eru í stórhættu og er líklegt að farið verði fram á að þær verði


<b>Minjagildi</b>	<b>Hallarmúlaleið</b>
lítið	12
nokkurt	74
mikið	7
mjög mikið	1
<b>Alls</b>	<b>94</b>

<b>Hættumat</b>	<b>Hallarmúlaleið</b>
engin hætta	7
hætta	48
stórhætta	39
<b>Alls</b>	<b>94</b>

Tafla 1. Minjagildi og hættumat fyrir fornminjar innan áhrifasvæðis Hallarmúlaleiðar á Holtavörðuheiðarlínu 1.


rannsakaðar að hluta eða öllu leyti ef til framkvæmda kemur. Þetta er stekkur MH-035:023 í landi Hallar, beitarhús MH-059:021 í landi Glitstaða og tóft MH-078:039 með óþekkt hlutverk í landi Svarfhóls. Í landi Þingness er áveitugarður með nokkurt gildi í stórhættu og er sennilegt að ef línukosturinn verður fyrir valinu muni Minjastofnun Íslands fara fram á að gerður verði könnunarskurður í hann til þess að ákvarða aldur og gerð. Fyrir aðrar minjar á þessari leið er talið líklegt að skráning verði talin fullnægjandi mótvægisáðgerð auk merkinga í sumum tilvikum. Vert er að nefna að í landi Þingness er fyrirhugað að vegarslóði verði byggður upp þar sem malarvegur liggar á bakka Grímsá, neðan (sunnan) við Húsatún þar sem nýbýlið Árbakki byggðist upp. Heimildir eru um að fjárhús hafi verið í því túni en nákvæm staðsetning þeirra er ekki þekkt og engar minjar sáust innan áhrifasvæðis vegarslóðans, hvorki innan túnsins né utan. Líklegt er talið að fjárhúsin hafi verið norðar í túninu, mögulega þar sem yngri útihús eru, og voru þau því ekki skráð á vettvangi í tengslum við Hallarmúlaleið.

### Minjagildi fornleifa - Hallarmúlaleið



Skífurit 1. Minjagildi fornleifa fyrir Hallarmúlaleið á Holtavörðuheiðarlínu 1.

### Hættumat fornleifa - Hallarmúlaleið



Skífurit 2. Hættumat fornleifa fyrir Hallarmúlaleið á Holtavörðuheiðarlínu 1.

*Tafla sem sýnir allar formleifar innan línu kosts A*

Samtala	Tegund	Hlutverk	Ástand	Haettumat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvægisáðgerðir	Skráning
BO-159:009	örnefni	sel	ekki sést til formleifar	hætta	mjög mikil	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-160:006	sögunaður	vígi	sést til	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-160:007	náttúrumín	huldufólkss bústaður	sést til	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-160:008	náttúrumín	huldufólkss bústaður	sést til	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-160:014	varða	samgöngubót	hléðslur signar	stórhætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-160:015	garðlag	túngeðarur	hléðslur stan-da grónar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-160:017	varða	ópekkt	hléðslur standa	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-160:018	náma	mógrafrir	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-160:019	gata	leið	sést til	hætta	litið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-160:020	náma	mógrafrir	sést til	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-169:017	hléðsla	refagildra	hléðslur standa	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-169:037_01	náma	mógrafrir	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-169:037_02	náma	mógrafrir	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-169:038	náma	mógrafrir	sést til	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð

Samntala	Tegund	Hlutverk	Ástand	Haettummat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvægisáðgerðir	Skýring
BO-171:002	varda	óþekkt	hléðslur úfflattar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-171:003	varda	óþekkt	hléðslur úfflattar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-171:020	gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-171:021	náma	mógrafrir	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-171:026	varda	óþekkt	hléðslur standa	hætta	litið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-171:027	náma	mógrafrir	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-171:054	gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-171:056_01	garðlag	áveita	hléðslur standa grónar	stórhætta	nokkurt	15 m	könnunarskurður	til að ákvæða aldur, umfang og eðli minja
BO-171:056_02	garðlag	áveita	hléðslur standa grónar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-171:057_01	púst	óþekkt	sést til	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-171:057_02	hléðsla	óþekkt	hléðslur úfflattar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-661:004	heimild	leið	ekki sést til formleifar	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-661:007	heimild	leið	ekki sést til formleifar	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-661:008	gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
BO-661:012_01	gata	leið	ekki sést til formleifar	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð

Samntala	Tegund	Hlutverk	Ástand	Haettummat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvregisaðgerðir	Skýring
MH-030:017	þjóðsaga	legstaður	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-030:030	tóft	óþekkt	hleðslur signar	hætta	mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-030:031	örnefni	kolagröf	ekki sést til fornleifar	hætta	litið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-035:012	örnefni	óþekkt	ekki sést til fornleifar	engin hætta	litið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-035:013_01	varða	eyktamark	hleðslur standa	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-035:013_02	varða	eyktamark	hleðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-035:014	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-035:019	náma	mógrafrir	sést til	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-035:020	frásögn	mógrafrir	ekki sést til fornleifar	stórhætta	litið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-035:021	gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-035:023	tóft	stekkur	hleðslur signar	stórhætta	mikið	15 m	könnunarskurður/ramnsókn	til að akvarða aldur, umfang og eðli minja
MH-035:024_01	varða	óþekkt	hleðslur signar	stórhætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-035:024_02	varða	óþekkt	hleðslur úfflattar	stórhætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-056:013	vegur	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-056:014	varða	samgöngubót	hleðslur standa	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir

Samntala	Tegund	Hlutverk	Ástand	Haettummat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvregisaðgerðir	Skýring
MH-056:042	varda	landamerki	ekki sést til fornleifar	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-056:054	varda	samgöngubót	hleðslur signar	hætta	litið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-057:010	heimild	smalakofi	ekki sést til fornleifar	engin hætta	litið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-057:026	heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar	engin hætta	litið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-057:033	varda	óþekkt	hleðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-057:034	varda	óþekkt	hleðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-059:012	örnefni	kolagröf	ekki sést til fornleifar	hætta	litið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-059:021	tóft	beitarhús	hleðslur signar	stórhætta	mikið	15 m	könnunarskurður/ramnsókn	til að ákvæða aldur, umfang og eðli minja
MH-059:022	varda	óþekkt	hleðslur signar	stórhætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-059:023	varda	óþekkt	hleðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-059:024	varda	óþekkt	hleðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-059:025	tóft	óþekkt	hleðslur útfattar	hætta	mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-059:026	varda	landamerki	hleðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-060:017	örnefni	kolagröf	ekki sést til fornleifar	hætta	litið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-060:022	tóft	heystæði	hleðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir

Samntala	Tegund	Hlutverk	Ástand	Haettummat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvægisáðgerðir	Skýring
MH-060:023	varda	óþekkt	hléðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-061:016	heimild	vað	sést til	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-061:017	varda	óþekkt	hléðslur útfattar	stórhætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-061:025	tóft	beitarhús	hléðslur signar	hætta	mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-072:008	tóft	stekkur	hléðslur signar	hætta	mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-072:018_01	náma	mógrafrir	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-072:018_02	náma	mógrafrir	sést til	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-073:020	heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar	engin hætta	litið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-073:021	heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar	engin hætta	litið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-073:028_01	varda	óþekkt	hléðslur signar	stórhætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-073:028_02	varda	óþekkt	hléðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-075:023	varda	óþekkt	hléðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-075:024_01	varda	óþekkt	hléðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-075:024_02	þúst	óþekkt	sést til	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-078:038	varda	óþekkt	hléðslur signar	stórhætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir

Samntala	Tegund	Hlutverk	Ástand	Haettummat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvægisáðgerðir	Skýring
MH-078:039	tóft	óþekkt	hléðslur signar	stórhætta	mikið	15 m	könnumunarskurður/ rannsókn	til að ákvarda aldur, umfang og eðli minja
MH-621:015	gata	leið	sést til	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-621:016	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-621:017	gata	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-621:018	gata	leið	sést til	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-631:004	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-631:006	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	engin hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-631:009	gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-631:011	gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-631:017	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	engin hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-641:005	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-641:017	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-641:018	gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-641:019	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-641:020	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð

Sanntala	Tegund	Hlutverk	Ástand	Haettummat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvægisáðgerðir	Skýring
MH-641:021	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhættá	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-641:022	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhættá	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-641:023_01	gata	leið	sést til	stórhættá	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-641:029	gata	leið	sést til	stórhættá	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
MH-641:030	gata	leið	sést til	stórhættá	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð


## 5.4 Samanburður á Hallarmúlaleið og valkostum B og C

Hallarmúlaleið samsvarar tveimur hlutum Holtavörðuheiðarlínu 1 sem teknir voru út með tilliti til fornminja haustið 2022 og fjallað er um í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands frá 2023.<sup>1</sup> Eru það Valkostir B og C sem eru samanlagt um 34 km langir eins og Hallarmúlaleið. Valkostir B og C liggja um láglendara svæði og innan áhrifasvæða þeirra eru fleiri minjar (108 í stað 94). Innan áhrifasvæða valkosta B og C eru einnig fleiri minjar sem hafa hærra minjagildi og eru það þessir tveir þættir valda því að Hallarmúlaleið telst betri kostur en valkostir B og C með tilliti til fornminja. Á Hallarmúlaleið eru átta minjar með mjög mikið eða mikið gildi, eða 9% allra skráðra minja. Á valkostum B og C er samanlagður fjöldi minja með mjög mikið eða mikið gildi 21 eða 19% allra skráðra minja.

Minjagildi	Hallarmúlaleið	Valkostir B og C
lítíð	12	8
nokkurt	74	79
mikið	7	8
mjög mikið	1	13
Alls	<b>94</b>	<b>108</b>

Hættumat	Hallarmúlaleið	Valkostir B og C
engin hætta	7	4
hætta	48	52
stórhætta	39	52
Alls	<b>94</b>	<b>108</b>

Tafla 2. Samanburður á minjagildi og hættumati fyrir fornminjar innan áhrifasvæðis Hallarmúlaleiðar annars vegar og áhrifasvæðis sambærilega valkosta B og C hins vegar.



Súlurit 2. Samanburður á hættumati fornleifa sem hafa mjög mikið minjagildi og mikið minjagildi innan áhrifasvæða Hallarmúlaleiðar og valkosta B og C.

1 Kristborg Þórssdóttir (ritstj.) FS904-21191.

## 5.5 Námur

Farið var á fimm efnistökusvæði til þess að kanna hvort að fornleifar væru innan þeirra eða í næsta nágrenni og þær þannig í fyrirsjáanlegri hættu vegna efnistöku. Námurnar eru allar í Mýra- og Hnappadalssýslu, á fimm jörðum. Einhver námugröstur hefur átt sér stað á flestum stöðunum. Engar fornleifar reyndust innan þriggja náma (0, 3 & 4) en heimild eru um þrjár leiðir innan tveggja náma (1 & 2). Engin ummerki um leiðirnar sáust á vettvangi. Leiðirnar hafa allar nokkurt gildi en skráning þeirra er að líkindum talin fullnægjandi mótvægisáðgerð. Nánari upplýsingar um námurnar og minjar sem innan þeirra er að finna eru í töflu hér fyrir neðan.



Náma 1 í landi Glitstaða, horft til norðurs.



Náma 4 í landi Svarfshóls, horft til suðurs.

*Tafla með upplýsingar um námur sem koma til greina fyrir Holtavörðuheiðarlínu 1 í nánumda við Hallarmúlaleið auk upplýsinga um formminjar sem skráðar voru innan þeirra eða í næsta nágrenni við þær.*

Númer	Heiti	Lögbýli	Sýsla	Fornleifar	Lýsing	Efnistaka áður
0	Pokatjarnar-hæðir	Skarðshamrar	Mýra- og Hnappa-dalssýsla		Fyrirhuguð náma er rétt vestan við Lítla-Hróðnyjartn, ofarlega á Grjóthálsi. Innan námustæðis er lítt gróð klettabelti sem er einkum vaxið mosa. Deiglegt er umhverfis það.	nei
1	Glitstaðir	Glitstaðir	Mýra- og Hnappa-dalssýsla	MH-631:006; MH-631:017	Fyrirhuguð náma er á áreyrum við Norðurá. Eyrarnar eru sendnar að hluta en annars grasi grónar. Efnistaka er þegar á líttum hluta svæðisins.	já
2	Hjarðarholts-mellar	Hjarðarholt	Mýra- og Hnappa-dalssýsla	MH-641:018	Fyrirhuguð náma er milli bakka þverar og sléttá túns. Á þessum stað er hálfgróð melholt og liggur slóði þvert í gegnum svæðið. Efnistaka er þegar á hluta svæðisins	Já
3	Stafholtsmellar	Stafholt	Mýra- og Hnappa-dalssýsla		Fyrirhuguð náma er á grónu, gömlu efnistökusvæði fast undir (og vestan) Stafholtsfjalli. Gamall slóði liggur að fyrirhugnó efnistökusvæði en þar er nú gróskumikill gróður nema austast, þar sem námustæðið nær upp í brekkur Stafholtsfjalls.	Já
4	Svarfhlóll	Svarfhlóll	Mýra- og Hnappa-dalssýsla		Fyrirhuguð náma er á hálfgrónu melholti vestan undir Stafholtsfjali. Lágir klettar eru á stöku stað. Slóði liggur að svæðinu og er nú þegar efnistaka á hluta pess.	Já

## **6. Samantekt**

Hallarmúlaleið er valkostur sem er til skoðunar vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 og samsvarar hlutum B og C sem áður höfðu verið teknir út með tilliti til fornminja. Áætluð lega Hallarmúlaleiðar er um gróíð landbúnaðarsvæði en einnig að nokkru leyti um hálandari svæði þar sem minna er um gróður. Innan áhrifasvæðis Hallarmúlaleiðar er stærsti minjaflokkurinn samgönguminjar en þar á eftir koma minjar sem ekki hafa þekkt hlutverk. Eins og víðast annarsstaðar á landinu eru minjarnar í misjöfnu ástandi og um samgönguminjarnar gildir að í mörgum tilvikum sjást engin ummerki á yfirborði innan úttektarsvæðisins. Innan áhrifasvæðis Hallarmúlaleiðar eru aðeins eitt dæmi um fornleif sem er í heimatúni og engar minjar sem tilheyra stærri minjaheildum. Aðeins eru minjar á einum stað sem hafa mjög mikið gildi og sjö minjar sem hafa mikið gildi. Samanburður Hallarmúlaleiðar við hluta B og C á Holtavörðuheiðarlínu 1 leiðir í ljós að Hallarmúlaleið er betri kostur út frá áhrifum framkvæmdarinnar á fornminjar.

Heildarmat fornleifaúttektar vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 er enn óbreytt frá þeirri niðurstöðu sem komist var að í fyrri skýrslu: Að gefnu umfangi framkvæmdarinnar, fjölða fornleifa, minjagildi þeirra og hættumati er það niðurstaða fornleifaúttektar vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 að verði þeir valkostir sem minnst hafa áhrif á minjar fyrir valinu megi segja að framkvæmdin muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á fornleifar. Mannvirki af þeirri stærðargráðu sem Holtavörðuheiðarlína 1 er mun þó óneitanlega hafa nokkuð neikvæð áhrif á menningarlandslag á því svæði sem hún liggar um.



## 7. Heimildaskrá

### Útgefnar heimildir

**ÁFÍ 2004:** Freysteinn Sigurðsson. 2004. *Borgarfjarðarhérað milli Mýra og Hafnarfjalla.*

Árbók Ferðafélags Íslands. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

**ÁHÍF 1886:** Sigurður Vigfússon. 1886. ‘Rannsókn í Borgarfirði 1884 (framhald).’ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1886:* 1-51.

**ÁHÍF 1904:** Brynjúlfur Jónsson. 1904. ‘Rannsókn í Þverárþingi sumarið 1903.’ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1904:* 1-17.

**ÁHÍF 1939:** Þorsteinn Þorsteinsson. 1939. ‘Þórunnarholt – Brennistaðir.’ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1937-1939:* 87-91.

**BB II:** *Byggðir Borgarfjarðar.* II. bindi. 1989. Borgarnesi: Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

**BB III:** *Byggðir Borgarfjarðar.* III. bindi. 1993. Borgarnesi: Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn.* 1857-1972. I.-XV. bindi.

Kaupmannahöfn/ Reykjavík:

**GÓI 1996:** Guðmundur Ólafsson. 1996. *Friðlýstar fornleifar í Borgarfjarðarsýslu.* Rit Hins íslenzka fornleifafélags og Þjóðminjasafns Íslands 2. Reykjavík: Hið íslenzka fornleifafélag og Þjóðminjasafn Íslands.

**ÍF I:** *Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnámabók.* 1968. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

**ÍF III:** *Íslensk fornrit III. Borgfirðinga sögur.* 1938. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

**ÍF XVII:** *Íslensk fornrit XVII. Biskupasögur III.* 1998. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

**ÍF XX-XXII:** *Íslensk fornrit XX-XXII. Sturlunga saga I-III.* 2021. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

**JÁM VII:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla.* 1925 & 1927. VII. bindi. Kaupmannahöfn: S. L. Möller.

**JJ:** J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn: S. Trier.

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2023. *Holtavörðuheiðarlína I: Fornleifaskráning vegna úttektar á línu kostum.* FS904-21191. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

**OILR:** Björn Lárusson. *The old Icelandic land registers.* W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur 1967

**Skrá um friðlýstar fornminjar:** Águst Ólafur Georgsson. 1990. *Skrá um friðlýstar fornleifar.* Reykjavík: Fornleifanefnd.

Skipulagsstofnun. 2005. *Mat á umhverfisáhrifum. Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.* Reykjavík: Skipulagsstofnun. Sótt af vef

Skipulagsstofnunar: [https://www.skipulag.is/media/umhverfismat/leidbeiningar\\_um\\_flokkun\\_umhverfisthatta\\_vidmid\\_einkenni\\_og\\_vaegi\\_umhverfisahrifa.pdf](https://www.skipulag.is/media/umhverfismat/leidbeiningar_um_flokkun_umhverfisthatta_vidmid_einkenni_og_vaegi_umhverfisahrifa.pdf)

**SSMB:** *Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: sýslu- og sóknalýsingar.* 2005. Reykjavík: Sögufélag & Örnfnastofnun Íslands.

**Sturl:** *Sturlunga saga I-II.* 1988. Örnólfur Thorsson (ritstj.). Reykjavík: Svart á hvítu.

## Óutgefnar heimildir

**Herforingjaráðskort:** Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915, gefin út af Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn. Sótt af <http://islandskort.is/is/category/list/29>.

Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I. 1922-1923. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur II. 1923-1993. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands. Sótt í október 2023: <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>

**Túnakort:** Túnakort Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. 1917-1920. Reykjavík: Þjóðskjalsafn Íslands.

**Ö-Hamraendar:** Örnfnaskrá Hamraenda. Reykjavík: Örnfnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Arnbjargarlækur, ID:** Örnfnaskrá Arnbjargarlækjar. Ingibjörg Davíðsdóttir skráði. Reykjavík: Örnfnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Arnbjargarlækur:** Örnfnaskrá Arnbjargarlækjar. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnfnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hafþórsstaðir svör:** Örnfnaskrá Hafþórsstaða, svör við spurningum. 1983. Guðmundur Skúlason skráði. Reykjavík: Örnfnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hafþórsstaðir:** Örnfnaskrá Hafþórsstaða. Svavar Sigmundsson skráði. Reykjavík: Örnfnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Heggsstaðir:** Örnfnaskrá Heggsstaða. 1968. Reykjavík: Örnfnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hjarðarholt:** Örnfnaskrá Hjarðarholts. Þorsteinn Jónsson skráði. Reykjavík: Örnfnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hofstaðir AG:** Örnfnaskrá Hofstaða. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnfnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hvítárvellir:** Örnfnaskrá Hvítárvalla. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnfnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Höfði:** Örnefnaskrá Höfða. Bergþór Magnússon skráði upp úr handriti Ara Gíslasonar.

Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Höll:** Örnefnaskrá Hallar. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Örnefnasjá LMÍ:** <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>

**Ö-Skarðshamrar:** Örnefnaskrá Skarðshamra. Árni Einarsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Svarfhóll AG & JH:** Örnefnaskrá Svarfhóls. Ari Gíslason og fleiri skráðu. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


**Ö-Svartagil:** Örnefnaskrá Svartagils. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


**Ö-Vatnshamrar:** Örnefnaskrá Vatnshamra. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Pingnes, aths. og viðb.:** Örnefnaskrá Þingness, athugasemdir og viðbætur. Sigríður Jóhannsdóttir skráði eftir Birni Sveinbjörnssyni. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Pingnes:** Örnefnaskrá Þingness. Björn Sveinbjörnsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

## Viðauki I - Minjakort






**Minjakort 2**  
Hallarmúlaleið


0 50 100 150 200 m

- Fornleifar — Hallarmúlaleið - öll mannvirkni
- - - Leið — Námur
- bæjarhóll — Úttektarsvæði



Kortagrunnur:  
LMI\_Landslag og  
Loftmyndir ehf.  
Hnitakerfi ISN93





**Minjakort 3**  
Hallarmúlaleið


0 250 500 750 1.000 m

- Fornleifar
- 
- Leið
- Hallarmúlaleið - öll mannvirki
- Námur
- Úttektarsvæði



Kortagrunnur:  
LMI\_Landslag og  
Loftmyndir ehf.  
Hnitakerfi ISN93





**Minjakort 4**  
Hallarmúlaleið


0 250 500 750 1.000 m

- Fornleifar
- - - Leið
- Hallarmúlaleið - öll mannvirki
- Námur
- Úttektarsvæði



Kortagrunnur:  
LMI\_Landslag og  
Loftmyndir ehf.  
Hnitakerfi ISN93






**Minjakort 5**  
Hallarmúlaleið


0 250 500 750 1.000 m

- Fornleifar
- 
- Hallarmúlaleið - öll mannvirki
- Námur
- Úttektarsvæði
- Leið



Kortagrunnur:  
LMI\_Landslag og  
Loftmyndir ehf.  
Hnitakerfi ISN93





**Minjakort 6**  
Hallarmúlaleið


0 250 500 750 1.000 m

- Fornleifar
- Leið
- Hallarmúlaleið - öll mannvirki
- Námur
- Úttektarsvæði



Kortagrunnur:  
LMI\_Landslag og  
Loftmyndir ehf.  
Hnitakerfi ISN93





**Minjakort 7**  
Hallarmúlaleið

0 250 500 750 1.000 m

- Fornleifar
  - Leið
  - Hallarmúlaleið - öll mannvirki
- Námur
  - Úttektarsvæði



Kortagrunnur:  
LMI\_Landslag og  
Loftmyndir ehf.  
Hnitakerfi ISN93





## Námukort 1 - náma 2 Hallarmúlaleið


- Fornleifar
- Námur

0 100 200 300 400 m



Kortagrunnur:  
LMI\_Landslag og  
Loftmyndir ehf.  
Hnitakerfi ISN93





## Námukort 2 - náma 1 Hallarmúlaleið

- Fornleifar
- Námur

0 100 200 300 400 m



Kortagrunnur:  
LMI\_Landslag og  
Loftmyndir ehf.  
Hnitakerfi ISN93



